

Veruleikans kalda ró

ÖLD ER LIÐIN FRÁ FÆÐINGU STEINS STEINARRS. VELT ER UPP SPURNINGUNNI UM HVER SÉ NÚ STAÐA ÞESSA SKÁLDJÖFURS Í VITUND ÞJÓÐARINNAR.

SJÁ MENNINGU

EVRÓPUÆVINTÝRI VALS Á ENDA

Kvennalið Vals á ekki lengur möguleika á að komast í átta liða úrslit Evrópukeppninnar eftir 2-3 tap á móti ítölsku meisturunum í Bardolino.

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. október 2008 — 279. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

Staðan í Bretlandi orðin súrrealísk

Forstjóri Baugs segir erfiða stöðu komna upp í bresku viðskiptalífi. Stjórnarformaður félagsins segir útlit fyrir lífróður íslenskra fyrirtækja ytra. Hann segir breska auðkýfinginn Sir Philip Green hafa áhuga á eignum fyrirtækisins.

VIÐSKIPTI Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs, segir stöðuna sem upp er komin í Bretlandi eftir gjaldþrot íslensku bankanna vera súrrealíska. „Aðstæðurnar sem hafa skapast fyrir Baug og fyrirtæki félagsins eru mjög sérstakar. En þetta er eitthvað sem við erum að reyna að vinna úr," segir Gunnar.

Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs, tekur í sama streng. „Það er hart sótt að okkur í Bretlandi og það virðist ekki ætla að verða létt verk fyrir íslensk fyrirtæki að lifa þetta af," segir Jón Ásgeir.

Sir Philip Green, einn umsvifamesti kaupsýslumaður Bretlandseyja, hefur verið orðaður við hugsanleg kaup á starfsemi Baugs í Bretlandi.

„Green er ekki búinn að kaupa félagið, það er alveg ljóst. En vissulega hefur hann áhuga á einhverjum þessara eigna. Þetta eru góðar eignir," segir Jón Ásgeir.

Breska viðskiptablaðið Financial Times greinir frá því að Sir Philip, sem er eigandi verslana á borð við BHS og Topshop, hafi í hyggju að leggja allt að tvo milljarða punda, jafnvirði um 77 milljarða króna, inn í Baug. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær funduðu Baugsmenn með Green og Björgvin G. Sigurðssyni viðskiptaráðherra á föstudag.

Í frétt sinni hefur Financial Times eftir Green að viðræðurnar hafi snúist um kaup hans á öllum skuldum Baugs í hinum gjaldþrota íslensku bönkum. „Allar eigurnar hafa verið frystar. En ég vil ekki að þessi fyrirtæki fari á hausinn og það vilja Jón og Gunnar ekki heldur," hefur blaðið eftir Green. Enn fremur segir í frétt blaðsins að forsvarsmenn Baugs hafi tjáð Green að ekki væru allar eigur fyrirtækisins til sölu. Takist samningar um yfirtöku skuldanna verði Green í sterkri stöðu til að semja um frekari eignarhlut í fyrirtækinu, að mati blaðsins.

Hvorki Jón Ásgeir né Gunnar vilja tjá sig nánar um hugsanlega aðkomu Greens að fyrirtækinu. - kg

ICESAVE Í HOLLANDI Stuðningsmenn hollenska landsliðsins í knattspyrnu vísuðu til hremminga á íslenskum bankamarkaði þegar landslið Íslands og Hollands mættust í undankeppni HM í gær. Hollendingar fögnuðu sigri í leiknum og gátu líka fagnað því að samkomulag náðist um ábyrgðir á greiðslum til eigenda Icesave-reikninga Landsbankans í Hollandi. NORDIC PHOTOS/AFP

Fjármálaeftirlitið hefur stofnað nýtt félag fyrir Glitni og ráðið nýjan bankastjóra:

Stjórn skipuð fyrir Nýja Glitni

VIÐSKIPTI Nýtt félag sem tekur við rekstri Glitnis var stofnað á föstudag. Það hefur ekki enn tekið formlega til starfa en búast má við að það verði fljótlega.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður Birna Einarsdóttir bankastjóri Nýja Glitnis eins og bankinn mun heita. Birna er framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Glitnis.

Formaður stjórnar Nýja Glitnis er Jón Þór Sturluson aðstoðarmaður Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra. Aðrir í stjórn bankans eru Þóra Hjaltested, Guðjón Ægir Sigurjónsson, Maríanna Jónsdóttir og Sigmundur Sigurgeirsson.

Eins og áður segir hefur ekki verið gengið formlega frá því að nýja félagið taki yfir þann hluta Glitnis sem ætlunin er að verði áfram í rekstri. Skilanefnd á vegum fjármálaeftirlitsins er því enn að störfum við Glitni. Hið sama gildir um skilanefnd fyrir Kaupþing. Að sögn Írisar Bjarkar Hreinsdóttur, talsmanns Fjármálaeftirlitsins, hefur sambærilegt nýtt félag ekki verið stofnað fyrir Kaupþing.

Fastlega er búist við að mörg hundruð starfsmenn hjá Glitni missi vinnuna. Sama mun gilda um Kaupþing. Svava Halldóra Friðgeirsdóttir, formaður Starfsmannafélags Kaupþings, sagði að tölvuskeyti hefði borist starfsmönnum þar sem skilanefnd bankans þakkar þeim fyrir metnað í starfi á undanförnum dögum.

Anna Karen Hauksdóttir, formaður Starfsmannafélags Glitnis, segist ekkert hafa heyrt af fyrirætlunum Fjármálaeftirlitsins með bankann. „Þessi óvissa er vond fyrir alla." segir Anna Karen.

- gar

BLEIKT RÁÐHÚS Ráðhús Reykjavíkur var lýst bleikum litum í gærkvöldi í tilefni af sölu á bleiku slaufunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ráðhúsið í bleikum litum:

Íslendingum vottað þakklæti

HEILBRIGÐISMÁL Ráðhús Reykjavíkur var lýst bleikt í gærkvöldi í tilefni af sölu Krabbameinsfélagsins á bleiku slaufunni, sem er tákn baráttunnar gegn brjóstakrabbameini. „Lýsingin var hönnuð í sjálfboðavinnu af nemendum Tækniskólans. Þetta var mjög metnaðarfullt verkefni og tókst afar vel," segir Guðrún Agnarsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélagsins. „Með þessu viljum við votta Íslendingum þakklæti fyrir að hafa tekið svona vel undir átak okkar. Okkur langaði líka að lýsa upp skammdegið, vekja von og hvetja landsmenn til samstöðu á þessum erfiðu tímum."

Salan á slaufunum, sem eru fjörutíu þúsund, hefur gengið afar vel og eru þær nánast uppseldar. - fb

Undankeppni HM í fótbolta:

Tap í Hollandi

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið tapaði 0-2 fyrir Hollandi í undankeppni HM í Rotterdam í gær. Hollenska liðið komst yfir strax á 14. mínútu en náði aðeins að bæta einu marki við á meðan íslenska liðið náði að skapa sér nokkur ágæt færi.

„Það er náttúrulega alltaf svekkjandi að tapa en það er líka spurning hvernig menn tapa. Það verður að taka það líka með í reikninginn. Við vorum að spila við eina af sterkari þjóðum heims og við getum alveg borið höfuðið hátt eftir leikinn," sagði Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari eftir leikinn. - óój, -óþ, Sjá Íþróttir bls 28

SUNNUDAGUR

FINNA TIL MEÐ ÍSLENDINGUM

Trúðarnir í danska sjónvarpsþættinum Klovn ræða um áhyggjur sínar af íslensku efnahagslífi í viðtali við Fréttablaðið.

SÍÐA 10

VEÐRIÐ Í DAG



BÆTIR Í VIND Í dag verða austan 10-15 m/s en hægari NV-til. Rigning í fyrstu sunnan- og vestanlands og úrkoma í flestum landshlutum í kvöld. Slydda sums staðar norðan til. Hiti á bilinu 2-10 stig.

VEÐUR 4

SPURNING DAGSINS

Þorgeir, er sama tempó á ykkur nú og fyrir fjórum áratugum?

Tempóið er ennþá til staðar. En það er óneitanlega tempraðra.

Hljómsveitin Tempó með Þorgeiri Ástvaldssyni, útvarpsmanni og skemmtikrafti, kom aftur saman á Players í gær. Um fjörutíu ár eru síðan Tempó sló í gegn á Íslandi.

Fjármálaráðherra fundaði með Alistair Darling og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum:

Ákváðum að leysa málið

EFNAHAGSMÁL „Niðurstaðan af fundinum með Darling var sú að við ákváðum að leysa þetta mál okkar á milli þannig að allir megi vel við una. Þetta var kurteisislegur og vinsamlegur fundur," segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra, sem staddur er á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans í Washington. Árni fundaði með Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta í gær.

Hann ræddi einnig við fulltrúa stjórnvalda fleiri landa og fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans.

ÁRNI M. MATHIESEN

Árni segir viðræður við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa verið óformlegar. Engar formlegar viðræður hafi átt sér stað varðandi hugsanlega aðkomu sjóðsins að málefnum Íslands. „Ég hef verið að vinna með mönnum í þessum málum. Bankinn er með sendinefnd sem fer yfir hlutina á Íslandi." Niðurstaðna nefndarinnar er að vænta í dag.

Því eru ekki forsendur fyrir því að taka neinar ákvarðanir í þeim málum. Það er gerjun í gangi og við munum eiga fleiri fundi með þessum fulltrúum um helgina," segir Árni.

Fjármálaráðherra ræddi meðal annars við fulltrúa stjórnvalda Japans og Rússlands í gær, en sagði að engar ákvarðanir hefðu verið teknar um mögulega aðstoð þeirra ríkja. Einnig stýrði Árni fundi í kjördæmisnefnd Norðurlands og Eystrasaltslanda í Alþjóðabankanum. - kg

NATO í Afganistan:

Ræðst gegn fíkniefnarækt

AFGANISTAN, AP Varnarmálaráðherrar Atlantshafsbandalagsríkjanna hafa heimilað hersveitum bandalagsins í Afganistan að ráðast gegn fíkniefnabændum og smyglurum, sem margir hverjir eru sakaðir um að nota hagnað sinn til að styrkja talibana og aðrar andspyrnuhreyfingar.

Herlið NATO í Afganistan hefur hingað til ekki viljað taka þátt í baráttunni gegn fíkniefnahagkerfinu í Afganistan, heldur viljað láta afgönsk stjórnvöld og þarlenda lögreglu um þetta verk. - gb

Slys í Hafnarfirði:

Meiddist þegar flugeldur sprakk

LÖGREGLUMÁL Maður um tvítugt meiddist á hendi og hlaut skurð á enni þegar heimatilbúinn flugeldur sem hann ætlaði að gera tilraun með sprakk í höndum hans í Hafnarfirði um ellefuleytið í fyrrakvöld. Að sögn lögreglunnar var hann mjög heppinn að hafa ekki skaddast á auga. Félagi hans sem var með honum fékk vægt áfall og kvartaði yfir suði í eyrum.

Í Hafnarfirði kom einnig eldur upp í garðhúsi við heimahús. Slökkviliðið var kallað á staðinn og kom þá í ljós að kviknað hafði í gaskúti sem var inni í garðhúsinu. - fb

Hjónaskilnaður í Kambódíu:

Hús hjónanna sagað í tvennt

KAMBÓDÍA, AP Heldur óvenjulegar málalyktir urðu í skilnaðardeilu hjóna í Kambódíu. Eftir átján ára hjónaband brá eiginmaðurinn, sem heitir Moeun Sarim og er 42 ára, á það ráð að saga timburhús þeirra hjóna í tvennt.

„Þetta er mjög undarlegt, en svona vildi maðurinn minn hafa það," segir eiginkonan fráskilda, Vat Navy, sem er 35 ára. „Hann kom með ættingja sína og þeir notuðu sagir til að saga húsið í tvennt."

Hún heldur eftir sínum helmingi hússins, sem enn stendur uppi, en maðurinn fór á brott með hinn helminginn og allt sem í honum var. - gb

SKIPULAGSMÁL

Lóð múslima enn frestað

Á fundi skipulagsstjóra Reykjavíkur á föstudag voru kynntar hugmyndir að staðarvali fyrir safnaðarheimili múslima. Afgreiðslu málsins var frestað á fundinum. Múslimar hafa árum saman sóst eftir lóð í höfuðborginni fyrir starfsemi sína.

Skaftárhlaupið nær líklega hámarki í dag

Talið er að hlaupið í Skaftá sem hófst í gærmorgun nái hámarki í dag. Mikið hlaup er úr eystri katlinum og þegar hefur flætt yfir veg í Skaftárdal.

NÁTTÚRA „Þetta er orðið svipað núna og það varð í síðasta hlaupi og það á eftir að hækka enn," segir Páll Oddsteinsson bóndi í Hvammi sem stendur rétt við Skaftá.

„Þetta verður snöggt hlaup en það verður sjálfsagt æðimikið í því. Það var mikið í ánni fyrir út af rigningunum og þá verður náttúrulega hærra í henni."

Engar ráðstafanir

Páll segist ekki hafa þurft að grípa til sérstakra ráðstafana vegna hlaupsins og engin hætta sé á ferðum hjá honum. Aftur á móti gæti farið varnargarður hjá Skaftárdal ef það vex mikið í ánni. Ekki telur hann heldur að sauðfé sitt sé í hættu.

„Okkar fé liggur ekkert nálægt því þannig séð. Það getur farið á öðrum bæjum frekar, sérstaklega ef leirinn stoppar það af."

Rennsli Skaftár hafði sextánfaldast frá því að hlaupið hófst í ánni í gærmorgun og mældist 1.100 rúmmetrar á sekúndu við Sveinstind síðdegis í gær.

Eitunaráhrif frá ánni

Lögreglan á Hvolsvelli hvatti fólk í gær til að halda sig fjarri upptökum árinnar vegna eitrunaráhrifa frá henni. „Það er vaninn við þessa á að eitraðar gastegundir berast úr henni við upptökin. Fólki er ráðlagt að vera ekki á ferðinni nálægt þeim," sagði Þorsteinn Kristinsson hjá lögreglunni.

Flætt hafði yfir veginn inn með Skaftá á einum stað í gærkvöldi og að sögn lögreglunnar voru taldar líkur á að flæða myndi víðar yfir hann. Sagði hún nauðsynlegt að fólk færi varlega á þessum slóðum.

Samkvæmt upplýsingum frá almannavörnum má búast við enn frekari aukningu og að hlaupið nái hámarki í dag. - fb



FLÆTT YFIR VEG Flætt hefur yfir veg í Skaftárdal vegna hlaupsins í ánni. Óttast er að flæða muni víðar yfir veginn..

Forsætisráðherra:

Þakklátur fyrir stuðning fólks

GEIR H. HAARDE

STJÓRNMÁL „Ef einhvern tíma var ástæða til að fylkja liði, þétta raðirnar, þá er það einmitt núna," sagði Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins á flokksráðsfundi í gær.

Geir sagði Íslendinga í sárum eftir hrun stóru bankanna þriggja í dýpkandi kreppu. Hann þakkaði stuðning flokksmanna en kvaðst ekki síður þykja afar vænt um stuðning annars staðar í þjóðfélaginu. „Það er ótrúlegur styrkur í þessu öllu saman að finna það að þótt fólk sé að verða fyrir tjóni þá metur það það sem er verið að gera á vegum okkar í forystu Sjálfstæðisflokkksins og í ríkisstjórninni." - gar

LÖGREGLUFRÉTTIR

Bílvelta á Akureyri

Bílvelta varð við Bugðusíðu á Akureyri laust fyrir klukkan fjögur í gær. Bílnum var ekið á ljósastaur með þessum afleiðingum. Ekki urðu mikil meiðsl á fólkinu en ökumaðurinn er grunaður um ölvun.

Hausar á kerru

Haft var samband við lögregluna í Keflavík um hálfsexleytið gær vegna þriggja hreindýrshausa sem lágu í kerru fyrir framan fyrirtæki í bænum. Lögreglan hafði samband við manninn sem átti hausana og fékk hann til að fjarlægja þá.

Dópsali í bíl

Tilkynnt var um hugsanlegan fíkniefnasala sem sat í bifreið fyrir utan fyrirtæki í Hafnargötu í Keflavík um sexleytið í gær. Að sögn lögreglunnar var um að ræða þekktan aðila sem hefur áður verið tekinn fyrir kannabisrækt. Engin fíkniefni fundust í bílnum.undir áhrifum ávana- og fíkniefna.

Reykjavík 871 ±2
Landnámssýningin
The Settlement Exhibition

Lífið á landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin
alla daga frá 10–17

Minjasafn Reykjavíkur

Fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins frábiður sér illmælgi:

Vill ekki vera kallaður óreiðumaður

STJÓRNMÁL Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, vakti mikla athygli á flokksráðsfundi í gær þegar hann í ræðu frábað sér að vera kallaður óreiðumaður. Töldu fundarmenn Kjartan vísa þar til orða Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra í Kastljósþætti á þriðjudag.

Þegar Kjartan hélt ræðu sína hafði fundinum verið lokað fyrir öðrum en flokksráðsmönnum. Samkvæmt heimildarmönnum Fréttablaðsins á fundinum sátu menn hljóðir undir ræðu Kjartans.

Fréttablaðið náði ekki tali af Kjartani í gær en í athugasemd til Stöðvar 2 segist hann ekki hafa verið að gagnrýna Davíð Oddsson og lýsti yfir afdráttarlausum og fullum stuðningi við Davíð sem seðlabankastjóra. Engu að síður ber heimildum Fréttablaðsins saman um að fundarmenn hafa talið augljóst að með orðum sínum hafi Kjartan verið að gagnrýna framgöngu Davíðs Oddssonar. Kjartan, sem um langt skeið hefur setið í stjórn Landsbanka Íslands og á þar verulegan hlut, sagðist hafa tapað stórum hluta eigna sinna í umróti síðustu daga.

KJARTAN GUNNARSON OG DAVÍÐ ODDSSON Framkvæmdastjóri og fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins koma til landsfundar árið 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kjartan lýsti yfir trausti á Geir H. Haarde, eftirmann Davíðs á formannsstóli í Sjálfstæðisflokknum. Þjóðin þyrfti yfirvegaðan mann en ekki leiðtoga sem uppnefndi aðra menn og gerði sinn hlut sem mestan.

Kjartan og Davíð hafa um áratuga skeið verið vopnabræður í Sjálfstæðisflokknum og áttu afar náið samstarf þegar Kjartan var framkvæmdastjóri og Davíð formaður flokksins. Eftir að Kjartan lauk máli sínu féllust þeir Geir Haarde í faðma undir dynjandi lófataki í þéttsetnum fundarsal í Valhöll. - gar

Allt mögulegt

Efla er nýtt og öflugt verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem byggir á traustum grunni. Starfsfólk Eflu hefur fjölbreyttan bakgrunn, menntun og reynslu en það sem sameinar okkur öll er sá hugsunarháttur að ekkert sé ómögulegt. Við lítum á öll verkefni sem tækifæri til þess að hugsa nýjar lausnir og efla viðskiptavini okkar. Með þessu hugarfari munum við ná langt saman.

Efla varð til við sameiningu verkfræðistofanna Afls, RTS, Línuhönnunar og dótturfélagsins Verkfræðistofu Suðurlands.

EFLA
VERKFRÆÐISTOFA

EFLA hf. • Suðurlandsbraut 4A • 108 Reykjavík • Sími 412 6000 • www.efla.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / 08-1979

GENGIÐ 10.10.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	110,66	111,18
Sterlingspund	187,78	188,7
Evra	149,74	150,58
Dönsk króna	20,116	20,234
Norsk króna	17,769	17,873
Sænsk króna	15,528	15,618
Japanskt jen	1,1182	1,1248
SDR	168,8	169,8

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 199,9866

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Viðræður við sendinefnd Breta um Icesave sagðar ganga vel:

Samið um bætur til Hollendinga

STJÓRNMÁL Árni Mathiesen fjármálaráðherra gekk í gær frá samkomulagi við Hollendinga um ábyrgðir á greiðslum til eigenda Icesave-reikninga Landsbankans í Hollandi. Íslenska ríkið ábyrgist greiðslur upp að 20.887 evra marki fyrir hvern reikning.

Sendinefndir frá Hollandi og Bretlandi komu um helgina til viðræðna við íslenska embættismenn. Það var hins vegar fjármálaráðherra sem gekk frá samkomulaginu við Wouter J. Bos, hollenskan starfsbróður sinn, sem eins og Árni er á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington. Árni segir aðalatriðið vera að málið sé leyst.

„Hollenska ríkisstjórnin mun veita Íslandi lán til að standa undir þessum greiðslum," segir í tilkynningu forsætisráðuneytisins. Hollenski seðlabankinn annast greiðslur til innistæðueigenda þar í landi. Þá eru viðræður við sendinefnd Breta í gær um Icesave-reikninga í Bretlandi sagðar hafa verið vinsamlegar. Markmiðið hafi verið að ná ásættanlegri niðurstöðu fyrir báða aðila.

„Verulegum árangri var náð um grundvallaratriði fyrirkomulags til að flýta greiðslum til eigenda sparisjóðsreikninga í Icesave. Fulltrúar ríkjanna ákváðu að vinna náið saman að lausn annarra viðfangsefna á næstu dögum," segir í sameiginlegri yfirlýsingu.

Enn er alls óljóst hversu háar upphæðir ríkissjóður mun þurfa að borga vegna Icesave. Geir Haarde forsætisráðherra hefur sagt að vonir séu um að eignir Icesave dugi að mestu leyti til að greiða reikningseigendunum. - gar

FUNDAÐ UM ICESAVE Sendinefnd breskra embættismanna sat fund með íslenskum embættismönnum í utanríkisráðuneytinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jörg Haider lést í bílslysi:

Framúrakstur leiddi til dauða

VÍN, AUSTURRÍKI, AP Austurrískí stjórnmálamaðurinn Jörg Haider lést í bílslysi í föðurlandi sínu í gær, 58 ára gamall. Haider var að taka fram úr öðrum bíl þegar hann missti stjórn á bílnum og fór margar veltur. Haider, sem var einn í bílnum, var í bílbelti en það dugði ekki til því hann fékk höfuðáverka sem leiddu til dauða hans.

JÖRG HAIDER

„Haider, sem var ríkisstjóri í Carinthia-fylki og leiðtogi Framtíðarsamtakanna, hafði fyrir skömmu snúið aftur í austurrísk stjórnmál með mýkri stefnu en þá öfgafullu hægristefnu sem hann var þekktur fyrir er hann var leiðtogi Frelsisflokksins. Vakti sú stefna hörð viðbrögð meðal annarra Evrópuþjóða, enda þótti hún hliðholl nasisma.

Haider lætur eftir sig eiginkonu, tvær dætur og nýræða móður, en til stóð að fagna afmæli hennar um helgina.

- fb

Skilyrðin sögð skynsamleg og nauðsynleg

Þrýstingur eykst á stjórnvöld að leita stuðnings Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vegna efnahagsástandsins. Jónas Haralz hagfræðingur vill að það gerist sem fyrst.

EFNAHAGSMÁL „Það er mjög mikilvægt fyrir íslensku þjóðina að sækja um stuðning Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem allra fyrst. Við hefðum mátt gera það fyrr. Sjóðurinn mun ekki setja skilyrði fyrir stuðningi önnur en þau sem eru skynsamleg og nauðsynleg, og ég sé enga vankanta á slíkri umsókn," segir Jónas Haralz, hagfræðingur og fyrrverandi bankastjóri. Á síðustu dögum hefur gætt aukins þrýstings á yfirvöld að leita stuðnings Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vegna bágs efnahagsástands þjóðarinnar. Árni Mathiesen fjármálaráðherra fundaði með fulltrúum sjóðsins í Washington í gær en segir engar ákvarðanir hafa verið teknar um hvort óskað verði eftir stuðningi.

Jónas Haralz segir Íslendinga oft hafa notið góðs af tilveru gjaldeyrissjóðsins. „Við gengum í sjóðinn við stofnun hans árið 1944 en urðum ekki virkir þátttakendur fyrr en 1960. Þá hjálpaði sjóðurinn okkur með nauðsynlegan gjaldeyrisforða til að gefa innflutning frjálsan. Þegar erfiðleikar steðjuðu að þjóðinni á árunum 1977 til 1979 kom sjóðurinn aftur til hjálpar. Við höfum ekki þurft á honum að halda lengi, en það er ómetanlegt að hafa svona stofnun í ástandi sem þessu," segir Jónas, og bætir við að ef Íslendingar fengju stuðning frá seðlabönkum einstakra landa væri eðlilegt að það yrði sem viðbót og styrking á stuðningi gjaldeyrissjóðsins. Löndin sem rætt hafi verið um í því sambandi séu öll meðlimir í sjóðnum.

Silja Bára Ómarsdóttir, alþjóðastjórnmálafræðingur við Háskóla Íslands, segir mikilvægt að greina á milli þess hvort Íslendingar hyggist sækja um lán eða ganga í gegnum sérstaka meðferð gjaldeyrissjóðsins. „Ég hef vissar efasemdir. Það þarf ekki að vera svo slæmt að fá lán hjá sjóðnum, en þegar ríki eru tekin í meðferð hjá sjóðnum hafa þau ekki verið að koma vel út. Yfirleitt fylgir slíkri meðferð að ekki megi reka ríkissjóð með halla, en við stöndum frammi fyrir hallarekstri. Til að reka ríkissjóð án halla er ég mjög hrædd um að velferðarsamfélagið þurfi að víkja. Þá verður þunginn af kreppunni borinn af konum sem þurfa að sinna umönnunarstörfum, sem ríkið gæti ekki sinnt lengur, heima við. Þetta verður afleiðingin ef ekki er haldið rétt á spöðunum. Ef við hins vegar fáum lán hjá sjóðnum held ég að þetta eigi ekki við."

Silja segir sögu gjaldeyrissjóðsins mjög misleita. „Þegar mörg ríki lentu í alvarlegum þrengingum í upphafi níunda áratugarins höfðu kröfur sjóðsins alvarlegar afleiðingar fyrir mörg ríki, til dæmis Argentínu. En það eru ákveðnar vísbendingar um að sjóðurinn sé að læra," segir Silja.

kjartan@frettabladid.is

SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR

JÓNAS HARALZ

IMF Stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins við setningu ársfundar sjóðsins í Washington í gær. NORDICPHOTOS/AFP

VANTAR ENN PLÁSS Fimm hundruð börn bíða enn eftir plássi á frístundaheimili borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Frístundaheimili borgarinnar:

Fimm hundruð vantar pláss

REYKJAVÍK Ágætlega gengur að ráða fólk til starfa á frístundaheimili borgarinnar. Þó eru enn um 500 börn sem bíða eftir vistun, en 2.231 hafa fengið pláss.

„Það er ágætisgangur og hefur verið síðustu vikuna. Okkur vantar 44 starfsmenn í hálft starf til að vera fullmönnuð," segir Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri tómstundamála hjá ÍTR.

Soffía segir að aðstæður í þjóðfélaginu geti haft áhrif á starfsemina. „Við vitum ekki enn hvort hreyfing verður á þeim börnum sem fyrir eru og eins hvort meira framboð verður á starfsfólki. En vonandi útvegum við öllum pláss á næstunni." - kóp

LÖGREGLUFRÉTTIR

Árás á skemmtistað

Ráðist var á mann á dansgólfi skemmtistaðar í Reykjavík í fyrrinótt og vísuðu dyraverðir árásarmanninum út. Fjórir ökumenn voru jafnframt handteknir grunaðir um ölvun við akstur í Reykjavík í fyrrakvöld.

Ofsahraði á Sæbraut

Nítján ára ökumaður var handtekinn fyrir að aka á 121 km hraða á klukkustund á Sæbrautinni í fyrrinótt þar sem hámarkshraðinn er sextíu. Ökumaðurinn má eiga von á sekt og ökuleyfissviptingu.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Eldur í potti

Eldur kom upp í potti á eldavél á tveimur stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrra atvikið átti sér stað í Breiðholti laust eftir klukkan eitt í fyrrinótt en hið síðara á Skúlagötu um ellefuleytið í gærmorgun. Slökkvilið Reykjavíkur var kallað til og töldust bæði óhöppin minniháttar.

Ölvaður á Sauðárkróki

Maður um fimmtugt var handtekinn á Sauðárkróki grunaður um ölvun við akstur laust fyrir miðnætti í fyrrakvöld. Annars var nóttin með rólegra mótinu í bænum.

• Er raflögnin orðin gömul eða úr sér gengin?
• Hefur þú áhyggjur af öryggi fjölskyldunnar?

ÓKEYPIS SKOÐUN!

Við hjá **Rafsól** skoðum eldri raflagnir og gerum kostnaðaráætlanir á þeim úrbótum sem þurfa þykir, **húseigendum að kostnaðarlausu**.

Fyrirbyggjum slys - aukum öryggi!

Upplýsingar í síma:
553 5600
rafsol@rafsol.is

RAFSÓL

Skúlagata 30 • 101 Reykjavík • Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

EINN - TVEIR OG ÞRÍR 266.032

Rafsól er löggiltur rafverktaki og starfar í Reykjavík og nágrenni

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

KÓLNANDI VEÐUR Í VIKUNNI

Horfur eru á kólnandi veðri með þriðjudeginum einkum norðan til og eru líkur á að úrkoman sem kann að falla Norðanlands verði slydda eða slydduél í byggðum og snjókoma til fjalla. Úrkoman syðra verður að öllum líkindum blaut næstu daga.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	14°
Billund	15°
Ósló	14°
Stokkhólmur	13°
Gautaborg	14°
London	20°
París	22°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	23°
Berlín	18°
Alicante	25°
Mallorca	24°
Basel	23°
Eindhoven	19°
Las Palmas	23°
New York	25°
Orlando	31°
San Francisco	19°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Hugum að velferð barna

Íslendingar standa nú á miklum tímamótum sem hafa víðtæk áhrif á unga sem aldna. Mikilvægt er að huga sérstaklega að velferð barna og unglinga á þessum tímum.

Höfum í huga:

- Jákvæð samvera barna með fjölskyldunni skapar öryggi.
- Börnin þurfa að finna að á þau sé hlustað og að spurningum þeirra sé svarað.
- Börnin þurfa að vita að enginn er í hættu.
- Höldum fjölskylduvenjum og festu þó að mikið gangi á í samfélaginu.
- Notum matartíma fjölskyldunnar til að ræða við börnin á jákvæðum nótum.
- Ræðum á yfirvegaðan hátt að fjármálakreppan er tímabundin.
- Útskýrum fyrir barninu að framtíðin er björt þótt á móti blási í dag.
- Verum góð fyrirmynd þegar kemur að vanda og lausnum.
- Styðjum börnin til þess að takast á við mótlætið sem þau mæta á uppbyggjandi hátt.
- Fylgjumst vel með þeim sem okkur þykir vænt um og hlúum að þeim.

Verum þess minnug að hér er um tímabundna erfiðleika að ræða sem við Íslendingar munum vinna okkur í gegnum. Miklu máli skiptir að við tökumst á við þessa erfiðleika þannig að við byggjum á styrkleikum okkar og leggjum áherslu á baráttugleði, bjartsýni, og samkennd.

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

LÝÐHEILSUSTÖÐ

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

BUGL

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

UMBOÐSMAÐUR BARNA

BARNAVERNDARSTOFA

VINNUEFTIRLITIÐ

KJÖRKASSINN

Hyggur þú á utanlandsferð í vetur?

Já	26,5%
Nei	73,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á Ísland að sækja um stuðning Alþjóðagjaldeyrissjóðsins?

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Ögmundur Jónasson gagnrýnir ummæli Halldórs Ásgrímssonar um efnahagsmál:

Segir Halldór hafa leitt Íslendinga í skuldafen

STJÓRNMÁL Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri hreyfingarinnar - grens framboðs, er hneykslaður á ummælum Halldórs Ásgrímssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, í Fréttablaðinu í gær.

„Ég held að mörgum hafi brugðið í brún við að sjá hverjir nú eru komnir upp á dekk til ráðgjafar um lausn á vanda Íslendinga. Annars vegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og viti menn, Halldór Ásgrímsson sem þykist búa yfir einhverjum húsráðum," segir Ögmundur. „Við megum ekki gleyma því að hann var einn af leiðsögumönnum okkar út í það fen sem við nú erum stödd í. Þegar hann fagnar að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sé að koma til sögunnar segist hann vera þess vel meðvitaður að sjóðurinn komi til með að setja okkur ákveðnar skorður. En það þurfi hvort sem er að taka ákvarðanir sem muni leiða okkur til betri framtíðar. Þessi orð hljóta að verða okkur tilefni til umhugsunar," segir hann. „Jafnan þegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kemur að því að ræða málefni þjóðar sem á í vanda hugar hann fyrst og fremst að tvennu. Í fyrsta lagi að tryggja að alþjóðaauðmagnið fái eins mikið út úr þrotabúum og kostur er, sem þýðir á mannamáli að það á að tryggja að börnin okkar og barnabörn verði látin borga sem mest fyrir gróðavæðingu síðustu tíu ára. Í öðru lagi hefur sjóðurinn haft það að vinnureglu að finna leiðir til að auðmagnið fái greiðan aðgang að endurreistu samfélagi. Það er gert með kröfum um markaðsvæðingu."

Ögmundur gagnrýnir Halldór fyrir að vilja virkja sem aldrei fyrr og láta ekki löggjöf þvælast fyrir okkur. „Ég spyr hver verður til varnar fyrir íslenskt samfélag annars vegar og náttúruna hins vegar ef menn sem eru svona þenkjandi og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn með sína hugmyndafræði leggja saman í púkk. Það er ekki gæfulegur kokteill." - fb

ÖGMUNDUR JÓNASSON Ögmundur gagnrýnir ummæli Halldórs Ásgrímssonar í Fréttablaðinu á laugardag harðlega.

Sex og átta mánuði inni:

Fangar létu greipar sópa

DÓMSMÁL Tveir rúmlega tvítugir menn hafa verið dæmdir í sex og átta mánaða fangelsi. Þeir struku af Litla -Hrauni, fóru víða og létu greipar sópa.

Fyrst brutust þeir inn í hesthús á Eyrarbakka og stálu meðal annars skrautsverði. Síðan lá leiðin í vinnuskúr í Árborg. Þar stálu þeir vinnufatnaði. Þar skrifuðu þeir á vegg vinnuskúrsins: „Takk fyrir okkur, strokufangar á Litla-Hrauni." Mennirnir héldu áfram að fara á milli staða og stela, þar á meðal vegabréfum, bíl og innkaupakorti Það notuðu þeir til að kaupa mat og sígarettur. Báðir eiga brotaferil að baki. - jss

Ákærður og krafinn bóta:

Stórskaðaði mann í andliti

DÓMSMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið ákærður fyrir að ráðast á annan mann og stórskaða hann í andliti.

Manninum er gefið að sök að hafa ráðist á fórnarlambið í húsnæði Þvottahallarinnar, Grófinni 27, Reykjanesbæ, slegið hann hnefahöggi í andlit svo að hann hlaut brot á kinnbeini vinstra megin í botni augntóftar með brotlínu eftir öllu gólfi augntóftar og upp í augntóftina nefmegin. Jafnframt rispu á hornhimnu augans, glóðarauga og nefblæðingu auk þess sem höggið leiddi til tvísýni.

Sá sem fyrir árásinni varð krefst 484 þúsunda króna í skaðabætur. - jss

MARTTI AHTISAARI Hann hlýtur friðarverðlaun Nóbels í ár.

Martti Ahtisaari:

Vinnur að friði víða um heim

NÓBELSVERÐLAUN Martti Ahtisaari, fyrrverandi Finnlandsforseti, hlýtur friðarverðlaun Nóbels í ár fyrir aðild sína að friðarumleitunum víða um heim undanfarna þrjá áratugi.

„Öll sín fullorðinsár, hvort heldur sem háttsettur embættismaður í Finnlandi og forseti eða á alþjóðavettvangi, oft í tengslum við Sameinuðu þjóðirnar, hefur Ahtisaari unnið að friði og sáttaumleitunum," segir í tilkynningu norsku Nóbelsnefndarinnar. Þar eru nefnd alvarleg átök víða um heim, sem hann hefur átt þátt í að leysa, svo sem aðild hans að stofnun sjálfstæðs ríkis í Namibíu, lausn á deilu íbúa Aceh-héraðs við stjórnvöld á Indónesíu árið 2005, og svo þátt hans í lausn á deilum um Kosovohérað. - gb

MALDÍVEYJAR

Forsetakjör í aðra umferð

Maumoon Abdul Gayoom, sem hefur verið forseti Maldíveyja í Indlandshafi í 30 ár, hlaut flest atkvæði í fyrstu lýðræðislegu forsetakosningunum í landinu. Þar sem hann fékk ekki hreinan meirihluta verður efnt til úrslitaumferðar milli hans og höfuðandstæðings hans, Mohameds Nasheed. Gaoyoom fékk 41 prósent en 25 prósent komu í hlut Nasheeds.

Taka á kreppunni á uppbyggilegan hátt

Heimilin hafa minna milli handanna en áður. Börn geta ekki tekið þátt í tómstundastarfi vegna peningaleysis. Leyfisbeiðnum vegna utanlandsferða hefur fækkað. Skólastjórnendur hafa áhyggjur af því að greiðslur berist verr en áður.

EFNAHAGSMÁL Skólastjórnendur finna fyrir því að heimilin hafa minna milli handanna en áður. Í Rimaskóla eru foreldrar farnir að gefa peningaleysi sem ástæðu fyrir því að börn geti ekki tekið þátt í tómstundastarfi. Í unglingaskólanum Garðaskóla hefur leyfisbeiðnum vegna utanlandsferða fækkað og skólastjórinn verður var við auknar áhyggjur af kostnaði.

Skólar landsins fengu bréf frá menntamálaráðherra í vikunni þar sem stjórnendur eru hvattir til að skoða hvaða úrræði væru fyrir hendi til að takast á við kreppuna á sem uppbyggilegastan hátt. Skólar fengu svipað bréf frá fræðslustjórum. Starfsfólk skólanna er á varðbergi gagnvart líðan barna og tilfinningum þeirra. Í mörgum skólum ræða kennarar við nemendur og svara spurningum.

Helgi Árnason, skólastjóri Rimaskóla, segir að ástandið hafa breyst, krakkar geti komið illa fyrirkallaðir í skólann, þau geti verið grátgjörn og fljót upp. Innan skólanna séu áhyggjur af greiðslum fyrir þjónustu.

„Við erum með flesta krakka í áskrift í mötuneyti og höfum kannski áhyggjur af því að það innheimtist verr en áður. Við höfum líka verið að innheimta ýmis skólaverkefni, ferðir á vegum nemenda eða verkefni sem kalla á kostnað foreldra sem og tómstundanámskeið. Við finnum aðeins fyrir því að krakkarnir hafi ekki efni á því að fara á tómstundanámskeið. Ég var til dæmis að auglýsa skákskóla sem kostar 5-10 þúsund krónur. Einhverjir svöruðu að þeir gætu ekki verið með því að þeir hefðu ekki efni á þessu," segir hann.

Ragnar Gíslason, skólastjóri Garðaskóla, segir að kennarar skólans hafi rætt við krakkana um ástandið. Sjálfur hafi hann hitt nemendaráðið til að heyra hvernig krakkarnir skynja ástandið. „Við erum að draga andann og athuga hvaða áhrif ókyrrð á heimilunum hefur á börnin. Síðan erum við að skapa jákvætt skólastarf þannig að skólinn sé þeirra griðastaður."

Margrét Geirsdóttir, forstöðumaður á Ísafirði, segir að samstarf sé að hefjast innan bæjarkerfisins við Fjölmenningarsetur, vinnumiðlun, verkalýðsfélög og fleiri. Hugsanlega komi kreppan ekki eins hart niður fyrir vestan. „Ákveðin spenna er í andrúmsloftinu en við erum ekki farin að finna hvar skórinn mun kreppa."

ghs@frettabladid.is

ÁHYGGJUR GETA BROTIST ÚT Skólastjórnendur finna fyrir því að heimilin hafa minna milli handanna en áður. Innan skólanna eru áhyggjur af greiðslum fyrir þjónustu, til dæmis áskrift í mötuneyti. Áhyggjur fjölskyldnanna geta brotist út hjá börnunum í skólanum. Kennarar ræða við börnin og svara spurningum sem brenna á þeim.

MYNDIN ER ÚR SAFNI OG TENGIST EFNI FRÉTTARINNAR EKKI BEINT.

HELGI ÁRNASON

MARGRÉT GEIRSDÓTTIR

Án gjaldeyris er matvælaöryggi þjóðarinnar ekki tryggt:

Matvælaöryggi ótryggt án aðfanga

EFNAHAGSMÁL Tryggja þarf matvælaöryggi þjóðarinnar í efnahagssamdrættinum. Einar K. Guðfinnsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, hefur fundað með Eiríki Blöndal, forsvarsmanni Bændasamtaka Íslands, um leiðir til að reyna að tryggja stöðu landbúnaðar og um leið sjá til þess að hér ríki matvælaöryggi.

Til að hægt sé að stunda sjávarútveg og landbúnað þarf að tryggja ýmsar innfluttar vörur. Það mikilvægasta er eldsneyti svo hægt sé að sigla skipum og koma vörum til og frá en svo eru þættir eins og umbúðir, varahlutir, veiðarfæri og kjarnfóður. Til þess að fjármagna það þarf gjaldeyri.

„Menn mega ekki gleyma því að Íslendingar eru fyrst og fremst matvælaframleiðsluþjóð þegar kemur að framleiðslugreinum. Í þeim skilningi erum við sjálfum okkur nóg.

Stóra málið er samt að tryggja að hér geti farið fram eðlileg gjaldeyrisviðskipti. Takist það eru allar aðstæður til að tryggja matvælaöryggi," segir Einar. „Það verður ekki matvælaskortur á Íslandi ef gjaldeyrisviðskipti eru tryggð. Það er stóra málið sem við verðum að vinna að," segir Einar. - kdk

LANDBÚNAÐUR Leitað er leiða til að sjá til þess að þjóðin geti aftur farið að stunda eðlileg gjaldeyrisviðskipti svo hægt sé að kaupa nauðþurftir fyrir samfélagið.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Fáðu **bestu tilboðin**
í verslunum Bónus
send í tölvuna þína.

Skráðu þig **núna** á
póstlistann á
www.bonus.is.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

skoðun

greinar@frettabladid.is

Bankarnir hafa örlög fyrirtækja í höndum sér.

Hverjir fá að erfa landið?

JÓN KALDAL SKRIFAR

Atburðarásin undanfarna daga hefur verið hraðari og stórbrotnari en nokkurn gat órað fyrir. Því miður er ekki útlit fyrir að um hægist á næstunni. Fram undan eru aðgerðir og ákvarðanir sem munu ráða úrslitum um hvernig samfélag verður hér á næstu áratugum.

Mikið veltur á því að hratt sé gengið til verks. Enn þá mikilvægara er að ekkert sé gert í óðagoti. Verk stjórnvalda og erindreka þeirra verða öll að vera uppi á borðinu. Skýr og hiklaus svör verða að fást við spurningum um hverja einustu ráðstöfun.

Stærstu bankar landsins eru komnir undir stjórn ríkisins. Það þýðir í reynd að örlög fjölda fyrirtækja, allt frá litlum til þeirra allra stærstu, eru í höndum ríkisvaldsins. Og í þessum skrifuðu orðum er verið að ákveða innan bankanna hvaða fyrirtæki munu fá skuldbreytingu, afskriftir á lánum sínum, frystingu afborgana eða aðra fyrirgreiðslu.

Í bönkunum er sem sagt verið að ákveða hvaða fyrirtæki munu deyja og hver fá að lifa.

Þau sem lenda í síðari hópnum munu erfa landið.

Á þessum tímapunkti er því gríðarlega mikilvægt að staldra við og spyrja í fyrsta lagi: Hvernig verður staðið að þessum ákvörðunum? Og í öðru lagi: hverjir fella dómana?

Fullgild ástæða er til að spyrja á hvers vegum eru Elín Sigfúsdóttir, bankastjóri Nýja Landsbankans, Birna Einarsdóttir, bankastjóri Nýja Glitnis og hver sá sem velst til forystu fyrir nýja Kaupþing? Hver úthlutaði stólunum? Þessar spurningar eru lagðar fram með fullri virðingu fyrir Elínu og Birnu. Þær eru örugglega grandvarar bankakonur og afbragðsstjórnendur.

Eins þarf að fá strax upp á yfirborðið hvernig skipað verður í stjórnir nýju ríkisbankanna. Það er fullkomlega óásættanlegt ef ríkisstjórnarflokkarnir tveir ætla að sjá einir um það verkefni. Það væri uppskrift að nýju helmingaskiptakerfi.

Í stjórnum bankanna verða að sitja fulltrúar allra stjórnmálaflokka. Og til að taka af allan vafa er með því ekki átt við stjórnmálamennina sjálfa, heldur fulltrúa þeirra, fólk sem hefur reynslu og þekkingu á fjármálaþjónustu og rekstri.

Þetta eru spurningar og álitamál sem þarf að kljást við þegar í stað. Til lengri tíma bíður það tröllvaxna verkefni að koma fyrirtækjum sem lenda í ríkiseigu á næstu mánuðum aftur í einkaeigu.

Það þarf að taka á nýjan leik hugmyndafræðilega afstöðu til þess hvaða rekstur má yfirhöfuð vera í einkaeigu. Gamla svarið var: Allt sem má ekki fara á hausinn. Það hefur öðlast glænýja og breytta merkingu. Fyrir hálfum mánuði voru þetta grunnstofnanir samfélagsins á borð við sjúkrahúsin, löggæsluna og menntakerfið. Í síðustu viku bættust bankarnir í þennan hóp. Þeir voru áður gimsteinarnir í krúnu einkaframtaksins.

Við stöndum frammi fyrir því að feikilegur fjöldi af ungu, vel menntuðu og hugmyndaríku fólki er að missa vinnuna. Það verður að vera hér samfélag sem getur nýtt sér krafta þeirra og hugmyndaauðgi. Samfélag sem er laust við pólitíska fyrirgreiðslu og klíkuskap.

Þessi þjóð þarf að fá fullvissu um að heiðarleg og sanngjörn vinnubrögð verði viðhöfð þegar spilin verða gefin upp á nýtt. Framtíð landsins veltur á því hvernig til tekst.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Rangur misskilningur

Roy Hattersley, fyrrverandi aðstoðarutanríkisráðherra Bretlands, skrifar um reynslu sína af samningaviðræðum við Íslendinga í þorskastríðinu í pistli í breska blaðinu Guardian í gær. Segir hann meðal annars frá því að Harold Wilson, þáverandi forsætisráðherra Bretlands, hafi gefið bresku samninganefndinni hér á landi skýr fyrirmæli um að snúa tafarlaust aftur til Bretlands ef klippt yrði á togvíra meðan á dvöl nefndarinnar á Íslandi stæði. Skorið var á tvo togvíra hálfri klukkustund áður en nefndin lenti á Reykjavíkurflugvelli, en Hattersley segir nefndina hafa ákveðið „á sinn breska hátt" að láta sem ekkert væri og halda viðræðunum áfram.

Spurningin er hvort Gordon Brown hafi lært „á sinn breska hátt" að þykjast hvorki heyra né skilja hvað sagt og gert er, af Hattersley og félögum.

Öflugur metnaður

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, sem hefur kallað einna hæst eftir afsögn bankastjóra Seðlabankans, skrifaði á heimasíðu sína í febrúar 2007: „Bankarnir eru með vel launuð störf sem fela í sér ótal tækifæri fyrir fólk á öllum aldri. Þessi störf eru ekki lengur einskorðuð við Ísland heldur er starfvettvangurinn heimurinn allur. Hin öfluga útrás er meira og minna leidd af ungu fólki sem hefur gríðarlegan metnað."

Ágúst Ólafur hefur væntanlega nú gert sér grein fyrir því hversu stutt er milli metnaðar og ofmetnaðar.

Töluvert sniðugt

Árvakur hf. og 365 hf. hafa sameinað Fréttablaðið Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins. Eftir kaupin verður 365 hf. 36,5 prósenta hluthafi í Árvakri. 36,5 = 365. Skemmtilegt talnagrín hér á ferð og ánægjulegt að kímnigáfa sjái sér fært að skjóta upp kollinum við og við þessa dagana.

kjartan@frettabladid.is

Uppbygging og endurmat

ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR
Í DAG | EFNAHAGSMÁL

Þau áföll sem dunið hafa yfir okkur Íslendinga á síðustu vikum hafa áhrif inn á hvert einasta heimili landsins. Næstu mánuðir verða erfiðir, mjög erfiðir, fyrir fólkið, heimili og fyrirtæki í landinu. Margir hafa beðið mikið fjárhagslegt tjón, enginn er ósnortinn. Um allt land, í hverri götu eru fjölskyldur í sárum.

Það þýðir hins vegar ekkert að leggja árar í bát. Við verðum að horfast í augu við þá stöðu sem upp er komin og hefja hér á ný uppbyggingu á þjóðfélaginu og atvinnulífinu. Land okkar er ríkt af náttúrunnar gæðum en ekki síður af mannauði, vel menntuðu og harðduglegu fólki. Því megum við ekki gleyma – það verðum við að nýta okkur. Bankakerfið og erlendar fjárfestingar hafi skilað Íslendingum mikilli búbót á undanförnum árum og ungt og vel menntað fólk hefur getað gengið að krefjandi og vellauðuðum störfum nær vísum. En Ísland nútímans varð ekki til á örfáum árum og lífskjör okkar byggjast síður en svo á fjármálastarfsemi einvörðungu. Við skulum hafa hugfast að við upphaf þessarar aldar, áður en hinn mikli vöxtur fjármálakerfisins hófst, voru lífskjör Íslendinga þegar með þeim allra bestu í heiminum.

Sjávarútvegur hefur í aldanna rás verið undirstöðuatvinnuvegur okkar Íslendinga. Sú undirstaða er ennþá traust og mun tryggja okkur, þótt annað bresti, stöðugt og mikið flæði gjaldeyris. Það sama á við um stóriðju sem aldrei hefur veitt fleirum atvinnu og aflað meiri gjaldeyristekna. Mikil uppbygging hefur sömuleiðis átt sér stað á undanförnum árum í ferðaþjónustu sem halda mun áfram að búa til atvinnu og skapa verðmæti.

Von okkar og áskorun

Ýmis mistök hafa verið gerð á undanförnum árum. En við höfum líka sýnt fyrirhyggju til framtíðar á mörgum sviðum: Það hefur til dæmis verið fjárfest mikið í menntun og rannsóknum á síðustu árum. Það verður að tryggja að sú fjárfesting skili sér af fullum krafti inn í okkar samfélag á þessari ögurstundu. Við erum háþróað ríki með hörkuduglegt fólk. Í því felst okkar von, okkar áskorun.

Við verðum einnig á næstu mánuðum að nýta okkur þau sóknarfæri sem er að finna á sviði orkufreks iðnaðar og sjávarútvegs og auka þar fjölbreytni og sköpunarkarft. Tækifærin eru svo sannarlega til staðar og munu hjálpa við að fleyta okkur í gegnum þá erfiðu tíma sem framundan eru.

Í bankakerfinu hefur verið starfandi öflug sveit harðduglegs fólks með fjölbreytilegan bakgrunn. Sumt af því fólki er nú að missa vinnuna. Það hefur mikla og dýrmæta reynslu og þekkingu. Við verðum að tryggja að þessi mannauður okkar verði virkjaður áfram í þágu atvinnu- og verðmætasköpunar í stað þess að hann hverfi úr landi.

Það hefur til dæmis verið fjárfest mikið í menntun og rannsóknum á síðustu árum. Það verður að tryggja að sú fjárfesting skili sér af fullum krafti inn í okkar samfélag á þessari ögurstundu.

Síðustu dagar hafa einkennst af hruni heillar atvinnugreinar en nú tekur við tímabil uppbyggingar. Samhliða henni verður hins vegar einnig að eiga sér stað ákveðið endurmat. Það blasir við öllum að sá veruleiki sem við búum við í dag er ekki sá sami og hann var í gær. Margt sem við treystum var brigðult og stóðst ekki það gjörningaveður sem nú geysar og ógnar hagkerfum og samfélögum víða um veröldina. Við megum ekki hræðast þetta endurmat, því eftir þessa kreppu verður ekkert sem fyrr.

Við blasir, að sú peningamálastefna sem við höfum treyst á undanfarin ár hefur ekki skilað þeim árangri sem til var ætlast, svo vægt sé til orða tekið. Háir stýrivextir Seðlabankans við þær aðstæður sem nú eru uppi í íslensku samfélagi eru eins og öfugmælavísa. Við verðum að endurheimta þann stöðugleika sem hér ríkti og grípa til þeirra ráða sem nauðsynleg kunna að reynast í því sambandi. Íslenskt samfélag og íslenskt efnahagslíf þolir ekki aðra rússíbanareið af því tagi sem við höfum nú upplifað. Í náinni framtíð er ljóst að við verðum að halda áfram að reyna að laða að erlendar fjárfestingar inn í okkar samfélag á hinum mismunandi sviðum. Það blasir við að núgildandi peningamálastefna og traust á gjaldmiðili okkar hefur beðið hnekki en það er ekki til þess fallið að vera sá segull sem til þarf fyrir fjárfesta.

Nýjar forsendur

Það er einnig ljóst að umræða um tengsl okkar við Evrópusambandið verður ekki lengur háð á sömu forsendum og verið hefur til þessa. Sum þeirra áfalla sem við urðum fyrir má að minnsta kosti óbeint rekja til aðildar okkar að Evrópusamstarfinu og vísa ég þar meðal annars til þeirrar heimildar sem íslenskir bankar höfðu til að byggja upp innlánsreikninga í öðrum ríkjum en með íslenskri baktryggingu. Á hinn bóginn má einnig færa rök fyrir því að hjá mörgu hefði mátt komast, ef við hefðum átt aðild að ESB.

Hvert sú umræða sem nú fer í hönd um Evrópumál mun leiða okkur er engin leið að spá fyrir um. Við verðum að velta fyrir okkur hver staða okkar er og sjá hvernig ríkjum á evrusvæðinu reiðir af í þeirri fjármálakreppu sem hugsanlega hefur ekki enn náð hámarki sínu. Hitt er ljóst að við Sjálfstæðismenn höfum ávallt sagt að stefna okkar eigi að ráðast af köldu mati á því hvar og hvernig hagsmunum Íslands er best borgið til lengri tíma. Umhverfið er nú breytt, forsendur hafa breyst. Breyttar forsendur kalla á endurnýjað hagsmunamat.

Sjálfsmynd hvers einstaklings byggist á reynslu, reynslu af sigrum og ósigrum. Þegar frá líður skipta ósigrarnir ekki minna máli, ef við erum óhrædd við að horfast í augu við þá og draga af þeim lærdóma. Ákvarðanir okkar mega hvorki stjórnast af kvíða né angist, og gamlar hugmyndir mega ekki verða að steinbörnum sem við drögnumst með inn í nýja tíma.

Við Íslendingar stöndum nú á tímamótum. Við erum sérð en við höfum þetta af. Við erum samheldin þjóð þar sem undirstöður okkar, huglægar sem hlutlægar, eru sterkar. Með slíkt í farteskinu mun uppbygging ganga hraðar fyrir sig, jafnvel hraðar en við höldum í dag.

Höfundur er varaformaður Sjálfstæðisflokksins

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Taktu kaffið með þér eða drekktu það á staðnum!

Italian coffee to go or to drink with us!

Kaffi FÉLAGIÐ

Ítalskur kaffibar - Skólavörðustíg 10 - 101 Reykjavík

Opnum kl. 7:30 / Open from 7:30

Kaffivélar fyrir fyrirtæki og heimili.

Baunir og malað kaffi fyrir allar tegundir kaffivéla.

Italian coffee machines. Coffee beans and ground coffee.

Kaffi FÉLAGIÐ

Ítalskur kaffibar - Skólavörðustíg 10 - 101 Reykjavík

Opnum kl. 7:30 / Open from 7:30

AÐ VEITA ÞETTA VIÐTAL ER STÆRSTI VIÐBURÐUR LÍFS MÍNS Frank Hvam og Casper Christiansen veita aldrei viðtöl en eru ánægðir með hversu vel Íslendingar hafa tekið þáttaröðinni Klovn. FRÉTTABLAÐIÐ / ÓLAFUR RAFNAR

Finnum til með Íslendingum

Casper Christensen og **Frank Hvam** hafa slegið í gegn á Íslandi með þáttunum Klovn. Þættirnir hafa verið sýndir í Danmörku frá árinu 2005 en Íslendingar voru fyrsta erlenda þjóðin sem uppgötvaði þessa ágætu skemmtikrafta og fékk sýningarrétt að þáttunum. Frank og Casper voru fúsir til að veita Fréttablaðinu viðtal af því að Íslendingar hafa opnað þeim leið. Þeir hafa haf-

Frank: Heyrðu, ég er með nokkrar stöðumælasektir frá síðustu heimsókn okkar til Íslands og var að spá í hvort þú værir til í að borga þær næst þegar þú ferð til landsins. Ég fór í bankann áðan og ætlaði að kaupa íslenskar krónur sem þú gætir haft með þér en þá var búið að loka á öll viðskipti með íslensku krónuna. Ég var því að spá í hvort þú vildir taka við þessum dönsku krónum og borga sektirnar með þeim.

Hvers virði er íslenska krónan eiginlega í dag spyr Casper. Þegar blaðamaður segir þeim að hún flakki einhvers staðar á milli 20 og 30 danskra króna lifna þeir allir við, en verða um leið miður sín.

Casper: Nú ættum við að kaupa íbúð í Reykjavík. En ég finn til með íslensku þjóðinni, þetta er ótrúlegt, er þetta ekki ótrúlegt?

Frank: Já, þetta er svakalegt, við finnum til með þjóðinni. Íslendingar eru vinir okkar og okkur finnst leitt ef þjóðin er að verða gjaldþrota. Þetta er til dæmis fyrsta viðtalið sem við veitum saman í mörg ár. Við veitum helst ekki viðtöl og aldrei saman, en við erum mjög ánægðir með hvað Klovn hefur gengið vel á Íslandi. Þess vegna við vildum gjarnan veita íslensku blaði viðtal.

Það hefur frést af ykkur á Íslandi undanfarin misseri. Hafi þið verið að taka upp, eða hvað eruð þið að gera þar?

Casper: Nei, við vorum að hugsa um það, en það varð ekkert úr því. Það yrði of dýrt. Fyrirtækið okkar Nutmeg Movies er mjög lítið þannig að við megum ekki við því. Svo fannst okkur ekki rétt að taka upp þátt þar einungis af þeirri ástæðu að það væri smart. Hugmyndirnar verða að fæðast og þróast með okkur – við getum ekki þvingað hugmyndavinnunni í gegn. Þegar við áttuðum okkur á því

> Þegar við erum á Íslandi förum við næstum aldrei út fyrir miðbæ Reykjavíkur. Erum á Dillon og viljum helst kaupa íbúðina fyrir ofan Dillon.

að það að væri ekki að gera sig að taka upp á Íslandi hættum við við.

Frank: En við komum oft þangað og njótum þess að vera á Íslandi. Ég kom fyrst þangað með bróður mínum og við fórum í dæmigerða karlaferð, keyrðum á fjórhjóladrifnum kagga í eyðimörkinni og skoðuðum landið. Ég hreifst af miðnætursólinni og næturlífi Reykjavíkur og vildi endilega fara aftur eftir þessa fyrstu ferð.

Casper: Já, og svo varstu að tala um við mig hvað þetta væri frábært land og frábært fólk. Við fórum því í ferð saman og það var frábært. Þegar við erum á Íslandi förum við næstum aldrei út fyrir miðbæ Reykjavíkur. Erum á Dillon og viljum helst kaupa íbúðina fyrir ofan Dillon.

Frank: Jú, reyndar förum við alltaf á Humarhúsið á Stokkseyri og keyrum framhjá fangelsinu í leiðinni. Það er óttavekjandi staður. Við verðum mjög meðvitaðir um að vera réttu megin við lögin þegar við keyrum fram hjá Litla-Hrauni.

Casper: En keyrum samt alltaf of hratt fram hjá því, af því okkur finnst staðurinn svo skelfilegur.

(Þeir hlæja mikið!)

Fyrsta þáttaröðin af Klovn er sögð byggja á raunverulegum atburðum, er eitthvað hæft í því?

Casper: Langflestir þættirnir eru byggðir að einhverju leyti á atburðum sem við eða einhverjir sem við þekkjum hafa lent í. En við ýkjum og bætum miklu við þessa atburði.

Frank: Ég hef til dæmis aldrei skeint mér á danska fánanum.

Casper (flissandi): En þú hefur fengið magapínu á Borgundarhólmi.

Frank: Einmitt. Við ýkjum atburði sem við höfum heyrt um, en sannleikurinn á bak við atriði í þáttunum er oft á tíðum hroðalegur og mun verri en það sem birtist.

Casper: Já, við gætum okkar vel á því

➜ FRANK OG CASPER



Frank Hvam er fæddur árið 1970. Hann ólst upp í Örum Sönderlyng, sem er 1300 manna bær á miðju Jótlandi. Frank stundaði nám í dýralækningum við Konunglega danska landbúnaðarháskólann í ríflega þrjú ár en hætti þá og sneri sér að uppistandi og gamanleik. Kærasta Franks heitir Anja Frasig. Hún starfar sem klippari hjá Zentropa. Þau eiga eitt barn.

Casper Christensen er fæddur árið 1968. Hann ólst upp í Birkeröd á Norður-Sjálandi. Hann hefur verið starfandi skemmtikraftur í Danmörku í um það bil tuttugu ár. Hann byrjaði með uppistand eftir að hann kynntist því þegar hann var skiptinemi í Las Vegas seint á níunda áratugnum. Kærasta Caspers heitir Iben Hjejle. Þau eiga samtals þrjú börn.

Frank og Casper hófu samstarf árið 1999 í þættinum Casper og Mandrilaftalen sem sýndur var á DR2. Síðar fóru þeir í gang með fyrstu dönsku svokölluðu „sitcom" þáttaröðina, Langt frá Las Vegas.

Klovn hóf göngu sína árið 2005 á sjónvarpsstöðinni TV2 Zulu. Þættirnir eru unnir af fyrirtæki Caspers og Franks, Nutmeg Movies, í samvinnu við Zentropa kvikmyndafyrirtæki Lars Von Trier og Peters Aalbæk fyrir TV2 Zulu.

að sannleikurinn komi aldrei í ljós, hann er of hættulegur! Við gætum ekki komið í stólinn hjá Lars Hjortsö í nýja þættinum hans, „Stund sannleikans" (þátttakendur eru tengdir við lygamæli og spurðir persónulegra spurninga). Við gætum átt á hættu að ljóstra upp alltof mörgum svakalegum leyndarmálum sem varða bæði okkur og vini okkar.

Hvernig hefur gengið að fá vini ykkar til liðs við ykkur og taka að sér hlutverk í þáttunum? Lars Hjortsö hefur til dæmis brugðið sér í hlutverk raðnauðgara. Er ekkert mál að fá virtan fjölskylduföður og sendiherra H.C Andersen til að taka að sér slíkt hlutverk?

Frank: Ef við tökum Lars sem dæmi þá er hann skemmtikraftur sem alltaf er til í að fara út á ystu nöf. Við byrjuðum allir í uppistandi. Þar notar maður sjálfan sig í brandarana og verður ófeiminn við að ganga lengra og lengra með grínið. Lars er dæmigerður fyrir þá sem koma úr þessu umhverfi. Hann er aldrei hræddur við að fara alla leið sem skemmti-

kraftur og notar óspart ýkta mynd af sjálfum sér.
Casper: Lars er samt mjög vinalegur og góður maður og mjög góður vinur okkar.
Frank: Já, hann er mjög vinalegur í raunveruleikanum.

Frank og Casper hófu samstarf í sjónvarpsþáttunum Casper og Mandrilaftalen sem sýndir voru á dönsku sjónvarpsstöðinni DR2 í lok síðustu aldar.

Frank: Casper var fenginn til þess að gera þessa þáttaröð, enda var hann þá orðinn stjarna. Svo fékk hann mig og fleiri til liðs við sig. Ég var eins og lítið fræ við hlið hans.
Casper: Ég hafði séð til Franks og vildi fá hann með. Í fyrstu var hann reyndar upptekinn en kom síðar inn. Við fundum fljótlega út að við unnum vel saman. Við erum báðir mjög metnaðarfullir þegar kemur að því sem við gerum.
Frank (glottandi): Við elskum báðir metnað.
Casper: Við vinnum alltaf út frá einhverju sem skiptir máli og það skiptir máli fyrir okkur að hlutirnir séu í samhengi. Eins og í næstu seríu þá verður Casper rosaleg þunglyndur og endar á lokaðri geðdeild. Ég lenti einmitt í krísu, hékk á sófanum hjá Frank í fleiri vikur og komst hvergi.
Frank: He, he, já einmitt hann hékk bara á sófanum og grét.
Casper: Nei, í alvöru talað þá er ég búinn að ganga í gegnum efasemdartímabil, lífskrísu sem er eðlileg. Allir eiga sína góðu daga og slæmu daga. Það er eðlilegt fyrir okkur að nota það sem við upplifum í þættina okkar. Frank og Casper í Klovn lenda alltaf í ýktari hlutum en Frank og Casper í raunveruleikanum.

Hvernig er sambandi ykkar háttað í dag?

Frank: Casper hefur kennt mér mikið um það hvernig það er að vera þekktur. Ég er sennilega feimnari en Casper, ekki eins mikið út á við.
Casper: Ég er búinn að vera þekktur í Danmörku síðan ég var mjög ungur þannig að ég var sjóaðri en Frank í því að meðhöndla fjölmiðla og frægðina. Nú erum við hins vegar jafningjar þegar kemur að frægðinni og getum stutt hvorn annan í því.
Frank: Við förum til dæmis aldrei á frumsýningar kvikmynda þar sem við komum hvergi nærri.
Casper: Nei, ég vil miklu heldur borga mig inn á mynd ef mig langar að sjá hana heldur en að mæta á frumsýningu og vera þar með að keppa við aðra fræga um athygli ljósmyndaranna. Ég lýsti því yfir fyrir mörgum árum að ég kæri mig ekki um hvernig blöð eins og til dæmis Séð og heyrt hér í Danmörku vinna. Ég fer til dæmis aldrei í viðtöl við þess háttar blöð. Þau minna mig á pylsugerð, það er öllu steypt ofan í sömu hakkavél og út kemur einsleitur og óáhugaverður massi. Frá hvaða blaði ertu annars?
Frank: Ég var einmitt að hugsa það sama, kemurðu nokkuð frá slúðurblaði á Íslandi?
Þeir róast þegar þeir fá að vita að viðtalið muni birtast í útbreiddasta dagblaði Íslands, Fréttablaðinu.
Casper: Fedt man.

Eigið þið bara fræga vini, eru engir Pivertar í hópnum lengur? (Í þáttunum er Pivert seinfær vinur Franks sem er giftur heiladauðri konu).

Casper: Ég á alls konar vini. Ég hélt upp á fertugsafmælið mitt í sumar og þar var fólk úr öllum áttum. Vinir mínir eiga það samt sameiginlegt að þeir hafa tekið ákvörðun um hvernig lífi þeir vilja lifa og lifa samkvæmt því, eltast ekki við það sem er flott hverju sinni. Ég er ekki með neina Piverta í mínum félagsskap lengur, þeir eru horfnir.
Frank: Ég er sennilega með einn til tvo í kringum mig og svo spyrja þeir mig hvor fyrir sig hvort þeir séu fyrirmynd að Pivert í Klovn. Ég þvertek náttúrulega fyrir það.
(Casper hlær mikið, og það krymtir í Frank.)
Casper: Svo á ég náttúrulega góðan vin innan konungsfjölskyldunnar, en ég vil ekki tjá mig meira um það.

Hvernig horfir framtíðin við ykkur?

Casper: Við erum að vinna að síðustu þáttaröðinni um Klovn um þessar mundir og síðan munum við fara hvor í sína áttina, allavega tímabundið. En við munum hjálpa hvor öðrum eins og við höfum gert hingað til.
Frank: Þótt ég hafi sett dýralæknanámið mitt í bið vil ég fullvissa íslensku þjóðina um að ég muni einhvern daginn eignast einhver dýr. Ég gæti vel hugsað mér að eiga íslenska hesta. Það er bara erfitt fyrir mig að eiga dýr eins og er af því að Casper er með svo mikið ofnæmi og dýrahár hafa tilhneigingu til að festast í fötum.
Casper: Já, uss, ég þoli enginn dýr. Með ofnæmi fyrir öllum dýrum.
En nú er gullkálfurinn dauður. Tími peningahyggju og óhollra viðmiða er búinn. Það eru að koma nýir tímar.
Frank: Ég vil gjarnan koma á framfæri þakklæti til Stefáns Gíslasonar fyrirliða Bröndby fyrir hans framlag.
Casper: Ég verð bara að segja að þetta er stærsti viðburður í lífi mínu.

Ha, að veita þetta viðtal?

Casper: Já að veita þetta viðtal, þetta er besti dagur lífs míns.

CASPER OG FRANK: Gátu ekki keypt íslenskar krónur í Kaupmannahöfn til að borga stöðumælasekt í Reykjavík

08-0146 Hennar Hátign

SÝNING og sérstaða

GARÐUR 100 ára 1908 - 2008

fyrirtækja, stofnana, félagasamtaka og einstaklinga í Garði

helgina 17. til 19. október 2008 í Íþróttamiðstöðinni.

Dagskrá sýningarinnar

Föstudagur 17. okt.
Opnun kl. 17:00. Sýningin er opin til kl. 20:00.
Oddný Harðardóttir bæjarstjóri flytur ávarp.
Tónlistaratriði frá Tónlistarskólanum í Garði.
Merkingar á fornminjum í Garði. Guðmundur Garðarsson.

Laugardagur 18. okt.
Sýningin er opin frá 10:00 - 17:00.
11.00 Barnakór Tónlistarskólans í Garði og Gerðaskóla.
13.00 Tónlistaratriði frá Tónlistarskólanum í Garði.
13.30 Börn frá leikskólanum Gefnarborg syngja.
14.00 Söngsveitin Víkingar.
14.30 Dans frá Kolumbíu.
15.00 Tónlistaratriði frá Tónlistarskólanum í Garði.
15.30 Margrét Lára Þórarinsdóttir flytur tónlist.
16.00 Vignir Bergmann flytur tónlist.
13.00-15.00 Stefán F. Einarsson matreiðir fiskrétti úr hráefni frá Nesfiski.

Sunnudagur 19. okt.
Sýningin er opin frá 10:00 - 17:00.
13.00 Tónlistaratriði frá Tónlistarskólanum í Garði.
14.00 Vignir Bergmann flytur tónlist.
15.00 Tónlistaratriði frá Tónlistarskólanum í Garði.
16:30 Útskálakirkja. Sr. Björn Sveinn Björnsson fer yfir sögu og muni kirkjunnar. Eivör Pálsdóttir flytur tónlist.

Kaffisala í umsjón 10. bekkjar í Gerðaskóla.
Barnahorn.

Aðgangur ókeypis.

Sýnendur:

Alda Design ehf · Anna Hrefnudóttir · Auðarstofa · Ársól Kothúsum · Bifreiðaverkstæði Sigurðar Guðmundssonar · Björgunarsveitin Ægir · Bragi Einarsson · Bragi Guðmundsson · Brunavarnir Suðurnesja · Byggðasafnið á Garðskaga · Dagmar Róbertsdóttir · Fiskverkun Rafns Guðbergssonar · Elding félagsmiðstöð · Gauksstaðir · Gallery Garðskagi · Gerðaskóli · Gröfuþjónusta Tryggva Einars · Hafnarvídeó/N1 · Hárgreiðslustofan Kamilla · Hollvinir Útskála · Júlía Esther Cabrera Hidalog · Kiwanisklúbburinn Hof · Kristbjörg Ásta Jónsdóttir · Kristín Kristjánsdóttir · Kvennfélagið Gefn · Leikfangasmiðjan · Leikskólinn Gefnarborg · Lionsfélagið Garður · Líba ehf · Magnús Gíslason · Menningarsetrið að Útskálum · Nesfiskur ehf · Norðurál Helguvík · AMP rafverktaki ehf · Unnur G. G. Grétarsdóttir · Reynir Katrínarson · Samband Sveitarfélaga á Suðurnesjum · SI Raflagnir · Seacrest Iceland · Slysavarnadeild Kvenna · Sparisjóðurinn · Sveitarfélagið Garður · Skagaflös · Útskálatún ehf · Útskálakirkja · Valgerður Reynaldsdóttir · Völundarhús · Þóranna Rafnsdóttir

KOMDU ÚTÍ GARÐ

www.svgardur.is

Þökkum innilega auðsýnda samúð og vinarhug vegna fráfalls móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ragnheiðar K. Þorkelsdóttur
Sléttuvegi 19, Reykjavík.

Hjartans þakkir færum við hjúkrunarþjónustu Karitas og starfsfóki 11E á Landspítalanum við Hringbraut fyrir góða umönnun.

Þorkell Helgason
Hrafnhildur Helgadóttir
Sigfús Jón Helgason
Helga Helgadóttir
ömmubörn og langömmubörn.

Björg R. Sigurðardóttir
Sigurður Geirmundarson
Sólrún Sigurðardóttir
Júlíus Jónasson

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, stjúpmóður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Bergþóru Þorbergsdóttur
Garðvangi, Garði
(áður Nónvörðu 11, Keflavík).

Guðmundur Jóelsson
Axel Jónsson
Vignir Jónsson
Þorsteinn Jónsson
Íris Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Anna Margrét Gunnarsdóttir
Þórunn Halldórsdóttir
Marteinn Tryggvason
Katrín Hafsteinsdóttir
Gylfi Kristinsson

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Sigríður E. G. Biering
Áskógum 2, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ laugardaginn 4. október. Útförin fer fram frá Seljakirkju fimmtudaginn 16. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Skógarbæjar.

Helga E. Biering
Moritz W. Biering
Guðrún Biering
Bertha Biering
Louise Biering
barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.

Sveinn B. Petersen
Sidsel Eriksen
Hrafn Björnsson

Heitt elskaður eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Sigurður Sveinsson,
Drekavogi 4, Reykjavík,

sem lést mánudaginn 6. október, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík, þriðjudaginn 14. október kl. 15.00.

Gróa Friðjónsdóttir
Anton Sigurðsson
Anna Hulda Sigurðardóttir
Friðjón Þór Gróuson
Tinna Brá Sigurðardóttir
og barnabörn.

Valný Óttarsdóttir
Reynir Grétarsson
Hólmfríður Jóna Guðmundsdóttir
Eyþór Snorrason

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

Guðríðar Petersen
Hraunvangi 1, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir viljum við færa Karitas og starfsfólki líknardeildar Landakotsspítala.

Elín Jóhannsdóttir
Bryndís Petersen
Jóhann Petersen
Pétur Jakob Petersen

Tryggvi Ólafsson
Leifur Jónsson
Auður Héðinsdóttir

LEIKARINN HUGH JACKMAN ER FERTUGUR Í DAG.

„Ég á eiginkonu og son, en hommasögurnar eru þegar komnar af stað. Það hlýtur að þýða að ég sé að klifra upp metorðastigann.“

Ástralski leikarinn Hugh Jackman hefur gert garðinn frægann í kvikmyndum á borð við X-men þar sem hann fer með hlutverk úlfamannsins Jarfa.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 12 OKTÓBER ÁRIÐ 1978

Sid Vicious ákærður

Pönkarinn Sid Vicious var ákærður fyrir að verða kærustu sinni, Nancy Spungen, að bana þennan dag árið 1978. Sid kvaddi sjálfur þennan heim 2. febrúar 1979 þegar hann tók inn of stóran skammt af heróíni. Sid var bassaleikari pönkhljómsveitarinnar Sex Pistols en frægðarsól hennar reis sem hæst á árunum 1975 til 1978. Samband Sids og Nancy var stormasamt. Nancy var heróínfíkill og Sid hellti sér út í þann lífsstíl enda upptekinn af þeirri ímynd að lifa hratt og deyja ungur. Hann hélt því fram að hann hefði fundið Nancy látna inni á baðherberginu þegar hann rankaði við sér úr lyfjadái. Aldrei var sannað hvort Sid varð Nancy að bana eða einhver af þeim eiturlyfjasölum sem áttu leið upp á hótelherbergi þeirra þessa nótt.

LOFA FLOTTUM TÓNLEIKUM Tónlistarhópurinn Caput heldur afmælistónleika í Langholtskirkju í dag í tilefni af 20 ára starfsafmæli.
MYND/ HALLGRÍMUR ARNARSON

TÓNLISTARHÓPURINN CAPUT: FAGNAR TUTTUGU ÁRA STARFSAFMÆLI

Við erum frekar stefnulaus

„Við vitum nú varla nákvæmlega hvenær við fæddumst,“ viðurkennir Kolbeinn Bjarnason flautuleikari í tónlistarhópnum Caput en í dag fara fram afmælistónleikar hópsins í Langholtskirkju klukkan 15.30 í tilefni af 20 ára starfsafmæli.

„Þriðja janúar, árið 1988, héldum við átta krakkar tónleika í Norræna húsinu með nýrri tónlist og flestir af þeim sem komu fram á þeim tónleikum hafa verið með okkur í þessi tuttugu ár,“ segir Kolbeinn. Í upphafi hélt hópurinn eina tónleika á ári, 3. janúar, þegar meðlimir komu heim í jólafrí úr námi. Strax árið 1989 var hópurinn orðinn jafn stór og hann er nú. Það ár fór hópurinn í fyrstu tónleikaferðina til útlanda.

„Við spiluðum ítalska tónlist á tónleikunum það ár sem var síðar gefin út á Ítalíu eftir upptöku Ríkisútvarpsins. Í kjölfarið fórum við svo í fyrstu tónleikaferðina til Ítalíu.“ Tónlistarhópurinn Caput var fyrsta starfandi sinfóníettan á Íslandi og lýsir Kolbeinn þeim sem nútímatónlistarbandi í klassíska geiranum. „Það eru starfandi sinfóníettur um allan heim og þær eru yfirleitt í framsækinni tónlist og við höfum unnið með bæði íslenskum tónskáldum og alþjóðlegum. Nei, við erum ekki fræg í útlöndum en við erum þekkt í hinum þrönga heimi nútímatónlistar,“ bætir hann við hlæjandi.

Á sunnudaginn mun hópurinn leika einhver af þeim verkum sem hafa verið skrifuð sérstaklega fyrir hópinn eins og Spíral eftir Hauk Tómasson og einnig verða ljóðræn verk eftir Svein Lúðvík Björnsson á dagskrá. Frumflutt verða verk meðal annars eftir Áskel Másson en hann verður einnig einleikari á trommur á tónleikunum. „Fyrir hlé verður þetta létt og skemmtilegt og eftir hlé verður leikin þungavigtar nútímatónlist,“ útskýrir Kolbeinn og lofar góðum tónleikum.

heida@frettabladid.is

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sjafnar Óskarsdóttur,
Vestursíðu 8, Akureyri.

Guð blessi ykkur öll.

Guðmundur Örn Njálsson
Hafdís Njálsdóttir
Guðný Sif Njálsdóttir
Haukur Njálsson
Hulda Marín Njálsdóttir
Bergþóra Njálsdóttir
makar, börn, barnabörn og barnabarnabörn.

Móðir mín,

Matthildur Árnadóttir
(frá Bolungarvík)
Höfðagrund 3, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness hinn 9. október.

Pálmi Pálmason
fjölskylda og aðstandendur.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
Mikið úrval
Yfir 40 ára reynsla
Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Fanneyjar Sigurbaldursdóttur
frá Ísafirði, Asparfelli 2.

Sérstakar þakkir færum við öllu starfsfólki L-5 Landakoti.

Ásta Dóra Egilsdóttir
Petrína Margrét Bergvinsdóttir
Hulda Bergvinsdóttir
Jón Bergvinsson

Jón Jóhann Jónsson
Gunnar Hallsson
Ingibjörg Viggósdóttir

október 2008
menning
[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]

Í DRAUMI SÉR-HVERS MANNS *er fall hans falið*

STEINN STEINARR, SVARTKOLATEIKNING EFTIR NÍNU TRYGGVADÓTTUR, 1943. MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI UNU DÓRU COPLEY.

VERULEIKANS *kalda ró*

Á morgun er þess minnst að öld er liðin frá fæðingu Aðalsteins Kristmundssonar, Steins Steinarr. Í vor var hálf öld liðin frá andláti hans. Hver er staða þessa skáldjöfurs í vitund þjóðarinnar?

BÓKMENNTIR PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Helgi Steins Steinarrs meðal kynslóðarinnar sem óx upp með skáldskap hans var mikil og fölskvalaus. Fyrir þá sök að Steinn, eins og margir einhleypingar þessara ára fyrir og eftir stríð, bjó við bág kjör og þröngan hag varð hann áberandi í borgarlífinu, tíður gestur á matstofum og kaffihúsum þar sem þeir sem höfðu áhuga á að taka hann tali gátu komist í bein kynni við manninn. Andstætt skáldum og rithöfundum sem náðu styrkri borgaralegri stöðu var Steinn Steinarr lifandi táknmynd bæjarlífsins, hvass oft í tilsvörum og jafnvel meiðandi en mörgum reyndist hann ákaflega dæll maður: „Hann var alltaf góður við mig“ hef ég heyrt fleiri en einn segja sem hafði af honum kynni. En margar sögur eru til af harkalegu viðmóti hans við menn sem töldu sig standa hærra á strái en allur fjöldinn. Beggja handa járn, oft spaklegur í umsögnum sínum, eins og fræg greining hans á ungskáldakveri í Birtingi vitnar um.

> Hann átti lítinn kost á menntun samkvæmt skilningi okkar tíma og var því dæmdur til að lifa í því lagi samfélagsins sem lifði á daglaunum, sposlum, framfærsluhugmynd sem er fjarri skilningi okkar tíma.

Steinn varð barn ómagi eins og það var kallað í fornri sveitalöggjöf landsins. Hann var ungur sagður til sveitar og komið fyrir hjá vandalausum. Hann veiktist ungur og var bæði veikur fyrir af ófitu og dugði lítt til líkamlegrar vinnu sökum visinnar handar. Hann átti lítinn kost á menntun samkvæmt skilningi okkar tíma og var því dæmdur til að sitja í því lagi samfélagsins sem lifði á daglaunum, sporslum. Sú framfærsluhugmynd er víðs fjarri skilningi okkar tíma en er samt daglegt brauð með fjölda þjóða í öðrum heimshlutum. Hann hafði því fátt fyrir sig að leggja og verandi eins og margir ungir menn á árum kreppunnar rótækur í þjóðfélagsskoðunum gerðu skoðanir skáldinu unga erfiðara fyrir um skáldstyrk. Þýðingar lagði hann ekki fyrir sig, pólitíska bakhjarla átti hann enga. Veröld hans var skjóllítil og fyrir bragðið var hann hafinn yfir flest tengsl sem mörkuðu feril margra eftirbáta hans á skáldabekk. Hann var fullvalda í fátækt sinni – sovereign. Pólitísk sinnaskipti hans eftir hina eftirminnilegu og kunnu för til Sovétríkjanna voru skýrt afmörkuð en komu afar seint á ferli sem var þá í raun á enda runninn, þótt ýmsir geri mikið úr þeim nú, meira en skiptir mestu máli við feril hans og list.

Steinn Steinarr breytti um síðir íslenskum bókmenntum með afdrifameiri hætti en margir aðrir. Þar ber hæst lífssýn hans sem fór fyrir ríkum utanaðkomandi áhrifum sem síðar skullu á hugarlendum undir nafni tilvistarhyggjunnar. Hans tilvistarhyggja var heimasmíðuð og hert af lífsreynslu. Og þegar hún lagðist með myndvísi sem einkennir nær allan hans skáldskap, kuldalegri íróníu, stundum nöpru pólitísku háði, sem tjáð var í alþýðlegu og viðhafnarlitlu tungutaki, varð til skáldheimur sem varð mörgum fyrirmynd og skóp honum lifandi aðdáun sem varað hefur lengur en flestra samferðamanna hans og jafnvel flestra þeirra ljóðskálda sem á eftir komu. Því er allt tal um minnisvarða honum til virðingar skoplítið; minnisvarðar hans standa svo víða í hugum þeirra sem hafa sótt í ljóð hans og prósabrotin fáu sem eftir hann liggja.

Hann var utangarðs í besta skilningi orðsins og kunni þó til hlítar sígilda hætti og nýtti þá af svo ríkri eðlistilfinningu að fáa grunaði að hann væri meistari metursins fyrr en betur var gáð. Samt var hann sá forkólfur í formbyltingu skáldskapar á Íslandi sem mestrar hylli naut.



Hin kunna ljósmynd Jóns Kaldal af Steini frá árunum 1940-1944.

Því er það furðulegt hvað aldarminning hans nú fer hljótt en er þó á sérkennilegan hátt í stíl við hann sjálfan og lífshlaupið en á morgun eru hundrað ár liðin frá fæðingu þessa skáldjöfurs. En minning hans lifir í ljóðum hans: ekkert íslenskt skáld hefur markað jafn marga lagboða í söngvasafni þjóðarinnar. Og mynd hans er skýr: ekkert íslenskt skáld hefur orðið uppspretta jafn marga málverka, teikninga og ljósmynda, ef frá er talinn Halldór Laxness – og Bubbi Morthens.

Ungur verslunarmaður var undir lok stríðsins að basla við að koma undir sig fótunum. Hann leigði sér herbergi í Austurstræti. Handan við ganginn var honum sagt að Steinn Steinarr ætti húsaskjól en hann varð skáldsins ekki mikið var. Svo fór eitt kvöldið í myrkvaðri borginni að drepið var á dyr og þar stóð Steinn og spurði húsráðandann hvort hann ætti glas? Jú, hann ætti glös. Hvort hægt væri að fá glas að láni? Jú, það væri sjálfsagt, sagði ungi maðurinn og náði í glasið fyrir skáldið. Hvort mætti bjóða unga manninum drykk? Það þáði hann og sótti annað glas. „Allan þann vetur hélt ég fast um glasið og held á því enn,“ sagði ungi maðurinn, orðinn aldraður.

Við höldum öll enn á þeim bikar sem Steinn Steinarr færði okkur.

Katrín Elvarsdóttir / Sigrún Sigurðardóttir

HEIMA-HEIMAN
HOME-AWAY

13. sept.-
23. nóv.
2008

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavik Museum of Photography

Tryggvagata 15, 6th floor · 101 Reykjavík · Tel. 563 1790 · photomuseum@reykjavik.is · www.photomuseum.is
Opening hours 12–19 mon–fri, 13–17 weekends · ADMISSION FREE

Málverkauppboð á morgun

Uppboðatíminn er að hefjast, en fyrir fáum vikum var Gallerí Borg með uppboð þar sem margt verka fór undir matsverði. Þá var uppboð hjá Bruun Rasmussen í Kaupmannahöfn fyrir fáum dögum þar sem nokkur íslensk verk voru til sölu en aðeins eitt þeirra seldist. Menn merkja lækkandi verð á uppboðum víða, bæði austan hafs og vestan .

Næsta listmunauppboð hér á landi verður haldið í Galleríi Fold við Rauðarárstíg og hefst það kl. 18.00 á morgun - mánudag 13. október. Að venju verða boðin upp fjölmörg verk, meðal annars mörg verk eftir gömlu meistarana. Að þessu sinni verður þó boðið upp óvenju mikið af abstraktverkum. Boðið verður upp litað Orteleusarkort frá 1595. Þetta er með allra verðmætustu og áhugaverðustu landakortum, gert af Orteliusi að fyrirmynd Guðbrandar Þorlákssonar biskups, segir í tilkynningu Foldar. Þá verður boðið upp stórt málverk eftir Dieter Roth, ströng flatarmálsmynd frá 1975, en verk þeirrar gerðar eftir Roth eru fágæti, hann vann í skamma hríð tuttugu árum fyrr í strangri formgerð afstraktsins og leiddist þaðan út í op-list. Ekki er vitað til þess að slíkt verk hafi áður verið boðið upp hér á landi og hjá uppboðshúsum meginlandsins og Bretlands eru þau sjaldséð á markaði. Uppboðsgripir verða til sýnis í Galleríi Fold við Rauðarárstíg, frá hádegi í dag til kl. 17 og á morgun kl. 10 til 17. Uppboðið hefst kl. 18 á morgun. Er áætlun forstöðumanna Foldar að uppboðin verði tíðari, en mun færri verk boðin upp hverju sinni. Segja forráðamenn Foldar að þessi breyting sé ekki aðeins gerð í sparnaðarskyni, heldur einnig vegna þess að sífellt stærri hluti viðskipta á uppboðunum fer fram í gegnum síma og netið. Vonast er til að þessari breytingu verði tekið vel og uppboðin verði framvegis snarpari og skemmtilegri.

Án titils eftir Dieter Roth, 1975. Olía - 90x140 – Merkt, Verðmat: 5. - 7.000.000 kr.

PIPAR • SÍA • 81894

Sjávarréttir

Á nýja sjávarréttamatseðlinum okkar er blanda af nýjum og klassískum sjávarréttum. Girnilegir réttir þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi.
Kynntu þér málið á www.rubytuesday.is

Skipholti 19 • Höfðabakki 9
Opið: Sun - fim: 11–22 • Fös - lau: 11–23

RubyTuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

FAGURFRÆÐI *sársaukans*

Sextíu verk Francis Bacon hanga nú uppi í Tate Britain á einni stærstu sýningu sem haldin hefur verið á verkum hans til þessa.

MYNDLIST SIGRÚN DAVÍÐSDÓTTIR

Francis Bacon Triptych - In Memory of George Dyer 1971, Fondation Beyeler, Basel © Estate of Francis Bacon. Öll réttindi áskilin. MYND: PETER SCHIBLI, BASEL

Colonial Room, einn af þessum gömlu og lúðu einkaklúbbum í Soho, er í fréttaveltunni um þessar mundir. Væntanleg lokun klúbbsins hefur vakið upp ramakvein meðal margra þekktra listamanna. Á þessum stað var löngum duglegur við drykkjuna Francis Bacon en getur þó ekki kvartað því hann lést 1992. Á Tate Britain er hins vegar verið að halda upp á 100 ára afmæli hans: hinn írski Bacon er frægur fyrir fleira en drykkjuna á Colonial Room.

Þegar önnur stórsýning Tate á verkum Bacons var haldin 1985 var hann ávarpaður sem mesti þálifandi listamaður Breta. Enginn annar listarmaður megnaði „að setja fram örlög mannskepnunnar af jafnmikilli innlifun og tilfinningu“. Tíminn hefur sannarlega ekki slegið á tilfinningarnar í verkum Bacons – sársaukinn æpir af striganum.

Samanburðurinn nú við bæði það sem fór á undan honum og eftir gefur verkum hans nýjar víddir – Bacon sótti jafnt í myndlist fyrri tíma og í aðal myndupprettu nútímans, ljósmyndir. Ef einhver efast um erindi málara í skugga yfirþyrmandi ljósmyndavæðingar samtímans þarf ekki annað en að gjóa augunum á verk Bacons. Hann fann sína leið til að mála á tímum ljósmyndavæðingarinnar.

Í heimsendastemningu meginlandsins

Bacon fæddist í Dyflinni 28. október 1909 en var enskur í báðar ættir, annar í röð fimm systkina. Faðirinn var skapmikill, kominn af hermönnum og þjálfaði veðhlaupahesta. Móðir hans var kát og glöð, af auðugum ættum. Fjölskyldan flutti fram og til baka milli Englands og Írlands, Bacon var um tíma í heimavistarskóla en rótlaus æska, astmi og heilsuleysi markaði æsku hans. Þegar hann var 17 ára kom pabbi hans að honum þar sem hann var að skoða sig í speglinum í undirfötum mömmu sinnar. Faðirinn rak hann umsvifalaust að heiman en mamma hans rétti honum hjálparhönd með því að sjá honum fyrir skotsilfri.

Um tíma flæktist Bacon um á meginlandinu, fór til Berlínar með vini föður síns. Sagan segir að faðir Bacons hafi beðið þennan vin sinn, sem var þekktur kvennamaður, að gera nú mann úr drengnum. Vinurinn var hins vegar einnig hneigður fyrir unga drengi og þeir tveir skemmtu sér saman í heimsendastemningu Berlínar.

Vorið 1928 var Bacon kominn til Frakklands, bjó í París og víðar. Um þessar mundir var verið að sýna þar verk listamanna eins og Picasso (1881-1973), Soutine (1893-1943) og de Chirico (1888-1978). Hann sá kvikmynd Rússans Serge Eisenstein (1898-1948), Orustuskipið Potemkín, átti oft eftir að mála æpandi konu úr þeirri mynd og las heimspekinginn Nietzsche (1844-1900). Bacon var eins og svampur, drakk þetta allt í sig, auk þess að njóta lífsins. Í lok 1929 settist hann að í London, fékkst við innanhússhönnun og fór að sýna húsgögn og teppi.

Drykkja, líf í listum, með listamönnum og elskhugum markaði fljótt líf hans. Hann sýndi hönnun en fór jafnframt að mála undir 1930. Fór ekki í skóla en sýndi stöku verk hér og þar. Eftir 1930 hætti hann hönnun, flæktist á milli húsa í London, stöðugt blankur og helgaði sig eingöngu myndlist. Um árabil bjó hann með Eric Hall sem flutti frá konu, börnum, virðulegu miðstéttarlífi á þeim tíma sem samneyti samkynhneigðra var enn bannað með lögum í Englandi.

Dýrslegt og kjötlegt

Myndirnar sem Bacon málaði fram til 1945 eyðilagði hann flestar. Eftir það er eins og hann álíti að nú sé myndlistarnáminu lokið og hann fer að sýna af krafti. Þegar í elstu myndunum gætir myndhrifa sem áttu eftir að einkenna verk Bacons – hið dýrslega og hið mannlega, úrvinnsla myndefna bæði úr listasögunni, kvikmyndum og ljósmyndum og guðleysi í ætt við Nietzsche en alltaf með ívafi úr hans eigin lífi, ferðalögum, ástarsamböndum og lífinu í London.

Í elstu myndunum er það strax hið dýrslega sem ber á – munnar sem gætu bæði verið á dýrum og mönnum virðast málaðir um það bil sem þeir góla og ýlfra í munngeiflum sem stefna í að glefsa. Bacon er strax í upphafi farinn að spinna út frá Innocentíusi 10., páfanum sem spænski málarinn Velázquez (1599-1660) málaði um 1650. Mynd Velázquez sýnir ellilegt andlit, þreytulegt yfirvald og er náin, nærgætin athugun.

Bacon fæst við kristilegt yfirvald miklu frekar en við miðaldra mann, setur hann í búr eða einhvern veginn undir eða bak við tjald. Páfinn fylgir Bacon eftir á 6. áratugnum, líka þessar innilokuðu verur og mannslíkaminn. Það er auðvelt að ímynda sér að Bacon sé að glíma við samband sitt við eldri karlmenn en myndirnar ná langt út fyrir einhverjar persónulegar pælingar.

Krossfesting og kjötskrokkar

Frá fyrstu ber á því í myndum Bacons að hann er heillaður af mannslíkamanum, ekki aðeins af holdi heldur einnig kjöti – óneitanlega skondið að hugsa til þess að málari sem heitir Bacon skuli kafa svona ofan í kjötið og krossfesta kjötskrokkana. Líkamar hans eru oft eins og kjötflykki sem hefur hvorki verið skorið né rifið heldur undið og snúið, teygt og togað á striganum.

Þetta gengur ekki fyrir sig með neinni ró heldur af brálæðislegu afli sem virðist þeyta myndefnunum á sinn stað. Saman við blandast svo pælingar um fórn og krossfestingu, ekki sem trúarhugsun heldur sem vangaveltur um mannlega hegðun. Efni sem hélt Bacon föngnum alla ævi – 1965 sagði hann um eitt krostfestingarverk sitt: „Við erum kjöt, við erum mögulegir kjötskrokkar.“

Pensillinn er oft þurr, striginn ber og hvort tveggja ýtir undir tilfinningu af hráu og nöktu afli. Dökkir litir, svona jakkafatalitir í bláu, grá og svörtu einkenna myndir hans, að ógleymdum fjólubláa páfalitnum, stöku sinnum með æpandi appelsínugulu.

Á ferð um Evrópu og listasöguna

Félagi hans á þessum árum er Peter Lacy, fyrrverandi flugmaður í flughernum en eins og gjarnan var um sambönd Bacons einkenndist samband þeirra Lacy bæði af ákafa og átökum sem án efa skilaði sér í myndum Bacons. Þeir ferðuðustu saman, meðal annars til Tangier sem setti svip sinn á málverkin í sterkum, þykkum litum, innblásnum af Van Gogh (1853-1890). Tangier var á þessum árum uppáhaldssamastaður listamanna eins og Pauls Bowles (1910-1999) sem Bacon kynntist.

Strax upp úr 1950 eru myndir Bacons farnar að vekja athygli. Tate og önnur söfn og safnarar farnir að sækjast eftir myndum hans og hann sýnir æ víðar og oftar, bæði heima og heiman. Eftir

HANDRITIN – saga handrita og hlutverk um aldir

SURTSEY – jörð úr ægi

SÍÐBÚIN SÝN – ljósmyndir Halldórs Laxness

ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

SÝNINGAR Á ÖLLUM HÆÐUM

Þjóðmenningarhúsið – The Culture House
National Centre for Cultural Heritage
Hverfisgötu 15 • 101 Reykjavík
Sími 545 1400 • www.thjodmenning.is
Sýningar - leiðsögn - verslun

Opið daglega kl. 11.00 – 17.00
Leiðsögn án endurgjalds í boði fyrir skólahópa.
Leiðsögn á ensku um handritasýninguna kl. 15.30 á mánudögum og föstudögum.
Veitingar á virkum dögum. **Myndlistarsýning í verslun og á veitingastofu: Ólafur Lárusson.**



Viltu vera í okkar liði?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 11 þúsund einstaklingar í 40 löndum sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að koma Actavis í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja.

Actavis leitar að metnaðarfullum einstaklingum til starfa sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni.

Starf við lyfjablöndun

Í starfinu felst:
- Uppvigtun hráefna
- Blöndun og frumvinnsla hráefna
- Samsetning á vélum
- Skjalfesting

Hæfniskröfur:
- Við leitum að einstaklingum sem búa yfir hæfni til að tileinka sér starfsemi á sérhæfðum vélbúnaði
- Reynsla og/eða þekking á framleiðslu eða sambærilegum iðnaði er kostur
- Iðnmenntun eða sambærileg menntun er kostur

Vinnutími:
- Um er að ræða vaktavinnu þar sem unnið er á þrískiptum vöktum. Unnið er viku í senn á dag- og kvöldvöktum og sjöttu hverja viku á næturvöktum.

Starf við lyfjapökkun

Í starfinu felst:
- Pökkun á töflum í glös og þynnur
- Þrif á pökkunarvélum og pökkunarsvæði
- Eftirlit með pökkunarlínum
- Stillingar og breytingar á tækjabúnaði
- Skjalfesting
- Sýnataka
- Merkingar á vörum til útflutnings

Hæfniskröfur:
- Stúdentspróf, iðnmenntun eða sambærileg menntun er kostur
- Nákvæmni og vandvirkni
- Hæfni til að tileinka sér starfsemi flókins vélbúnaðar er kostur

Vinnutími:
- Um er að ræða vaktavinnu þar sem unnið er á þrískiptum vöktum. Unnið er viku í senn á hverri vakt 5 daga vikunnar og 4 daga þegar um er að ræða næturvaktir.

Actavis veitir starfsmönnum sínum árlega styrki til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks. Við höfum gott mötuneyti og öflugt starfsmannafélag auk þess sem ein af líkamsræktarstöðvum World Class er í húsakynnum Actavis að Dalshrauni 1.

Actavis leitast við að ráða starfsfólk sem:
- sýnir metnað í hverju því sem það innir af hendi
- sýnir viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustulund
- leggur áherslu á samvinnu, því í sameiningu komumst við lengra en við getum ein
- ber virðingu fyrir auðlindum sínum og sýnir hagkvæmni í daglegum störfum
- hefur nægan sveigjanleika til að geta gripið tækifærin sem því gefast
- sýnir framsækni og lætur hlutina gerast

Nánari upplýsingar veitir **Jenný Sif Steingrímsdóttir, jsteingrimsdottir@actavis.is**
Umsóknir óskast fylltar út á **www.actavis.is**, undir **Störf í boði** fyrir **19. október nk.**

Actavis hf. Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

actavis

HORFUM TIL FRAMTÍÐAR
AKUREYRI

Becromal auglýsir eftir framtíðarstarfsfólki í álþynnuverksmiðju fyrirtækisins á Akureyri. Í fyrsta áfanga verksmiðjunnar er um að ræða allt að 90 störf.

Leitað er að aðilum í eftirtalin stjórnunarstörf:

- Yfirmaður rafmagnsmála
- Yfirmaður vélamála
- Framleiðslustjóri

Jafnframt er leitað að eftirfarandi:

- Rafvirkjum
- Rafiðnfræðingum
- Rafeindavirkjum
- Vélvirkjum
- Vélfræðingum
- Vélstjórum
- Málmiðnaðarmönnum
- Bókhalds- og launafulltrúa

Á næstu vikum verður auglýst í eftirtalin störf:

- Framlínustarfsmenn
- Skrifstofustörf
- Lager-, innkaupa- og flutningastjórnun

Nánari upplýsingar um störfin má finna á heimasíðu Capacent Ráðninga.

Á næstu dögum verður haft samband við þá sem þegar hafa skilað inn umsókn til Becromal.

Ítalska fyrirtækið Becromal SpA hefur verið selt þýska raftækjaframleiðandanum EPCOS, sem mun einnig eignast hlut Becromal SpA í Becromal á Íslandi ehf. Íslenska fyrirtækið Strokkur Energy mun hér eftir sem hingað til eiga 40 prósent hlut í Becromal á Íslandi.

EPCOS er leiðandi hátæknifyrirtæki. Hjá EPCOS starfa um 20.000 manns á 20 mismunandi starfsstöðvum út um allan heim. Verksmiðjur og hönnunarstöðvar fyrirtækisins má meðal annars finna í Evrópu, Norður og Suður Ameríku og Asíu. Tekjur fyrirtækisins á síðasta ári voru 1.4 milljarðar evra

Strokkur er íslenskt fjárfestingarfélag og er það samstarfsaðili Becromal á Íslandi.

Umsjón með störfunum hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Halla Björk Garðarsdóttir (halla.gardarsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Ráðið verður í störfin sem fyrst. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120

Kíktu á Vinna.is

Hjá Vinna.is eru fjölmörg störf í boði t.d. skrifstofustörf, framlínustörf, lager, útkeyrsla ofl. Skráðu þig á www.vinna.is og á póstlistann til að fá upplýsingar um ný störf á netfangið þitt.

vinna.is
sími: 511 1144

Verslunarstjóri

Samkaup Úrval á Ísafirði óskar eftir verslunarstjóra.

Starfssvið:
- Ábyrgð á rekstri verslunarinnar
- Dagleg stjórnun og starfsmannahald
- Samskipti við viðskiptavini
- Birgðahald og önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur:
- Reynsla af verslunarstörfum skilyrði
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Reynsla af stjórnun og/eða rekstri

Um áhugavert starf er að ræða hjá traustu fyrirtæki.
Góð laun í boði fyrir drífandi og kraftmikinn einstakling.

Upplýsingar veitir starfsmannastjóri, Dómhildur Árnadóttir á domhildur@samkaup.is
Umsóknarfrestur er til 15. október og umsóknir berist á sama netfang.

Samkaup úrval
Ísafjörður

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Störf í grunnskólum

Árbæjarskóli, Rofabæ 34, sími 567 2555
- Stuðningsfulltrúi, 70% staða

Fellaskóli, Norðurfelli 17-19, sími 557 3800
- Grunnskólakennari á yngsta stigi

Foldaskóli, Logafold 1, sími 540 7600
- Umsjónarkennari í 1.bekk
- Skólaliði, 50% starf, kl.12-16

Hlíðaskóli, Hamrahlíð 2, sími 552 5080
- Dönskukennari frá 1. nóvember, 50% starf

Ingunnarskóli, Maríubaugi 1, sími 411 7828
- Skólaliði frá 1. nóvember, starf til sex mánaða

Korpuskóli, Bakkastöðum 2, sími 411 7880
- Umsjónarkennari í 6-7 bekk

Langholtsskóli, Holtavegi 23, sími 553 3188
- Kennari í námsver fyrir unglinga, 80% starf

Víkurskóli, v/Hamravík, sími 545 2700
- Umsjónarkennari

Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða. Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á www.reykjavik.is/storf. Þar er að finna frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti. Þar er einnig hægt að sækja um.

Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Landsvirkjun

LÖGFRÆÐINGUR

Landsvirkjun er orkufyrirtæki sem leggur grunn að nútíma lífsgæðum. Fyrirtækið stefnir að því að verða öflugt á alþjóðavettvangi og starfar af ábyrgð í anda sjálfbærrar þróunar. Landsvirkjun er helsti raforkuframleiðandi á Íslandi og í forystu fyrir byggingu orkuvera sem hafa verið meðal stærstu framkvæmda á landinu. Fyrirtækið styðst við fjölbreytt rannsóknarstarf á sviði náttúruvísinda, verkfræði og orkumála og rekur umfangsmikla fjármálastarfsemi á alþjóðamarkaði. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun. Landsvirkjun vill vera í fararbroddi í framsækinni stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Landsvirkjun óskar eftir að ráða metnaðarfullan lögfræðing til almennra lögfræðistarfa. Viðkomandi heyrir undir yfirmann lögfræðimála fyrirtækisins á skrifstofu forstjóra.

Starfssvið
- Vinna við almenn lögfræðistörf
- Samningagerð
- Útboðs- og verktakamál
- Uppgjörsmál
- Aðstoð við dótturfélög

Menntunar- og hæfniskröfur
- Kandídats- eða meistaraþróf í lögfræði
- Starfsreynsla á sviði lögfræði
- Lögmannsréttindi kostur en ekki skilyrði
- Æskilegt að viðkomandi hafi þekkingu og/eða áhuga á raforkumálum, fyrirtækjarétti, útboðs- og verktakarétti, viðskiptasamningum, samkeppnisrétti og félagarétti
- Mög góð íslensku- og enskukunnátta
- Sjálfstæð, nákvæm og skiplögð vinnubrögð
Hvað er skáldskapur, ef ekki þessi straumur? mætti spyrja, er hann ekki sjálfur „alvöru lífsreynsla?“ og um svarið eru væntanlega flestir sammála; án hans er enginn skáldskapur. En er þá plat að finna strauminn „beint úr veruleikanum án milligöngu ljóðsins“ ... bíddu, er það hægt? Nei, auðvitað ekki, ljóðið kveikir strauminn, orð skáldsins, ekkert annað, það er augljóst, að öðrum kosti væri lesandinn að hugsa um eitthvað allt annað. Eru áhrifin þá minni ef lesandinn þekkir ekki viðkomandi? Nei, ekki ef vel er ort, þ.e.a.s. ekki ef ljóðið orkar svo sterkt á lesandann að hann geri orð þess að sínum, þá breytir það engu – og þá erum við komin alveg í hring. Niðurstaða: Þetta er bók sem vekur fallega tilfinningu og hugarflug sem barnssál okkar allra gleypir í fögnuði, þar sem skilin hverfa á milli þess sem er töff (eða bara sniðugt og orðríkt) og þess sem er alveg einlægt og streymir beint í allar gáttir. Án sorgar / er hjartað bara bolli / sem blóðið sullast um (63). Við skulum öll lesa þessa bók, það gerir ekkert nema gott.

Rifjum upp annað grunnatriði; samspil efnis og forms. Áhlaup síðustu aldar fólst í því að eyða mörkunum, í því gapi býr kjarnorka atómljóðsins og ætthvíslar þess. Áhlaupið á sér sígilda forsendu; varpa af sér þeim fjötrum brags og hefðar sem ávallt verja fyrr eða síðar hugmynd gærdagsins gegn lífsnauðsynlegu morgunmáli ljóðsins. Láta lesandann fá það á tilfinninguna að ljóðið sé frjálsborið og klæði sig sjálft og horfi til framtíðar þótt það sé vissulega jafnframt smíðisgripur höfundar (í póstmódernískum samtíma) og búið til úr (engu nema) orðum í heimi sem er þó næstum alveg gaga og engin skynsamleg orð ná yfir né nokkur regla.

Höfundur ratar þessa alkunnu óvissuferð og spinnur af smekkvísi, beitir þekkingu, sögu, bókviti, innsæi og kvenlegri vitund, otar saman ofvitru barni og óðamála vitringi, gefur ímyndun og orðflaumi víða nánast frjálst flug. Skáldið hæðist að sjálfu sér í sama mund og það messar, trúir samt á alvöru ljóðsins og útrás, hvolfir yfir lesandann sögulegum vísunum og bóklegum táknum af skondnu örlæti, fær hann til að hlæja og hlær svo að honum, skemmtir sér með honum, tárast með honum, minnir hann á mikilfengleik þess að vera bara breysk og holdleg en þó ægilega ærleg mannvera sem elskar og elskar. Sigar skopi á ljótleikann. Þannig sigrar fegurðin (75).

Bókin er völvuginning líðandi stundar, án tálsýnar, allur heimurinn í beinni, stundum aðeins um of, kastljósi beint að kvenlegum gildum, fegurð og friður sé með yður, lofsöngur síungrar nönnu.

Bravó.

Sigurður Hróarsson

Þórunn Erlu- Valdimarsdóttir sendir frá sér nýja ljóðabók.

Halldór Björn Runólfsson framan við stórt málverk Anselms Kiefer á sýningunni.

ÁST VIÐ FYRSTU SÝN

Einn af stórsöfnurum Evrópu, Reinhold Würth, þýskur iðjuhöldur í járnvörubransanum, hefur lánað Listasafni Íslands gott úrval úr sínu nær tólf þúsund verka safni, um fimmtíu verk sem verða til sýnis í safninu við Fríkirkjuveg næstu vikur.

MYNDLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Sýningin opnaði í gær að viðstöddu fjölmenni. Þar blöstu við nær fimmtíu kunn verk úr einkasafni Reinholds Würth. Safnið varð til á 7. áratugnum og hefur vaxið í réttu hlutfalli við velgengni eigandans. Í því eru nú um 11.500 verk eftir viðurkennda meistara alþjóðlegrar nútímalistar. Í því broti sem nú kemur fyrir sjónir Íslendinga kennir margra grasa. Þar er að finna hið einstæða verk Edvards Munch, Vampyr, eða Blóðsugu, sem hinn frábæri forkólfur expressjónismans og þekktasti málari Norðurlandanna máladi í fyrri heimstyrjöldinni, og er eitt af lykilverkum á ferli hans þótt ekki sé það frægara en Ópið sem er kunnast hans verka.

Halldór Björn Runólfsson, forstöðumaður listasafnsins, segir Würth vera eitt þeirra fyrirtækja í Þýskalandi sem fari ekki hátt en leggi mikið til samfélagsins. Úrvalið sem hingað komi geymi mörg meistaraverk nútímamyndlistar og teygi sig allt til helstu málara okkar daga: þar eru fjögur verk eftir Anselm Kiefer og fimm verk eftir Gerhard Richter en þeir eru báðir meðal helstu málara Evrópu í dag.

Sýningin rekur nútímann í myndlistinni frá Munch, impressjónismanum til okkar daga. Hér er í fyrsta sinn sýnt verk eftir Magritte á Íslandi. Þar er líka að finna Höfnina í Le Havre, eftir Camille Pissarro, elsta og virtasta frumkvöðul impressjónismans á 19. öld og aðra hafnarmynd frá Le Havre, eftir Eugène Boudin, upphafsmann listmálunar utandyra, sem kenndi hinum unga Claude Monet að mála undir berum himni upp úr miðri 19. öldinni.

Af meistarverkum úr Würth-safninu, nær okkur í tíma, má nefna Ský yfir þökum, eftir Pierre Bonnard, frá upphafi millistríðsáranna. Af samsvarandi þýskum verkum er Blómaveröndin í Wannsee, síðasta verk Max Liebermann, Stúlkan með hattinn milli birkitrjánna, sem Paula Modersohn-Becker, hinn skammlífi expressjónisti, máladi skömmu eftir aldamótin 1900, fimm árum fyrir andlátið.

Þar er líka Blökkudansmeyjan eftir Ernst Ludwig Kirchner, helsta leiðtoga þýska expressjónismans og Þrír áhorfendur, vatnslitamynd eftir Emil Nolde. Þá eru Skordýranautabanarnir eftir abstraktsúrrealistann André Masson. Þar er stórvirkið Korna-Neg, eftir Victor Vasarely, föður op-listarinnar, kennara Eyborgar Guðmundsdóttur.

Poppið á sinn fulltrúa á sýningunni: Nektina á ströndinni eftir Roy Lichtenstein,, Horft af veröndinni II, eftir David Hockney,. Innpakkaða fiðlu eftir Christo, einn fremsta fulltrúa ný-raunsæisins, Ex-Ringeye, sameiginlegt málverk Andys Warhol, Jean-Michels Basquiat og Francescos Clemente,

Af myndhöggvurum má nefna þá Günther Uecker, Bernar Venet, Stephan Balkenhol og Anthony Gormley, en sá síðastnefndi hlaut hin eftirsóttu, bresku Turner-verðlaun árið 1994.

Sýningin úr safni Würths er hvalreki á fjörur áhugamanna um myndlist hér á landi.

GERÐUBERG
www.gerduberg.is

STEINA
Vídeólistasýning
Efri hæð
Steina hlaut Heiðursorðu Sjónlistar árið 2008
Sýningin stendur til 2. nóv. og er opin virka daga frá 11-17 og helgar 13-16.
Boðið er uppá leiðsagnir eftir samkomulagi
Sími 575-7700 – gerduberg@reykjavik.is

Hrossaveisla
Skemmti- og fræðslukvöld um hrossakjötsneyslu Íslendinga fyrr og nú
Sögusetur íslenska hestsins í samstarfi við Hótel Varmahlíð og Veitingastaðinn Friðrik V. á Akureyri býður til hrossaveislu á Hótel Varmahlíð, laugardagskvöldið 18. október. Veislan hefst kl. 19.30 með fordrykk.
Hinn landsþekkti og margverðlaunaði veitingamaður Friðrik V. ásamt Þórhildi Maríu Jónsdóttur matreiðslumeistara á Hótel Varmahlíð töfra fram frábæran fjögurra rétta matseðil, þar sem hrossið verður í aðalhlutverki.
Fjölbreytt dagskrá:
Hrafnkell Lárusson, sagnfræðingur fjallar um hrossakjötsneyslu landsmanna – frá almennu forboði til daglegrar neyslu
Friðrik V. fjallar um möguleika í matreiðslu á hrossa- og folaldakjöti
Jói í Stapa kveður forboðnar vísur
Gunnar Rögnvaldsson tekur lagið með gestum
Veisla, skemmtun og fræðsla sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara!
Verð einungis kr. 4.200
Borðapantanir fara fram á info@hotelvarmahlid.is eða í síma 453 8170
Hótel Varmahlíð ★★★
Skagafjörður Matur úr héraði Local food
Skagafjörður 10 ára Menningar- og kynningarnefnd
VAXTARSAMNINGUR NORÐURLANDS VESTRA

„...fyrst á visir.is“
visir.is
...ég sá það á visir.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

EVRÓPSKA KVIKMYNDAAKADEMÍAN

Býður þér að taka þátt í ÁHORFENDAVERÐLAUNUNUM 2008 og kjósa uppáhalds myndina þína frá Evrópu, ásamt tækifæri á því að vinna ferð fyrir tvo á Evrópsku kvikmyndaverðlaunin í Kaupmannahöfn.

TILNEFNDAR ERU:

★ **ARN – TEMPELRIDDAREN**
(Arn: The Knight Templar)
Leikstjóri: Peter Flinth
Handrit: Jan Guillou og Hans Gunnarsson

★ **ATONEMENT**
Leikstjóri: Joe Wright
Handrit: Ian McEwan og Christopher Hampton

★ **BEN X**
Leikstjórn og handrit: Nic Balthazar

★ **BIENVENUE CHEZ LES CH'TIS**
(Welcome to the Sticks)
Leikstjórn: Dany Boon
Handrit: Dany Boon og Alexandre Charlot

★ **DIE WELLE** (The Wave)
Leikstjórn: Dennis Gansel
Handrit: Dennis Gansel og Peter Thorwarth

★ **EL ORFANATO** (The Orphanage)
Leikstjóri: Juan Antonio Bayona
Handrit: Sergio G. Sánchez

★ **ENSEMBLE, C'EST TOUT**
(Hunting and Gathering)
Leikstjóri: Claude Berri
Handrit: Anna Gavalda og Claude Berri

★ **HARRY POTTER AND THE ORDER OF THE PHOENIX**
Leikstjórn: David Yates
Handrit: Michael Goldenberg

★ **KEINOHRHASEN**
(Rabbit Without Ears)
Leikstjórn: Til Schweiger
Handrit: Anika Decker og Til Schweiger

★ **MONGOL**
Leikstjórn: Sergei Bodrov
Handrit: Arif Aliyev og Sergei Bodrov

★ **[REC]**
Leikstjórn: Jaume Balagueró og Paco Plaza
Handrit: Jaume Balagueró og Luis Berdejo

★ **SATURNO CONTRO**
Leikstjórn: Ferzan Ozpetek
Handrit: Ferzan Ozpetek og Gianni Romoli

ATKVÆÐAGREIÐSLA Á VEFNUM:

www.peopleschoiceaward.org

Frestur til að greiða atkvæði rennur út 1. nóvember 2008. Netkosningin lýtur reglum sem hægt er að nálgast hjá Ernst & Young AG, sem annast framkvæmd verðlaunahátíðarinnar.

Evrópsku kvikmyndaakademíuna skipa 1.800 fagmenn úr kvikmyndageiranum í þeim tilgangi að vekja athygli á kvikmyndalist í Evrópu.

EVRÓPSKU KVIKMYNDAVERÐLAUNIN VERÐA VEITT Í 21. SKIPTI, hinn 6. desember 2008 í Kaupmannahöfn,

í útsendingu Star! á Íslandi á kerfi Símans.

EFA
EUROPEAN FILM ACADEMY
EUROPEAN FILM AWARDS

EFA PRODUCTIONS

Október 2008
menning
[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]

AÐ TJALDABAKI

Neyðarfundur var boðaður í menntamálaráðuneytinu á föstudagsmorgun með helstu forkólfum listastofnana ríkisins. Ljóst er að veruleg umbreyting verður í rekstrarumhvefi stofnana og þær verða í skyndingu að minnka kostnað það sem eftir er ársins og geta búist við harkalegum niðurskurði við afgreiðslu fjárlaga. Spurning hvort ráðherraliðurinn, sem í ár var nær níutíu milljónir til ráðstöfunar fyrir ráðherra, sé ekki fyrsti liðurinn sem ætti að skera niður.

Vesturport-leikflokkurinn var byggður upp með dyggilegum stuðningi Björgólfs Thors Björgólfssonar og Kristínar Ólafsdóttur með tilstyrk Landsbanka Íslands.

Með honum breyttist nokkuð aðstaða frjálsra leikhópa með tíðum boðsferðum á listahátíðir erlendis. Núna er sú styrklind þorrin og því fyrirsjáanlegt að sýningar á verkum hópsins í New York og víðar eru fyrir bí.

Lokun á bankalínum og afgreiðslu fjármagns til erlendra viðskipta mun hafa afdrifarík áhrif á íslenskar bókaútgáfur sem prenta upplög sín erlendis. Tafir verða á útgáfum og prentun. Er því hætta á að margir fari illa út úr útgáfu á þessu ári, nema Forlagið sem tók þann pólinn á síðsumardögum að prenta allt sitt hér heima í Oddanum.

HAUSTÚTSALA
NÝTT KORTATÍMABIL
50-80% afsláttur
Aðeins í nokkra daga!
Regatta GREAT OUTDOORS™
www.utivistogsport.is
OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
Laug. 11. okt. 10 – 17
Sunn. 12. okt. 13-17
ÚTIVIST&SPORT
verslun/heildverslun
Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

Salka/GBÓ
Leyndarmálið felst í lögmáli aðdráttaraflsins.
Allt sem gerist í lífinu löðum við að okkur.
Leyndarmálið er falið innra með hverjum og einum og möguleikarnir eru endalausir.
www.Salka.is
Salka

Suðurhús 11
112 Reykjavík
Jarðhæð-sérinngangur-útsýni

Stærð: 68 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1990
Brunabótamat: 11.850.000
Bílskúr: Nei

RE/MAX Eignastýring

Opið hús í dag kl. 16:00 - 16:30

Verð: 22.500.000

Einstaklega góð 2-3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi,sérbílastæði sérverönd og stórkostlegu útsýni til suðurs. Forstofa með flísum á gólfi og fataskáp. Herbergi innaf forstofu með dúk á gólfi. Eldhús með gráhvítri innréttingu, keramik eldavél. uppþvottavél og parketi á gólfi. Stofa/borðstofa með parketi, útgengi út í suður garð með einstöku útsýni. Hjónaherbergi með fataskáp og parket á gólfi. Baðherbergi er með sturtuklefa, flísum á gólfi og veggjum og tengi f. þvottavél.

Lóa Sveinsdóttir
Sölufulltrúi
698-8733
loa@remax.is

Erlendur Davíðsson
Lögg. fasteignasali
534 4040
elli@remax.is

RE/MAX Eignastýring - Síðumúli 7 - 105 Reykjavík - Sími: 5344040 - www.remax.is

Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

TÆKIFÆRI Á FASTEIGNAMARKAÐI

RE/MAX Lind og RE/MAX Þing taka nú við umsóknum um störf við sölu og þjónustu á fasteignamarkaði. Reynsla af fasteignamarkaði og/eða fjármálamarkaði æskileg. Yfirgripsmikil starfsþjálfun og námskeið að hefjast.

Sendið nákvæma starfsferilsskrá
á box@remax.is

Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Frum

AS FASTEIGNASALA

Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Opið virka daga kl. 9–17

Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

NÝBYGGINGAR

MÖGULEIKI Á ALLT AÐ 90% LÁNI

NORÐURBAKKI 5 - HFJ. - TIL AFHENDINGAR STRAX Sérlega vandaðar 3ja og 4ra herb. íbúðir m/stæði í bílageymslu í glæsilegu lyftuhúsi á frábærum stað í miðbæ Hfj.

GLÆSILEGAR SÝNIGARÍBÚÐIR.
KYNNIÐ YKKUR FRÁBÆRA GREIÐSLUMÖGULEIKA.

* Vandaðar innréttingar og tæki frá EGG
* Gólfhiti m/hitastýringu í hverju rými
* Extra hljóðeinangrun milli hæða
* Extra lofthæð
* Vandaðar innréttingar og tæki frá EGG
* Flísalagðar svalir og timburverandir
* Stórar rennihurðar út á svalir og garð
* Sjónvarpsdyrasími
* Þakgarður

Verð frá 26,7 millj. 6928

NORÐURBAKKI 1 OG 3 - HAFNAFJ. - TIL AFHENDINGAR FLJÓTLEGA Glæsilegar 3ja-4ra herb. íbúðir m/stæði í bílageymslu á frábærum stað við sjávarsíðuna í miðbæ Hafnarfjarðar.

Glæsileg fullbúin sýningaríbúð.

* Vandaðar innréttingar frá InnX
* Vönduð tæki frá Miele
* Granítborðplötur í eldhúsi og á baði
* Gluggar niður í gólf
* Sameiginlegt garðsvæði á milli húsanna
* Sjónvarpsdyrasími
* Þakgarður

Verð frá 31,0 millj. 6649

KVISTAVELLIR 44 - HFJ. - TIL AFHENDINGAR STRAX Eigum eftir 6 glæsilegar 4ra herb. íbúðir í þessu fallega 4ra hæða LYFTUHÚSI. 3 íbúðanna eru með bílskúr og skilast þær fullbúnar með gólfefnum. Hinar 3 skilast fullbúnar án gólfefna. **MJÖG GOTT VERÐ**. Hágæða innréttingar og skápar frá AXIS. Uppþvottavél og ísskápur fylgir. Granít borðplötur í eldhúsi. Gólfhiti. **Afhending strax. Verð frá 27,1 millj.** 7080

SKIPALÓN 4-8 - HAFNARFJÖRÐUR Stórglæsilegar 2ja-4ra herb. íbúðir 70-167 fm í lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri á góðum útsýnisstað á Hvaleyrarholti.

Stæði í bílageymslu. Hágæðainnréttingar frá Agli Árnasyni. Uppþvottavél og ísskápur fylgir. Granít á borðum og sólbekkjum. Bílageymsla. Tvö baðherb. í stærri íbúðum. Tvennar svalir á flestum íbúðum. Afnotaréttur af 55 fm samkomusal. Golfvöllur í göngufæri. Afhending við kaups. **Verð frá 21,5 millj.** 7133

NORÐURBAKKI 15 - 17 OG 19 HFJ. Glæsilegar sérlega vandaðar 83 til 135 fm 2ja og 3ja herb. íbúðir á 1. til 5. hæð í nýjum LYFTUHÚSUM á NORÐURBAKKANUM, m/ STÆÐUM í bílageymslu. Sérlega vel skipul. eignir, gólfsíðir gluggar, gólfhiti, extra lofthæð o.fl. Frábær lóð milli bygginga. **Verð frá 25,7 millj.** 7561

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Fasteignablaðið
512 5469
694 4103
Ruth Bergs
ruth@365.is

NESEIGNIR
Sími 535 0200

Kristinn Kjartansson, gsm: 820 0762, kristinn@neseignir.is
Gunnar Valdimarsson, lögg. fasteignasali og viðsk.fræðingur, gsm: 895 7838, gunnar@neseignir.is
Kári Kort, gsm: 892 2506, kari@neseignir.is

FASTEIGNASALA Í ÁNANAUSTUM V/ SÓLVALLAGÖTU 84

Skrifstofuhúsnæði

Erum með til leigu/sölu glæsilegt nýlegt skrifstofuhúsnæði á jarðhæð á flottum stað við Ánanaust í vesturbæ Reykjavíkur. Um er að ræða 6-7 skrifstofuherbergi ásamt góðu sameiginlegu rými. Húsnæðið leigist með eða án húsgagna, tækja og áhalda.

Félög og fyrirtæki

Erum með traustan kaupanda af skuldsettum félögum/fyrirtækjum. Mikið skuldsett fyrirtæki/félög engin fyrirstaða.

Til leigu 4ra herbergja íbúð

Til leigu 4ra herbergja íbúð með bílskúr og frístundarherbegi í Grafarvogi. Um er að ræða góða íbúð á flottum stað og er hún laus til afhendingar. Leiguverð kr. 175 þúsund.

Til leigu 70 fm íbúð

Til leigu nýstandsett 70 fm íbúð á annari hæð við Miklubraut í Rvk. Laus til afhendingar Leiga kr, 1401 þúsund innifalið rafmagn, hiti og húsgjöld.

Sumarbústaðir Brekkuskógur

Erum með í sölumeðferð 3 góða 92.4 fm sumarbústaði með steyptri plötu og sökklum í Brekkuskógi í Biskupstungum. Húsin eru tilbúin einangruð ásamt rafmagnsgrind. Öll skipti skoðuð.

Fyrirtæki óskast á söluskrá

Erum eð kaupendur af ýmiskonar fyrirtækjum stórum sem smáum, eigum einnig á söluskrá okkar góð fyrirtæki til sölu m.a. þekkt og öflugt hótel á landsbyggðinni.

Raðhús til sölu í Lækjarsmára

Erum með í einkasölu mjög gott endaraðhús á góðum stað í Lækjarsmára í Kópavogi. Allar nánari uppl. á neseignir.is/fasteignir.is og í síma 5350200

Fjárfestingadæmi

Erum með í sölumeðferð heila húseign í Ármúla sem er í útleigu til tveggja aðila. Allar nánari uppl. gefnar á skrifstofu Neseigna.

Vegna mikilla fyrirspurna undanfarið óskum við eftir öllum tegundun af fyrirtækjum og fasteignum á skrá hjá okkur sem fyrst, einnig mikið skuldsettum félögum/fyrirtækjum.

Minnun á heimasíður Neseigna,
neseignir.is / fasteignir.is
535-0200

Gunnar Valdimarsson, lögg. fasteignasali

Auglýsingasími
512 5050

– Mest lesið

Þjóðleikhúsið
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Ástsælt verk sem hittir okkur öll í hjartastað
Frumsýning 17. október
Örfá sæti laus í október

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
Heillandi og krúttleg brúðusýning fyrir yngstu börnin
sun. 12/10 **örfá sæti laus**

Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson
Geysivinsælt ævintýri fyrir alla fjölskylduna!
sun. 12/10 **örfá sæti laus**

Macbeth
William Shakespeare
Blóð vill blóð...
Ekki missa af ögrandi sýningu
Örfá sæti laus í október
Takmarkaður sýningafjöldi

Sá ljóti
Marius von Mayenburg
Nú á leikferð um landið!
Fylgist með á
www.leikhusid.is

Minnum á áskriftarkortin
Þú sparar í allan vetur!

www.leikhusid.is

NOKKUR ORÐ
Þórunn Elísabet Bogadóttir

Hetjur óskast!

Undanfarnir dagar hafa verið skrítnir fyrir okkur öll. Mér hefur eiginlega stundum liðið eins og ég sé að horfa á virkilega langdregna og mjög óhugnanlega bíómynd. Einhvers konar dómsdagsmynd, þar sem einhver stórhætta, sem mun breyta heiminum, er yfirvofandi. Svo óraunverulegt hefur mér stundum fundist ástandið vera.

Mér þætti ástandið ábyggilega sjaldnar óraunverulegt ef ég væri ekki eins heppin og ég er. Í þessu ástandi er nefnilega allt í einu orðið gott að eiga lítið og skulda lítið. Mikið er ég líka fegin því fjármálauppeldi sem ég fékk og hefði verið svo auðvelt að hvika frá í mesta góðærinu á síðustu árum. Foreldrar mínir hafa þó alltaf staðið fastir á sínu og það hefðu svo sannarlega margir aðrir mátt hafa sama viðhorf. Ég veit ekki hversu mikið grín hefur verið gert að mömmu í gegnum tíðina fyrir það eitt að nota peningaseðla en ekki endalaus debet- og kreditkort. Nú er mælt með því. Annað ráð, frá pabba, er að taka aldrei lán í annarri mynt en þeirri sem maður fær útborgað í. Hljómar sjálfsagt í dag en margir hefðu nú hlegið að þessu fyrir ári. Eins með þriðja ráðið, að vera ekki að kaupa það sem maður hefur ekki efni á. Til hvers að eiga peninga þegar lánakjörin voru svona fín?

„Mikið er ég líka fegin því fjármálauppeldi sem ég fékk og hefði verið svo auðvelt að hvika frá í mesta góðærinu á síðustu árum.“

En aftur að dómsdagsmyndinni. Ég hef aldrei haft smekk fyrir svoleiðis myndum. Ég hef samt séð þær nokkrar og veit að flestar enda þær vel. Þær enda á því að einhver mikil hetja bjargar heiminum. Eina vandamálið er að í þessa mynd virðist hafa gleymst að ráða einhvern í hlutverk hetjunnar.

myndasögur

Pondus
Eftir Frode Øverli

Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið
Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell



Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Kl. 15
Listasafn Reykjavíkur býður safngestum Kjarvalsstaða upp á leiðsögn um sýningu Braga Ásgeirssonar, Augnasinfóníu, kl. 15 í dag en sýningin hefur hlotið fádæmagóða aðsókn og dómar um hana verið á afar jákvæðum nótum. Samnefnd bók um listamanninn, sem kom út í tilefni af sýningunni, hefur sömuleiðis selst vel. Sýningarstjóri Augnasinfóníu er Þóroddur Bjarnason.

menning

menning@frettabladid.is

Annað starfsár hefst í kvöld

Annað starfsár Listafélags Langholtskirkju hefst með glæsilegum tónleikum Þóru Einarsdóttur sópransöngkonu og Dimitris Ashkenazy klarinettuleikara, en þeir fara fram í kirkjunni í kvöld kl. 20. Á efnisskrá tónleikanna verða verk eftir tónskáld á borð við Debussy, Schumann, Schubert og Camille Saint-Saëns.

Þóra Einarsdóttir stundaði söngnám við Söngskólann í Reykjavík og framhaldsnám við Guildhall School of Music and Drama. Að námi loknu debúteraði Þóra við Glyndebourne Festival Opera aðeins 23 ára gömul, en frumraun hennar á sviði var í Rigoletto í Íslensku óperunni fimm árum áður. Síðustu árin hefur Þóra verið búsett í Þýskalandi þar sem hún var um sjö ára skeið fastráðin við Óperuna í Wiesbaden.

Klarinettuleikarinn Dimitri Ashkenazy hefur um árabil verið virkur bæði sem einleikari og kammermúsíkant. Á tónleikaferðum sínum um heiminn hefur hann komið víða fram meðal annars í Royal Festival Hall í London með Royal Philharmonic Orchestra og í Hollywood Bowl með Deutsches Symphonie-Orchester Berlin. Til viðbótar við helstu konserta fyrir klarinett hefur hann einnig tekið þátt í flutningi fjölda samtímaverka. - vþ

ÞÓRA EINARSDÓTTIR Sópransöngkonan kemur fram á tónleikum í Langholtskirkju í kvöld.

>Ekki missa af...

Myndlistarsýningunni Grasrót 08 sem nú stendur yfir í Verksmiðjunni á Hjalteyri, en henni lýkur í dag. Á sýningunni eiga verk þau Björk Viggósdóttir, Guðmundur Vignir Karlsson, Halldór Ragnarsson, Jeanette Castioni og Jóna Hlíf Halldórsdóttir. Sýningin er haldin í samstarfi við Nýlistasafnið og Sjónlist og sýningarstjóri er Þórarinn Blöndal.

STEFNAN TEKIN AUSTUR Aðstandendur Þjóðleiks komu saman í vindasömu veðri í vikunni.

Leiklist ungra efld

Þjóðleikhúsið kynnti í vikunni tilraunaverkefnið Þjóðleik sem miðar að því að efla leiklist ungs fólks á Austurlandi sem og nýsköpun í íslenskri leikritun. Þjóðleikhúsið er aðili að Vaxtarsamningi Austurlands og hefur samvinnu við Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs og fleiri aðila á Austurlandi um skipulag og framkvæmd þessa nýstárlega verkefnis. Nú þegar hefur fjöldi leikhópa ungra íbúa Austurlands skráð sig til þátttöku í verkefninu sem mun ljúka með stóreflis leiklistarhátíð í vor.

Þrjú leikskáld af yngri kynslóðinni, þau Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann, Sigtryggur Magnason og Bjarni Jónsson, sömdu sérstaklega ný leikrit, sniðin að þörfum ungra leikara, fyrir verkefnið.

Þjóðleikhúsið mun í vetur veita listrænum stjórnendum leikhópanna aðstoð í formi faglegrar ráðgjafar og námskeiða bæði í Reykjavík og á Austurlandi nú í haust og vetur. Þar verða teknir fyrir þættir eins og leikmyndahönnun, ýmiss konar sviðstækni, leikstjórn og skipulag æfingaferlis. Leiðbeinendur á námskeiðunum verður listafólk sem allt er í fremstu röð hvert á sínu sviði, og því ættu stjórnendur verkefnanna að fara vel undirbúnir af stað í vinnuna með sínum hópum.

Hver hópur mun síðan sýna í sínum skóla eða heimabyggð á þeim tíma sem honum hentar, en þegar líður á vorið verður efnt til stórrar uppskeruhátíðar þar sem allir hóparnir sýna á Egilsstöðum.

Það eru því sannarlega bjartir tímar framundan hjá leikhúsáhugafólki Austurlands. - vþ

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 12. október 2008

Tónleikar

17.00 Klezmertónleikar Söngsveitin Fílharmónía ásamt systkinunum Ragnheiði og Hauki Gröndal og þjóðlagasveit hans, verða með tónleika í Neskirkju við Hagatorg.

Listamannsspjall

15.00 Jón Sæmundur Auðarsson verður með listamannsspjall á Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu.

Myndlist

20.00 Rúrí mun fremja gjörning í samstarfi við Jóhann Jóhannsson, Nýlókórinn og Matthías Hemstock í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu. Rúrí er heiðurslistamaður listahátíðarinnar Sequences sem nú stendur yfir. Frekari upplýsingar á www.sequences.is

Ást við fyrstu sýn Sýning á verkum úr einkasafni Reinholds Würth á nær 50 valinkunnum verkum. Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7. Opið alla daga nema mánudaga, frá kl. 11.00-17.00.

Glætan Haraldur Jónsson sýnir í Suðsuðvestur, Hafnargötu 22, Reykjanesbæ. Sýningin stendur til 9. nóv og er opin um helgar frá kl. 13.00-17.00.

Viðburður

Suður-amerísk menningarhátíð í Kópavogi

15.00 Ekvador að fornu og nýju. Leiðsögn verður um sýninguna í Gerðasafni, Hamraborg 4.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

HÁTÍÐASTJÓRNENDUR Kristín Scheving ásamt stjórnendum evrópskra kvikmyndahátíða.

Hátíðir í samstarf

Í síðustu viku fór Kristín Scheving, stjórnandi kvikmynda- og myndbandslistahátíðarinnar 700IS Hreindýralands, til Bretlands á fund evrópskra stjórnenda svipaðra hátíða.

Tilgangur fundarins var að skipuleggja samstarfsverkefni sem hleypt verður af stokkunum árið 2010. Verkefnið fékk titilinn „Alternative Routes“ sem mætti þýða sem „Aðrir vegir – Aðrar leiðir.“ Stefnan er að skipuleggjendur hátíðanna vinni náið saman að listsköpun og færi bæði listamenn, listaverk, ráðstefnur og námskeið á milli borga og landa. Hver listamaður sem tekur þátt í 700IS til dæmis fær þarna möguleika á að sýna líka í öðrum Evrópulöndum.

700IS leitar nú að listamönnum til að taka þátt í 700IS 2009 og er áhugasömum bent á að fara inn á síðuna www.700.is

- vþ

Gamaldags leikrit með söng

Fólkið í blokkinni, leikrit með sönglögum, eftir Ólaf Hauk Símonarson var frumsýnt á stóra sviði Borgarleikhússins á föstudag. Áhorfendur skemmtu sér þokkalega þó auðvelt væri að sjá að gestir væru nokkuð hraktir eftir vikulangt hrunið. Hrófað er upp nýju áhorfendasvæði á hringsviðinu framan við tóman stóra salinn og er leikið á þrjá vegu á hliðar- og baksviðum. Gömul hugmynd um nýtingarmöguleika sviðsins framkvæmd, rétt eins og LR sjái nú það best í stöðunni að hverfa aftur í Iðnó með heldur gamaldags alþýðlegri sýningu með brotnum sjónlínum og þrengslum í leikrými.

Leikmyndin eftir Vytautas minnir um margt á ruslahauginn sem hann dró saman úr leikmunageymslum Þjóðleikhússins í fyrra fyrir Engissprettur. Björn Bergsteinn fær það hlutverk að lýsa og hér er lifandi dæmi um villur íslenskra leiklistarmanna: Þegar loks er komin almennileg aðstaða í stærsta leikhúsi landsins vilja þeir helst komast burt og bjóða upp á eins frumstæðar, kostnaðarsamar aðstæður og hægt er.

Sviðsetning Unnar Aspar lýtur prýðilega samhæfðum stíl og hæfir efninu: Fólkið í blokkinni er einfaldasta verkið sem Haukur hefur sent frá sér til þessa: allir þræðir yfirborðskenndir og fyrirsjáanlegir, hér er yfirborðið klappað, sumar persónur raunar algerlega innihaldslausar og sögurnar allar í einfaldasta lagi: strákur er skotinn í stelpu, pabbinn flýr í bjórdósina, fúll húsvörður er einmana, pólskur innflytjandi er eina manneskjan sem býr til einhvern aga á umhverfi sínu.

Þegar við bætist að sönglögin eru flest öll gripkennd og keimlík dellutextum eins og Ólafur hefur samið sér til dægrastyttingar, í bland við metnaðarfyllri ljóðasöngva við annarra lög, verður úr harla einfalt en saklaust skemmtiverk sem gæti fengið góða aðsókn hjá þeim sem sækja skemmtun eina í leikhús. Hinn hópurinn sem vill sjá annað og meira sættir sig ekki við svona trakteringar.

Hér er samt hægt að sjá nokkra góða takta: Jóhann Sigurðarson er á fornum slóðum en það er alltaf gaman að sjá hann. Halldóra Geirarðsdóttir er 100%, taktvísust allra, beinskeytt í hverju bragði og bjargar miklu. Jóhanna Vigdís getur lítið gert úr sínu innihaldslausa hlutverki, en Hallgrímur Ólafsson sem fær þakklátasta hlutverkið í sýningunni skilar því með miklum ágætum og var raunar fullnægjandi að horfa á hann og Halldóru til skiptis, svo góð eru þau. Sara Martí, Guðjón, Jóhannes, Dóri Gylfa, Margrét Helga, jafnvel bandið, skellir sér í gamaldags kumpánlegan leikstíl sem er í senn sveitó og líkur leik áhugamanna sem hentar efninu.

Við erum snúin aftur í gamla Iðnó-stílinn. Það er aftur rangur tími, önnur öld. Þetta er tuttugu árum seinna en Sveitasinfónía og Síldin kemur og allt er hér unnið eftir hugsjóninni: þetta er það sem fólkið vill – sem gengur líklega eftir. Höfum það bara nógu einfalt og billegt. **Páll Baldvin Baldvinsson**

LEIKLIST Hallgrímur Ólafsson og Jóhanna Vigdís Arnardóttir. Hann í prýðilegu gervi með hlutverk sem gefur gott tækifæri sem hann nýtir. Hún í innihaldslitlu hlutverki sem gefur ekkert færi. MYND LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR/GRÍMUR BJARNASON

LEIKLIST

Fólkið í blokkinni

eftir Ólaf Hauk Símonarson

Leikstjóri: Unnur Ösp Stefánsdóttir. Leikmynd: Vytautas Narbutas. Tónlistarstjóri: Jón Ólafsson. Búningar: Filippía I. Elísdóttir. Hljómsveit: Geirfuglarnir. Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson. Hljóð: Sigurvald Ívar Helgason. Dans: Lára Stefánsdóttir. Leikarar: Guðjón Davíð Karlsson, Halldór Gylfason, Halldóra Geirharðsdóttir, Hallgrímur Ólafsson, Jóhann Sigurðarson, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Magnús Guðmundsson, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Sara Marti Guðmundsdóttir.

★★

Þunnt og saklaust gaman í Iðnó-stíl.

Fjárfesting...
á traustum grunni
OPIÐ HÚS
í dag, frá kl. 15-16
Jónshús
2ja-4ra herbergja íbúðir fyrir fólk 60 ára og eldri í Sjálandshverfi í Garðabæ. Bílageymsla fylgir flestum íbúðum. Mjög góð staðsetning, fallegt umhverfi og góðar gönguleiðir.
Fullbúin sýningaríbúð með innréttingum frá Brúnás og gólfefnum frá Agli Árnasyni.
FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
BORGARTÚNI 31
Akkurat FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐI 27
Sími 594 5000
akkurat.is
Viggó: 824 5066
BYGG
FAGMENNSKA
METNAÐUR
REYNSLA
BÚUM BETUR
BYGG
www.bygg.is

Hófstillt gæðaverk Ómars

TÓNLIST

Fram af

Ómar Guðjónsson

★★★★

Þó að tónlistin á Fram af láti lítið yfir sér við fyrstu hlustun og menn séu ekki að spenna sig um of í spilamennskunni þá koma hófstillt gæðin í ljós við frekari kynni.

Ómar Guðjónsson er flinkur gítarleikari eins og hann hefur margsýnt síðustu ár, meðal annars sem meðlimur í Jagúar, Funkmaster 2000 og í latin-sveit Tómasar R. Einarssonar. Á Fram af, sem er önnur sólóplatan hans (Varmaland kom út 2003), leika með honum kontrabassaleikarinn Þorgrímur Jónsson og trommuleikarinn Matthías M. D. Hemstock.

Ómar semur öll lögin. Tónlistin flakkar um á landamærum djass, popps og rokks. Hún er án söngs, en gítarleikur Ómars er í framlínunni. Hann er stundum melódískur og léttleikandi t.d. í hinu poppaða Allt gleymdist og stundum rokkaður eins og í lokalaginu Útundan, en almennt séð má segja um hann og reyndar allan hljóðfæraleikinn á þessari plötu að menn eru ekki að spenna sig of mikið. Þeir þremenningar sýna allir tilþrif, en þau eru hófstillt, eins og menn vilji ekki trana sér um of fram. Þetta gefur plötunni afslappað og skemmtilegt yfirbragð. Við fyrstu hlustun náði platan reyndar ekki alveg til mín og ég hugsaði: „Er þetta eitthvað?“ en við frekari spilun fór maður að taka eftir snilldinni sem leynist víða í þessum níu lögum.

Fram af er heilsteypt og sannfærandi verk sem ætti að höfða til breiðs hóps unnenda djass og popptónlistar.

Trausti Júlíusson

Johnny Cash slær út Tupac

Svo virðist sem sveitasöngvarinn Johnny Cash sé á góðri leið með að slá rapparann Tupac Shakur út varðandi magn efnis sem er gefið út að honum látnum. Fjöldi platna og heimildarmynda um Cash er nú í undirbúningi, aðdáendum hans til mikillar ánægju.



JOHNNY CASH Sveitasöngvarinn Johnny Cash virðist aldrei hafa verið vinsælli en einmitt nú.

Fyrst í útgáfuröðinni átti að vera plata með endurhljóðblönduðum Johnny Cash-lögum með Snoop Dogg fremstan í flokki, syngjandi I Walk the Line með sjálfum kántríkónginum. Lagið Folsom Prison Blues verður þar einnig að finna í hressilegri útgáfu Petes Rock. Plata þessi átti að koma út 14. október en útgáfunni hefur verið frestað til 27. janúar á næsta ári.

Jólaþættir og fangelsi

Fyrst koma því út á DVD-mynddiski jólaþættirnir Johnny Cash Christmas Specials frá árunum 1978 og 1979, þar sem fram koma Johnny Cash, June Carter Cash, Kris Kristoffersson, Steve Martin og Andy Kaufman. Einnig er safnbox væntanlegt með jólaþáttum Cash frá árunum 1976 til 1979.

Fjörutíu ára afmælisútgáfa af tónleikaplötunni sígildu At Folsom Prison er einnig á leiðinni. Þar verða þrjátíu áður óútgefin lög auk DVD-disks með heimildarmynd um tónleikana.

Dylan og Gore í heimildarmynd

Platan All Aboard: A Tribute to Johnny Cash er svo væntanleg 21. október og hefur hún að geyma útgáfur ýmissa hljómsveita á lögum Cash. Heimildarmyndin Johnny Cash´s America fylgir þar á eftir á mynddiski. Þar verða viðtöl við stjörnur á borð við Bob Dylan, Snoop Dogg, Sheryl Crow, Tim Robbins og Al Gore. Með myndinni fylgir plata með lögum Cash, þar á meðal hinu áður óútgefna I Am the Nation.

Fimm ár frá dauða Cash

Hinn tólfta september síðastliðinn voru fimm ár liðin síðan Johnny Cash lést eftir langvinn veikindi, 71 árs gamall. Síðan þá hafa ferli hans verið gerð góð skil í kvikmyndinni Walk the Line auk þess sem nokkrar plötur hafa komið út með kappanum, þar á meðal safnplatan Unearth, My Mother´s Hymn Book og American V: A Hundred Highways.

Ekkert lát virðist þó vera á efni tengdu honum og ljóst að maðurinn í svörtu mun lifa í minningu fólks um ókomin ár.

freyr@frettabladid.is

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

HOUSE BUNNY	kl. 1 - 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	L
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	14
REYKJAVÍK-ROTTERDAM LÚXUS	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	14
BURN AFTER READING	kl. 5.45 - 8 - 10.15	16
PINAPPLE EXPRESS	kl. 8 - 10.30	16
MAMMA MIA	kl. 1 - 5.30	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 1 - 3	L
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 1 - 3.30	L

5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

HOUSE BUNNY	kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	L
HAMLET 2	kl. 6 - 8 - 10	7
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 6 - 8.20 - 10.30	14
BURN AFTER READING	kl. 8 - 10.15	16
MAMMA MIA	kl. 3.30 - 5.45	L
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 4	

5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

BURN AFTER READING	kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	16
PINAPPLE EXPRESS	kl. 5.30 - 8	16
STEP BROTHERS	kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	12
MIRRORS	kl. 10.20	16
RAFMÖGNUÐ REYKJAVÍK	kl. 10.15	L
BABYLON A.D.	kl. 5.45 - 8	16
GRÍSIRNIR 3	kl. 3.30	L
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 3.30	L

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

HOUSE BUNNY	kl. 8 - 10	L
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 6 - 8 - 10	14
MAMMA MIA	kl. 5.50	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 4	L
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 4	L

5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

RIGHTEOUS KILL	kl. 6, 8 og 10	16
REYKJAVÍK ROTTERDAM	kl. 6, 8 og 10	12
LUKKU LÁKI - Ísl. Tal	kl. 2(500), 4 og 6 (650 kr.)	L
JOURNEY 3D - DIGITAL 3D	kl. 2(800) og 4	L
MAMMA MIA	kl. 1.50(500), 4, 8 og 10	L

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM!

SAMbíóin ÁLFABAKKA

NIGHTS IN RODANTHE	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	L
NIGHTS IN RODANTHE	kl. 2 - 8 - 10:10	VIP
QUEEN RAQUELA	kl. 8 -10:10	12
PATHOLOGY	kl. 8 - 10:10	16
WILD CHILD	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	L
GEIMAPARNIR m/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6:10	L
JOURNEY 3D DIGITAL-3D	kl. 5:50	L
TROPIC THUNDER	kl. 8 - 10:20	16
TROPIC THUNDER	kl. 5:50	VIP
SVEITA BRÚÐKAUP	kl. 3:40 - 5:50	L
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30 - 4	L
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 1:30	L
STAR WARS	kl. 2	L

SAMbíóin KRINGLUNNI

QUEEN RAQUELA	kl. 6 - 8 -10 DIGITAL	12
NIGHTS IN RODANTHE	kl. 5:50 - 8:10 - 10:20	L
HAPPY GO LUCKY	kl. 8	12
DEATH RACE	kl. 10:20	16
JOURNEY 3D DIGITAL-3D	kl. 1:40 - 3:50 - 6	L
WILD CHILD	kl. 3:50	L
GEIMAPARNIR m/ísl. tali	kl. 2 - 4	L
GET SMART	kl. 1:40	L

SAMbíóin SELFOSS

REYKJAVÍK ROTTERDAM	kl. 6 - 8 - 10:10	14
WILD CHILD	kl. 6	L
QUEEN RAQUELA	kl. 8	12
CHARLIE BARTLETT	kl. 10:10	12
MAMMA MÍA	kl. 3:50	L
GEIMAPARNIR m/ísl. tali	kl. 2	L
LUKKU LÁKI m/ísl. tali	kl. 2	L
GRÍSIRNIR ÞRÍR m/ísl. tali	kl. 4	L

SAMbíóin AKUREYRI

GEIMAPARNIR m/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6	L
RIGHTEOUS KILL	kl. 8 - 10	16
STAR WARS	kl. 2	L
WILD CHILD	kl. 4 - 6	L
QUEEN RAQUELA	kl. 8	12
BABYLON A.D.	kl. 10	16

SAMbíóin KEFLAVÍK

REYKJAVÍK ROTTERDAM	kl. 6 - 8 - 10:10	14
QUEEN RAQUELA	kl. 8	12
PATHOLOGY	kl. 10	16
PINEAPPLE EXPRESS	kl. 5:50	16
GEIMAPARNIR m/ísl. tali	kl. 2 - 4	L
LUKKU LÁKI m/ísl. tali	kl. 2	L
GRÍSIRNIR ÞRÍR m/ísl. tali	kl. 4	L

BRITNEY SPEARS Popprinsessan hefur gengið í gegnum ýmislegt að undanförnu.

Britney talar um ógöngur sínar á MTV

Söngkonan Britney Spears tjáir sig um ógöngur sínar í nýrri heimildarmynd sem verður sýnd á MTV-sjónvarpsstöðinni 30. nóvember. „Ég hef gengið í gegnum ýmislegt og það er margt sem fólk veit ekki um," segir hún í myndinni. „Ég sit hérna og horfi til baka og hugsa: „Ég er skynsöm manneskja. Hvað í ósköpunum var ég að hugsa?" segir hún.

Britney játar að eiga erfitt með að lifa í stöðugu sviðsljósi fjölmiðlanna. „Ég er eiginlega föst á þessum stað og fólk spyr mig hvernig ég ráði við þetta. Maður sættir sig bara við þetta og tekur einn dag í einu," segir hún.

Frábær stemning hjá Motion Boys

Hljómsveitin Motion Boys hélt útgáfutónleika á Nasa á fimmtudagskvöld til að fagna sinni fyrstu plötu, Hang On. Fjöldi fólks mætti á tónleikana og skemmti sér vel enda Motion Boys þekkt fyrir að halda uppi góðri stemningu á tónleikum sínum.

Plata Motion Boys inniheldur smáskífulögin Waiting to Happen, Hold Me Closer To Your Heart, Steal Your Love, Queen Of Hearts og nýjasta lagið Five 2 Love. Á tónleikunum var platan flutt í heild sinni og á sama tíma var heimagerður hljóðgervill prufukeyrður í fyrsta skipti opinberlega. Áður en Motion Boys steig á svið fluttu strákarnir í Sprengjuhöllinni sérstæðan tónlistargjörning þar sem þeir klæddu sig upp og dilluðu sér í takt við taktfasta danstónlist. Vakti það mikla athygli viðstaddra svo ekki sé meira sagt.

MOTION BOYS Birgir Ísleifur Gunnarsson og félagar í Motion Boys voru í hörkustuði á tónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Þorgeir Már Jónsson og Anna Katrín Arnfinnsdóttir hlýddu á Motion Boys spila lög af nýju plötunni.

Rithöfundurinn Óttar Norðfjörð og Elois Basques létu sig ekki vanta á tónleikana.

Vinkonurnar Valý Þórsteinsdóttir, Sólveig Helgadóttir og Inga Lára Ingvarsdóttir litu við á Nasa.

Guðný Ella Thorlacius, Laufey Ingibjörg Lúðvíksdóttir og Elísabet Margeirsdóttir voru meðal gesta.

>Meistaraliðin spila fyrir BUGL

Meistarakeppni KKÍ fer fram í dag en þar munu mætast Íslandsmeistarar og Bikarmeistarar karla og kvenna frá síðasta tímabili. Báðir leikirnir fara fram á heimavelli Íslandsmeistaranna eða í Toyotahöllinni í Keflavík. Keflavík og Grindavík mætast í kvennaflokki klukkan 16.30 en hjá körlunum spila Keflavík og Snæfell klukkan 19.15. Ágóðinn af leikjum í Meistarakeppninni hefur frá upphafi runnið til ákveðins málefnis / samtaka. Í ár varð BUGL, Barna og Unglingageðdeild Landspítalans fyrir valinu .

sport

sport@frettabladid.is

LANDSLIÐSÞJÁLFARINN ÓLAFUR JÓHANNESSON: VAR ÁNÆGÐUR MEÐ MARGT Í LEIK ÍSLENSKA LIÐSINS

Við getum alveg borið höfuðið hátt eftir leikinn

Það var fyrirfram vitað að Ísland ætti við ramman reip að draga gegn stórliði Hollands sem er sem stendur númer fimm á styrkleikalista alþjóðaknattspyrnusambandsins FIFA. Landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson var vissulega svekktur yfir að tapa leiknum en gat þó tínt til margt jákvætt í leik íslenska liðsins.

„Það er náttúrulega alltaf svekkjandi að tapa en það er líka spurning hvernig menn tapa. Það verður að taka það líka með í reikninginn. Við vorum að spila við eina af sterkari þjóðum heims og við getum alveg borið höfuðið hátt eftir leikinn. Það er ekkert gefið að menn fari á jafn sterkan útivöll og hér í Hollandi og taki þrjú stig," segir Ólafur.

Ólafur var ágætlega ánægður með varnarleikinn en telur að íslenska liðið þurfi að gera betur á sóknarlega sviðinu.

„Mér fannst við ekki byrja leikinn nógu vel og við vorum að falla allt of langt til baka og það veit aldrei á gott, sér í lagi á móti sterku liði eins og því hollenska. Vinnusemin var kannski það sem stóð upp úr og mér fannst við vera að leggja okkur alla fram. Varnarleikurinn var líka nokkuð góður, sér í lagi þegar líða tók á leikinn, en eins og stundum áður þá náðum við ekki að leysa hlutina nógu vel þegar við komumst yfir miðju. Við verðum að vera hvassari í sóknaraðgerðum okkar. Hollenska liðið er ekkert sérstakt þegar það er ekki með boltann og við vorum ákveðnir fyrir leikinn að reyna að nýta okkur það til fulls. Við fengum alveg okkar færi í leiknum til þess að skora en það gekk ekki upp í þetta skiptið," segir Ólafur.

„Sóknarleikurinn er eitthvað sem við erum að reyna að vinna að og það tekur smá tíma. Við höfum verið að reyna að fá menn til þess að halda boltanum meira innan liðsins og það er, að ég tel, allt á réttri leið."

Hollendingar voru númeri of stórir

Baráttuglaðir Íslendingar urðu að játa sig sigraða, 2-0, gegn Hollendingum í undankeppni HM 2010 í Rotterdam í gærkvöld. Hollendingar sóttu stíft stóran hluta af leiknum en íslenska vörnin hélt ágætlega.

Holland	2-0	Ísland

De Kuip, áhorf.: 37.500 — Trefoloni frá Ítalíu (x)

1-0 Joris Mathijsen (15.)
2-0 Klaas-Jan Huntelaar (66.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	17–10 (6–1)
Varin skot	Van der Sar 2 – Gunnleifur 4
Horn	6–3
Aukaspyrnur fengnar	11–12
Rangstöður	1–1

FÓTBOLTI Ísland tapaði 2-0 gegn stórliði Hollands í gærkvöld en þetta var annar tapleikur liðsins í röð í undankeppni HM 2010 og Ísland situr á botni riðilsins með eitt stig.

Dagskipunin á de Kuip-leikvanginum var að heita einföld hjá landsliðsþjálfaranum Ólafi Jóhannessyni; agaður varnarleikur og að íslensku leikmennirnir sýndu þor og kjark til að halda boltanum og gripu þau sóknarfæri sem gæfust.

Íslendingar byrjuðu leikinn nokkuð vel og þó að Hollendingar væru mun meira með boltann gáfu íslensku varnarmennirnir engin færi á sér og varnarfærslurnar á öllu liðinu voru til fyrirmyndar.

Andartaks einbeitingarleysi varð hins vegar til þess að Hollendingar tóku forystu á 14. mínútu leiksins. Rafael van der Vaart átti hornspyrnu sem Íslendingar bægðu frá en boltinn barst aftur í lappirnar á van der Vaart úti á kantinum vinstra megin. Hann sendi boltann fyrir markið á varnarmanninn Joris Mathijsen sem var óvaldaður í teignum og skoraði af stuttu færi. Mikil vonbrigði fyrir Ísland þar sem um var að ræða fyrsta alvöru marktækifæri Hollendinga og fyrsta skot þeirra að marki í leiknum.

Hollendingar héldu áfram að pressa á Íslendinga og leituðu mikið að Ryan Babel á vinstri kantinum en Babel var einmitt sjálfur nálægt því að bæta við öðru marki á 26. mínútu en Kristján Örn náði þá að bjarga á marklínu.

Íslendingar fengu sín sóknarfæri þegar líða tók á fyrri hálfleikinn þar sem Emil og Veigar Páll, í tvígang, komust í góð skotfæri en skot þeirra fóru yfir markið.

Staðan var enn 1-0 þegar flautað var til hálfleiks og hollenskir áhorfendur, sem eru þekktir fyrir að vera kröfuharðir, farnir að ókyrrast í stúkunni. En íslensku leikmennirnir gátu vel við unað enda vel inni í leiknum.

Hollendingar bættu við öðru marki á 64. mínútu og aftur var van der Vaart smiðurinn. En í þetta skiptið átti hann stungusendingu á framherjann Klaas Jan Huntelaar sem þrumaði boltanum neðst í markhornið fjær, óverjandi fyrir Gunnleif í markinu. Það reyndist vera síðasta mark leiksins og því urðu hollenskir áhorfendur af markaveislunni sem þeir áttu eflaust von á fyrir leikinn.

Íslendingar náðu að vinna sig ágætlega inn í leikinn þegar líða tók á seinni hálfleik, líkt og þeir gerðu í lok fyrri hálfleiks, en það vantaði aðeins upp á að klára sóknirnar betur. Góði, gamli herslumunurinn. Það hlýtur engu að síður að vera framfaraskref að liðið reyndi að spila boltanum eins og lagt var upp með.

Óvinnandi vígi

Þrjátíu og fimm þúsund aðdáendur hollenska landsliðsins á de Kuip-leikvanginum í gærkvöld létu vel í sér heyra en hollenska liðið hefur ekki tapað leik þar í átta ár. Enn fremur hefur hollenska liðið nú ekki fengið á sig mark þar í 486 mínútur þannig að ekki var öfundsvert fyrir Íslendingana að mæta Hollendingum undir þessum kringumstæðum, í nánast óvinnandi vígi.

EITT - NÚLL Joris Mathijsen kemur hér Hollendingum í 1-0 strax á 14. mínútu leiksins, íslenska liðinu hafði því mistekist að halda út fyrstu tuttugu mínútur leiksins. Kristján Örn Sigurðsson og Hermann Hreiðarsson geta ekkert gert. NORDICPHOTOS/AFP

HOLLAND-ÍSLAND
ÓMAR ÞORGEIRSSON
skrifar frá Rotterdam
omar@frettabladid.is

MEIDDUR Grétar Rafn Steinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Grétar Rafn Steinsson:

Erum áfram í framför

FÓTBOLTI Grétar Rafn Steinsson var að vonum vonsvikinn með að geta ekki tekið þátt í leiknum gegn Hollandi í gær.

„Ég var búinn að búa mig andlega vel undir leikinn og hlakkaði mikið til að taka þátt í honum en svona getur stundum gerst. Við æfum náttúrulega af krafti og ég fékk þarna tæklingu í fótinn sem ég stóð í þegar ég var að fara að skjóta og fékk högg á hnéð. Þetta var svekkjandi en getur alltaf gerst," segir Grétar.

„Mér fannst liðið komast nokkuð vel frá leiknum og við erum áfram í framför. Nú er það bara Makedónía og ég mun fara með liðinu til Íslands og vonandi næ ég að spila þann leik," segir Grétar Rafn. - óþ

FRAMMISTAÐA ÍSLENSKA LIÐSINS

BYRJUNARLIÐIÐ

Gunnleifur Gunnleifsson, markvörður	8
Öruggur og sýndi af hverju hann átti skilið að vera valinn í liðið.	
Ragnar Sigurðsson, hægri bakvörður	7
Hafði í nógu að snúast en leysti hlutverk sitt prýðilega.	
Kristján Örn Sigurðsson, miðvörður	7
Fastur fyrir og stoppaði margar sóknir Hollendinga með góðum tæklingum.	
Hermann Hreiðarsson, miðvörður	7
Las leikinn vel og stjórnaði vörninni með sóma.	
Indriði Sigurðsson, vinstri bakvörður	7
Náði að halda sinni stöðu vel og var öruggur í sínum aðgerðum.	
Birkir Már Sævarsson, hægri vængmaður	7
Baráttuglaður og óþreytandi í hlaupum sínum fram völlinn.	
Brynjar Björn Gunnarsson, tengiliður	6
Kom með mikið öryggi inn í leik íslenska liðsins en skortir leikform.	
Stefán Gíslason, tengiliður	5
Fínn í fyrri hálfleik en var ekkert í boltanum í þeim seinni.	
Eiður Smári Guðjohnsen, sóknartengiliður	5
Náði ekki að setja mark sitt á leikinn og munar um minna.	
Emil Hallfreðsson, vinstri vængmaður	6
Átti ágætis spretti inn á milli en vantaði oft herslumuninn upp á hjá honum.	
Veigar Páll Gunnarsson, sóknarmaður	6
Duglegur og sýndi ágæt tilþrif, sérstaklega í fyrri hálfleik.	

VARAMENN

61. Theódór Elmar Bjarnason fyrir Ragnar Sigurðsson	5
Var lítið í boltanum og komst ekki í takt við leikinn.	
73. Aron Einar Gunnarsson fyrir Brynjar Björn Gunnarsson	-
87. Arnór Smárason fyrir Veigar Pál Gunnarsson	-

Miðjumaðurinn Stefán Gíslason var ósáttur með tapið gegn Hollandi:

Verðum að taka þrjú stig úr leiknum gegn Makedóníu

FÓTBOLTI Stefán Gíslason segir íslenska liðið vera í framför þrátt fyrir tapið gegn Hollandi í gær.

„Hvað getur maður sagt. Ég get ekki neitað því að ég sé svekktur. Við vorum samt að reyna að spila boltanum eins og fyrir okkur er lagt og það gekk ágætlega fannst mér gegn sterkum mótherja. Við náðum líka að skapa okkur ágætis marktækifæri og það er bara spurningin um að ná að klára þau betur. Maður getur aldrei verið ánægður með að tapa en við sýndum samt að við getum vel spilað fínan fótbotla," segir Stefán.

Stefán var sérstaklega ósáttur við seinna markið sem Hollendingar skoruðu.

„Við sofnuðum aðeins á verðinum í fyrra markinu sem þeir náðu að skora og það er eitthvað sem við eigum alveg að geta komið í veg fyrir. Seinna markið var samt enn meira svekkjandi þar sem þar var bæði um hendi á Hollendingana að ræða og rangstöðu. Það er náttúrulega mjög pirrandi að þeir hafi komist upp með það," segir Stefán.

Stefán telur Ísland nú þurfa að bíta í skjaldarrendur og markmiðið sé nú alveg klárt fyrir næsta leik, á miðvikudag þegar Makedóníumenn koma í heimsókn á Laugardalsvöll.

„Við verðum nú að taka þrjú stig gegn Makedóníu. Það er klárlega markmiðið og ef við ætlum einhvern tíman að taka þrjú stig í þessum riðli, þá er það á heimavelli gegn Makedóníu," segir Stefán. - óþ

BARÁTTA Indriði Sigurðsson sést hér glíma við Hollendinginn Dirk Kuyt sem spilar með Liverpool. NORDICPHOTOS/AFP

Valskonur eru úr leik í Evrópukeppninni eftir 2-3 tap fyrir ítalska liðinu Bardolino:

Vorum svo nálægt því að jafna

FÓTBOLTI Kvennalið Vals á ekki möguleika á að komast í átta liða úrslit Evrópukeppni félagsliða eftir 2-3 tap fyrir ítölsku meisturunum í Bardolino í öðrum leik sínum í riðlinum í Svíþjóð. Bardolino og heimakonur í Umeå eru komnar áfram þrátt fyrir að ein umferð sé eftir.

Valsliðið lenti annan leikinn í röð undir í upphafi leiks og Bardolinoliðið náði tvisvar sinnum tveggja marka forustu en Margrét Lára Viðarsdóttir náði tvisvar sinnum að minnka muninn.

„Við fengum mark á okkur eftir þrjár mínútur og þá var á brattann að sækja fyrir okkur," sagði Margrét Lára eftir leik.

„Ég er ótrúlega stolt af liðinu mínu og af því hvað allar lögðu sig mikið fram og hvað við vorum að gera frábæra hluti þrátt fyrir að tapa leiknum. Það er bara of dýrt að fá á sig þrjú mörk í Evrópukeppni," sagði Margrét en leikurinn var fast spilaður og ekkert var gefið eftir. „Það voru fimm leikmenn í okkar liði sem fengu spjald og þetta var heitur leikur. Það var mikið undir fyrir bæði lið og við gáfum okkur allar í þetta og seldum okkur dýrt en það bara dugði ekki til," sagði Margrét.

ÞRJÚ MÖRK Margrét Lára Viðarsdóttir hefur skorað öll þrjú mörk Valsliðsins í riðlinum í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hún gat ekki leynt vonbrigðum sínum. „Við erum gríðarlega svekktar. Bardonlino fór í undanúrslitin í fyrra en þessi leikur sýnir bara hvað við erum nálægt þessum liðum. Að mínu mati þá vorum við betri aðilinn í dag en það er ekki spurt að því," sagði Margrét og bætti við:

„Það munaði litlu allan leikinn og við vorum svo nálægt því að jafna. Ég held að leikurinn hefði þróast á allt annan hátt ef að við hefðum náð að jafna því þá hefðum við allavega verið áfram inni í keppninni," sagði Margrét Lára.

Valsliðið á einn leik eftir á móti Alma frá Kasakstan sem hefur eins og Valur tapað fyrstu tveimur leikjum sínum. „Við ætlum bara að spila upp á stoltið á þriðjudaginn og ætlum að sýna þessum liðum í Evrópu að við séum ekki bara eitthvað smálið frá Íslandi. Við erum stórt lið í Evrópu og við þurfum bara að koma til baka á þriðjudaginn, sýna úr hverju við erum gerðar og svara fyrir okkur," sagði Margrét Lára að lokum.

- óój

Gunnleifur Gunnleifsson var öryggið uppmálað í marki Íslands í gærkvöld:

Ég naut mín algjörlega í botn inni á vellinum

FÓTBOLTI Gunnleifur Gunnleifsson átti fínan leik fyrir íslenska liðið í gærkvöld og gat í raun lítið gert við þeim mörkum sem hann fékk á sig en hann var vitanlega svekktur með tapið.

„Menn eru náttúrulega svekktir með að tapa og við ætluðum að fá eitthvað út úr þessum leik en vissum auðvitað að þetta yrði erfitt og það var raunin. Hollendingar eru náttúrulega með frábært lið en mér fannst leikurinn vera góður hjá okkur og margt jákvætt sem við tökum frá þessu," segir Gunnleifur.

Gunnleifur var að leika sinn fjórða landsleik fyrir Íslands hönd og sinn fyrsta landsleik síðan árið 2000 og hann fann sig vel inni á vellinum.

„Þetta var frábær tilfinning og ég naut mín algjörlega í botn. Það var kannski smá stress í manni í upphafi, eins og kannski fleiri leikmönnum íslenska liðsins, en þegar líða tók á leikinn þá fann ég mig bara mjög vel. Þetta var þá bara eins og vera að spila á Kópavogsvellinum," segir Gunnleifur.

GRIPIÐ INN Í Gunnleifur Gunnleifsson stóð sig vel í sínum fyrsta landsleik í meira en sjö ár. NORDICPHOTOS/AFP

Gunnleifur varði nokkrum sinnum glæsilega í leiknum en hann hafði reyndar í nógu að snúast í marki HK í sumar og var því vel undirbúinn fyrir leikinn.

„Ég var alveg klár í þetta verkefni og var harðákveðinn í því að leggja mig allan í þetta og mér fannst mér bara takast nokkuð vel upp," segir Gunnleifur að lokum.

- óþ

Stjörnukonur unnu annan stórsigurinn í röð þegar liðið vann Fram 30-21 í gær:

Stjarnan skín skært hjá Atla

HANDBOLTI Atli Hilmarsson, nýráðinn þjálfari kvennaliðs Stjörnunnar, gat örugglega ekki hugsað sér betri byrjun en raun varð á því Stjörnukonur hafa unnið tvo fyrstu leikina undir hans stjórn með samtals 19 marka mun. Stjarnan vann sannfærandi níu marka sigur, 30-31, á slöku Framliði í Mýrinni í N1-deild kvenna í gær.

Leikurinn byrjaði ekki vel og bæði lið töpuðu boltanum í gríð og erg en síðan skiptu Stjörnukonur um gír og stungu af. Varnarleikur og markvarsla Garðabæjarliðsins var í góðu lagi allan tímann og skytturnar vöknuðu síðan þegar leið á leikinn.

Framliðið er aðeins skugginn af því liði sem barðist um titilinn í fyrra og það þarf margt að breytast ætli Framliðið sér að vera í toppbaráttunni í vetur.

Atli Hilmarsson, þjálfari Stjörnunnar, var sáttur í leikslok. „Þetta er mjög fínt og það var gaman hvað þetta gekk vel í dag," sagði Atli. „Við töpuðum tíu boltum í fyrri hálfleik en vorum samt sex mörkum yfir þannig að við sögðum í hálfleik að ef að við gætum fækkað töpuðu boltunum þá væri þetta komið. Fyrst og fremst er það ótrúlega góður varnarleikur sem skóp þennan sigur," sagði Atli.

SPÖRUÐ Þorgerður Anna Atladóttir lék vel þrátt fyrir meiðslin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stjörnuliðið varð fyrir áfalli á síðustu æfingu fyrir leik þegar fyrirliðinn Kristín Jóhanna Clausen meiddist og gat því ekki verið með í gær.

Dóttir Atla, Þorgerður Anna, fékk ekki mikið að spila hjá pabba sínum en nýtti sinn tíma nánast fullkomlega og skoraði sex skot með sannkölluðum þrumuskotum.

„Hún átti ekkert að spila þar sem að hún meiddist á ökkla á miðvikudaginn. Hún var ekki hópnum en þar sem Kristín meiddist þá kom hún inn. Hún átti frábæran leik," sagði Atli um stelpuna sína en hann ákvað að hvíla hana í seinni hálfleik þegar sigurinn var í höfn.

Atli er ánægður með stöðu mála enda ekki hægt annað þar sem Stjörnuliðið er með fullt hús á toppnum.

„Liðið er í fínu standi, ég er búinn að vera með þær á æfingum í eina viku, ég er bara að kynnast þeim og við erum bara að læra á hvert annað. Þetta verður bara vonandi gaman enda eru þetta frábærar handboltastelpur. Þær hafa bara eitt markmið sem er að vera á toppnum. Það líkar mér vel," sagði Atli.

- óój

ÚRSLITIN Í GÆR

Evrópukeppni kvenna

Valur-Bardolino 2-3
0-1 Parisi (3.), 0-2 Paliotti (38.), 1-2 Margrét Lára Viðarsdóttir, víti (44.), 1-3 Girelli (74.), 2-3 Margrét Lára Viðarsdóttir (81.)

Umeå-Alma 6-0

EHF-keppnin í handbolta

Omni SV Hellas-Fram 23-32 (9-17)
Mörk Fram: Rúnar Kárason 9, Andri Berg Haraldsson 8, Magnús Stefánsson 4, Magnús Einarsson 4, Stefán Stefánsson 2, Guðmundur Hermannsson 2, Guðjón Drengsson 1, Haraldur Þorvarðarson 1, Brjánn Guðni Bjarnason 1. Davíð Svansson varði 24 skot.

N1-deild karla

FH-Valur 27-27 (18-14)
Mörk FH: Aron Pálmarsson 12, Ásbjörn Friðriksson 4, Ólafur Guðmundsson 4, Sigurður Ágústsson 2, Guðmundur Petersen 2, Ari Þorgeirsson 2, Hjörtur Hinriksson 1. Magnús Sigmundsson varði 16 skot.
Mörk Vals: Elvar Friðriksson 6/4, Sigurður Eggertsson 5, Baldvin Þorsteinsson 5, Sigfús Páll Sigfússon 4, Arnór Gunnarsson 3, Ingvar Árnason 2, Anton Rúnarsson 1, Orri Freyr Gíslason 1. Ólafur Gíslason varði 20 skot.

N1-deild kvenna

Stjarnan-Fram 30-21 (13-7)
Mörk Stjörnunnar (skot): Alina Petrache 10/1 (17/2), Þorgerður Anna Atladóttir 6 (9), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4 (4), Sólveig Lára Kjærnested 3 (4), Harpa Sif Eyjólfsdóttir 3 (6), Birgit Engl 2 (5), Elísabet Gunnarsdóttir 1/1 (2/2), Hildur Harðardóttir 1 (1).
Varin skot: Florentina Stanciu 24 (44, 55%), Sólveig Björk Ásmundardóttir 3 (4, 75%).
Mörk Fram (skot): Þórey Rósa Stefánsdóttir 5 (7), Karen Knútsdóttir 4 (8), Sara Sigurðardóttir 4 (12), Hildur Knútsdóttir 2 (2), Marthe Sördal 2 (3), Stella Sigurðardóttir 2 (7), Pavla Nevarilova 1 (4), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1/1 (7/1)
Varin skot: Gabriela Cristescu 8 (28/1, 29%), Sunneva Einarsdóttir 8/1 (18/2, 44%).

FH-Valur 31-35 (16-19)
Mörk FH: Hildur Þorgeirsdóttir 10, Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 8, Guðrún Helga Tryggvadóttir 4,Ebba Særún Brynjarsdóttir 3, Gunnur Sveinsdóttir 2, Hafdís Hinriksdóttir 2, Arnheiður Guðmundsdóttir 2.
Varin skot: Helga Vala Jónsdóttir 12.
Mörk Vals: Hrafnhildur Skúladóttir 8, Eva Barna 6, Íris Ásta Pétursdóttir 5, Drífa Skúladóttir 5, Dagný Skúladóttir 4, Ágústa Edda Björnsdóttir 3, Arna Grímsdóttir 2, Hafrún Kristjánsdóttir 1, Hildigunnur Einarsdóttir 1.
Varin skot: Berglind Íris Hansdóttir 18, Marta Skorem 1.

Haukar-Fylkir 29-24 (17-11)
Mörk Hauka: Hanna Guðrún Stefánsdóttir 15, Nína Björk Arnfinnsdóttir 5, Tatjana Zukovska 3, Ramune Pekarskyte 3, Erla Eiríksdóttir 1, Herdís Hallsdóttir 1, Ester Óskarsdóttir 1.
Mörk Fylkis: Sunna Jónsdóttir 10, Ásdís Rut Guðmundsdóttir 4, Rebekka Rut Skúladóttir 3, Sunna María Einarsdóttir 3, Hanna Rut Sigurjónsdóttir 2, Katrín Andrésdóttir 1, Elín Helga Jónsdóttir 1.

Grótta-HK 27-33 (8-17)
Mörk Gróttu: Eva Björk Hlöðversdóttir 8, Laufey Ásta Guðmundsdóttir 5, Aukse Vysniauskaite 4, Karólína Bæhrenz 4, Hildur Marín Andrésdóttir 1, Tinna Laxdal Gautadóttir 1, Ragna Karen Sigurðardóttir 1, Harpa Baldursdóttir 1, Arndís María Erlingsdóttir 1.
Mörk HK: Jóna Sigríður Halldórsdóttir 13, Arna Sif Pálsdóttir 5, Elísa Ósk Viðarsdóttir 4, Lilja Lind Pálsdóttir 3, Pavla Kulikova 3, Brynja Magnúsdóttir 3, Elva Björg Arnarsdóttir 2.

Undankeppni HM 2010

1. RIÐILL
Ungverjaland-Albanía 2-0
1-0 Torghelle (48.), 2-0 Juhasz (81.)
Danmörk-Malta 3-0
1-0 Larsen (10.), 2-0 Agger (29.), 3-0 Larsen (47.)
Svíþjóð-Portúgal 0-0

2. RIÐILL
Sviss-Lettland 2-1
Lúxemborg-Ísrael 1-3
Grikkland-Moldavía 3-0

3. RIÐILL
Pólland-Tékkland 2-1
Brozek (27.), Blaszczykowski (53.) - Fenin (87.)
San Marínó-Slóvakía 1-3
Slóvenía-Norður-Írland 2-0
1-0 Novakovic (84.), 2-0 Ljubijankic (85.)

4. RIÐILL
Finnland-Aserbaídsjan 1-0
1-0 Forssell, víti (62.)
Wales-Liechtenstein 2-0
1-0 Edwards (42.), 2-0 Evans (80.)
Þýskaland-Rússland 2-1
Podolski (9.), Ballack (28.) - Arshavin (51.)

5. RIÐILL
Tyrkland-Bosnía 2-1
Sjálfsmark (51.), Erdinc (66.) - Dzeko (27.)
Belgía-Armenía 2-0
1-0 Sonck (22.), 2-0 Fellaini (38.)
Eistland-Spánn 0-3
0-1 Juanito (34.), 0-2 Villa, víti (38.), 0-3 Puyol (69.).

6. RIÐILL
England-Kasakstan 5-1
1-0 Ferdinand (52.), 2-0 Sjálfsm. (65.), 2-1 Kukeyev (68.), 3-1 Rooney (77.), 4-1 Rooney (86.), 5-1 Defoe (90.)
Úkraína-Króatía 0-0

7. RIÐILL
Færeyjar-Austurríki 1-1
1-0 Lokin (46.), 1-1 Stranzl (48.)
Rúmenía-Frakkland 2-2
1-0 Petre (6.), 2-0 Goian (17.), 2-1 Ribery (37.), 2-2 Gourcuff (69.)
Serbía-Litháen 3-0
1-0 Ivanovic (6.), 2-0 Krasic (34.), 3-0 Zigic (82.)

8. RIÐILL
Georgía-Kýpur 1-1
Búlgaría-Ítalía 0-0

9. RIÐILL
Skotland-Noregur 0-0
Holland-Ísland 2-0

dagskrá

> Anne Hathaway

„Ég gæti eflaust haft mjög gaman af tísku en á meðan bransinn hannar föt fyrir herðatré frekar en konur með vöxt þá er þangað heldur fátt fyrir mig að sækja.“ Hathaway leikur í myndinni The Devil Wears Prada sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON SPÁIR ÞVÍ AÐ DEKKÓ-ÆÐI SÉ Á ÚTLEIÐ

Kreppu-chic?

Á milli þess sem maður les svartsýnisspár í bloggheimum landsins þar sem ætla má að skömmtun sé það sem koma skal næstu tuttugu árin hér á klakanum og horfir á ásta blaðamenn tala um Ísland á Sky eru þó sumir hlutir sem breytast seint. Það var þátturinn Innlit/útlit sem þó sérstaklega vakti furðu mína. Hann hefur hingað til verið hið besta dæmi um hina íslensku sauðfjársál sem hópast í nýjustu „trendin“ og gerir allt nákvæmlega eins og granninn. Á heimilum góðra Íslendinga mátti ekki þverfóta fyrir eggjum og svönum, hvítum leður Corbusier-eftirlíkingum, Kartell-lömpum, háglansandi sprautulökkuðum svart/hvítum eldhúsum og ittalla-glösum og -vösum. Ekki að fyrrnefnt sé ekki óskaplega fínt en einhvern veginn missir þetta allt sjarmann þegar það er keypt allt í einum graut vegna þess

að maður er bara ekki maður með mönnum nema þetta sé til staðar á heimilinu. Skítt með það þótt Eames-stóllinn og Montana-hillan séu á lánum, maður verður jú að spila með. En í síðustu viku þegar allt fór til fjandans þá var Innlit/útlit eitt það mest absúrd sem sést hefur á skjánum lengi. Fólk að kaupa upp heilu búðarlagerana af svart/hvítum innréttingum í Lettlandi og innrétta baðherbergi með risapotti og sturtu sem er með „sæti fyrir tvo, gufu og síma“. Eitt það merkilegasta við þessa blessuðu kreppu mun kannski verða það að hinn íslenski hnakk-ismi hefur runnið sitt skeið. Plebbinn gæti mögulega verið dauður.

EKKI MISSA AF

▶ **19.40 Svartir englar** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.00 NFL Seattle - Green Bay Packers,** STÖÐ 2 SPORT

▶ **20.30 Dagvaktin** STÖÐ 2

▶ **20.40 Twenty Four 3** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **21.00 Law & Order. SVU** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Í næturgarði, Pósturinn Páll, Friðþjófur forvitni, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Gló magnaða, Fræknir ferðalangar, Lára og Sigga ligga lá.
11.05 Gott kvöld (e)
11.55 Viðtalið (e)
12.30 Silfur Egils
13.55 Saga Indlands (4:6) (e)
14.55 Maður ársins (Man of the Year)
16.50 Kínverskar krásir (5:6)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Risto (3:6) (e)
17.35 Raunir Gabríels riddara (e)
17.50 Risto (4:6) (e)
18.00 Stundin okkar
18.30 Spaugstofan (e)
19.00 Fréttir
19.35 Veður
▶**19.40 Svartir englar** (4:6) Íslensk spennuþáttaröð byggð á sögum eftir Ævar Örn Jósepsson um hóp rannsóknarlögreglumanna sem fæst við erfið sakamál.
20.30 Sunnudagskvöld með Evu Maríu Eva María Jónsdóttir ræðir við Þórunni Soffíu Jóhannsdóttur.
21.10 Stóri dagurinn (Den store dag) Dönsk bíómynd frá 2005. Þrír vinir reka brúðkaupsþjónustu og berjast í bökkum þangað til að frægt par leitar á náðir þeirra.
22.40 Hringiða (2:8) (Engrenages) Franskur sakamálamyndaflokkur.
23.35 Silfur Egils (e)
00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Harry Potter and the Goblet of Fire
10.35 The Object of Beauty
12.15 The Devil Wears Prada
14.05 My Baby's Daddy
16.00 Harry Potter and the Goblet of Fire
18.35 The Object of Beauty
20.15 The Devil Wears Prada Bandarísk kvikmynd frá árinu 2006 með Meryl Streep og Anne Hathaway í aðalhlutverkum.
22.05 Gattaca
00.00 Everbody's Doing It
02.00 Ice Harvest
04.00 Gattaca
06.00 Tristan + Isolde

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney og vinir, Litla risaeðlan og Kalli á þakinu.
08.05 Algjör Sveppi Blær, Þorlákur, Fífí, Áfram Diego Afram!, Könnuðurinn Dóra.
09.30 Stóra teiknimyndastundin
09.55 Fjöslkyldubíó-Shark Tale
11.30 Latibær (9:18)
12.00 Hádegisfréttir
12.30 Neighbours
12.50 Neighbours
13.10 Neighbours
13.30 Neighbours
13.50 Neighbours
14.15 Chuck (6:13)
15.10 Two and a Half Men (16:24)
15.40 Logi í beinni
16.25 The Daily Show. Global Edition
16.55 Oprah Skemmtilegur þáttur með vinsælustu spjallþáttadrottningu heims.
17.40 60 mínútur NÝTT Reyndir fréttaskýrendur í Bandaríkjunum fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.59 Íþróttir
19.05 Veður
19.10 Mannamál Sigmundur Ernir Rúnarsson fær til sín góða gesti og fjallar um málefni líðandi stundar, menninguna og allt þar á milli á mannamáli.
19.55 Sjálfstætt fólk (4:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum í viðtalsþætti sínum.
▶**20.30 Dagvaktin** (4:11) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremenninganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.
21.05 Numbers Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri er varðstjóri hjá FBI en sá yngri er stærðfræðiséni sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.
21.50 Fringe - NÝTT (1:22)
22.35 60 mínútur NÝTT
23.20 Mannamál
00.05 Suzanne's Diary for Nicholas
01.35 Godsend
03.15 Fahrenheit 9:11
05.20 Two and a Half Men (16:24)
05.45 Fréttir

STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

08.40 Gillette World Sport Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi.
09.10 Undankeppni HM 2010 Útsending frá leik Englendinga og Kazakhstan.
10.50 F1. Við rásmarkið Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum.
11.30 Formúla 1 2008 Útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum í Japan.
13.30 Evrópumótaröðin í golfi Bein útsending frá Madrid Masters-mótinu í golfi en mótið er hluti af Evrópumótaröðinni.
16.30 Undankeppni HM 2010 Útsending frá leik Hollendinga og Íslendinga.
18.15 Box - Samuel Peter - Vitali Klitschko
19.30 NFL deildin Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.
▶**20.00 NFL deildin** Bein útsending frá leik Seattle og Green Bay Packers í NFL-deildinni.
23.00 F1. Við endamarkið Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin.
23.40 Evrópumótaröðin í golfi Útsending frá World Match Play-mótinu í golfi.

STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

14.00 Masters Football UK Masters cup er vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.
16.15 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
16.45 PL Classic Matches Everton - Liverpool, 2003. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
17.15 PL Classic Matches Chelsea - Tottenham, 2003.
17.45 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Chelsea og Man. Utd.
19.25 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Everton og Liverpool.
21.05 PL Classic Matches Man United - Ipswich. 1994.
21.35 PL Classic Matches Everton - Manchester United, 1995.
22.05 Masters Football

SKJÁREINN

09.40 Vörutorg
10.40 Moto GP - Hápunktar Sýndar svipmyndir frá síðustu keppni í MotoGP.
11.40 Dr. Phil (e)
12.25 Dr. Phil (e)
13.10 Dr. Phil (e)
13.55 Dr. Phil (e)
14.40 Dr. Phil (e)
15.25 What I Like About You (e)
15.50 Frasier (e)
16.15 America's Next Top Model (e)
17.05 Innlit / Útlit (e)
17.55 How to Look Good Naked (e)
18.45 Singing Bee (e)
19.45 America's Funniest Home Videos Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
20.10 Robin Hood (8:13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött. Marian vaknar sem útlagi í Skírisskógi í fyrsta sinn með Hróa og félögum hans. En fífldirfska hennar stofnar næsta verkefni útlaganna í hættu.
▶**21.00 Law & Order. Special Victims Unit** (9:22) Kona finnst látin í Central Park og í fyrstu er erfitt að finna dánarorsök en Stabler ákveður að rannsaka málið upp á eigin spýtur. Eiginmaður konunnar og vinafólk þeirra reynast öll eiga leyndarmál þar sem dóp og framhjáhald koma við sögu.
21.50 Swingtown (9:13) Ögrandi þáttaröð um makaskipti í rótgrónu úthverfi Chicago á áttunda áratugnum. Á sama tíma og Tom og Trina ákveða að hætta makaskiptunum kanna Bruce og Susan nýjar lendur með Brad og Sylvia.
22.40 CSI. Miami (e)
23.30 30 Rock (e)
00.00 Jay Leno (e)
00.50 Vörutorg
01.50 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 valið endursýnt efni liðinnar viku Sýnt á klst.-fresti til 12.15 daginn eftir.
N4 Sjónvarp Norðurlands
Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Nú er rétti tíminn til að fjárfesta í myndlist

Listmunauppboð

verður haldið mánudagskvöldið 13. október í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Uppboðið hefst kl. 18. Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna.

Jón Stefánsson

Gunnlaugur Blöndal

LISTMUNASALA fold

Verkin eru til sýnis:
sunnudag kl. 12–17 og mánudag 10–17

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.50

Fringe

Hér er á ferðinni nýjasta hugarfóstur J.J. Abrams, mannsins á bak við þáttaraðirnar geysivinsælu Lost og Alias og bíómyndir á borð við Mission Impossible 3. Abrams hefur sagt að Fringe sameini alla þá eiginleika sem prýtt geti fullkomna spennuþáttaröð; ógnarspennu, hrylling, óttann við hið óþekkta og skelfilegar afleiðingar sem hlotist geta af því þegar línan verður óljós milli vísindaskáldskapar og veruleika. Til frekari glöggvunar hefur Fringe verið lýst sem blöndu af Lost, X-Files og Twilight Zone. Söguhetjan er ungur sérfræðingur FBI, Olivia Dunham, sem fær erfiðasta verkefni sem yfirvöld standa frammi fyrir, stórfellt vísindasamsæri sem gæti orðið mannkyninu að bana ef ekki kemst upp um sökudólgana í tæka tíð. En málið er hið flóknasta því samsærið virðist teygja anga sína til allra efnuðustu og valdamestu manna heims.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Sjálfstætt fólk

Stöð 2 kl. 19.55

Jón Ársæll Þórðarson heldur mannlífsrannsóknum sínum áfram í þættinum Sjálfstætt fólk. Í þættinum í kvöld heimsækir hann Lýð Árnason lækni á Flateyri sem ræðir við Jón um heilbrigðismál, pólitík, heimildarmyndagerð og fleira.
Þátturinn Sjálfstætt fólk er sá farsælasti í sögu Eddu-verðlaunanna og hefur þrisvar sinnum hlotið þessi eftirsóttu verðlaun og alls sex sinnum verið tilnefndur.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
07.05 Morgunandakt
08.00 Morgunfréttir
08.05 Ársól
09.03 Lárétt eða lóðrétt
10.05 Veðurfregnir
10.15 Mitt nafn er Steinn Steinarr, skáld. Ég kvaðst á við fjandann
11.00 Guðsþjónusta í Seltjarnaneskirkju
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Ísland og Evrópusambandið
14.00 Útvarpsleikhúsið: Dauði trúðsins
15.00 Hvað er að heyra?
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Úr tónlistarlífinu
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Seiður og hélog
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Óskastundin
19.40 Öll þau klukknaköll
20.30 Bláar nótur í bland
21.10 Orð skulu standa
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Í söguferð um Brasilíu
23.00 Andrarímur
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

15.30 Hollyoaks (31:260)
15.55 Hollyoaks (32:260)
16.20 Hollyoaks (33:260)
16.45 Hollyoaks (34:260)
17.10 Hollyoaks (35:260)
18.00 Seinfeld
18.30 Seinfeld
19.00 Seinfeld
19.30 Seinfeld
20.00 The Dresden Files (9:13)
▶**20.45 Twenty Four 3** (20:24) CTU tekst að hafa uppi á Saunders í gegnum dóttur hans. Niðurstöður úr lyfjaprófinu vegna vírussýkingarinnar eru komnar og Michelle og systir Adams fá því að vita örlög sín.
21.30 Happy Hour (9:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfselskum og raunveruleikafirrtum glaumgosa, sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.
22.00 My Boys (4:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.
22.25 Næturvaktin (3:13)
22.50 Næturvaktin (4:13)
23.15 Seinfeld
23.40 Seinfeld
00.05 Seinfeld
00.35 Seinfeld
00.55 Magick (1:4)
01.20 Sjáðu
01.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

ÍNN

18.00 Hrafnaþing
19.00 Neytendavaktin
19.30 Óli á Hrauni
20.00 Mér finnst...
21.00 Borgarlíf
22.00 Hrafnaþing
23.00 Vangaveltur
23.30 Grasrótin
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **10.25** OBS **10.30** SPAM **10.55** Skum TV **11.10** Angora by night **11.35** Family Guy **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **12.45** Sommer **13.45** HåndboldSøndag **15.30** Bamses Billedbog **16.00** De store katte **16.30** TV Avisen med Sport **17.10** Hvor kragerne vender **18.00** Sommer **19.00** 21 Søndag **19.40** SportNyt **19.50** Kinas stjålne børn **20.45** Columbo **22.15** En skærsommernats drøm

NRK 1

10.00 Norge rundt **10.25** Ut i naturen. Magasin **10.50** Grønn arkitektur **11.50** Blomster av stål **13.45** Himmelblå **14.30** Kvitt eller dobbelt **15.30** Åpen himmel **16.00** Kometkameratene **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Himmelblå **18.50** Nils og Ronny på vannvogna - en reise i blåkorsland **19.20** Ocean's Eleven **21.10** Kveldsnytt **21.25** Oslo Horse Show **22.15** Rally-VM 2008. Rally Frankrike **23.05** Uka med Jon Stewart

SVT 1

10.00 Andra Avenyn **10.30** Livet i Fagervik **11.15** Debatt **12.00** Toppform **12.30** Tennis. Stockholm Open **15.00** Ridsport. Världscuphoppning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Saltön **17.15** Hemliga svenska rum **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Andra Avenyn **18.30** Sportspegeln **19.15** Ashes to ashes **20.10** Dina, mina och våra barn **20.40** Lev ännu längre **21.10** Byss **21.25** Brottskod. Försvunnen **22.10** Carin 21.30

STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

HVAÐ SEGIR MAMMA?



Nei, hann Helgi er svo sannarlega hvorki dóni né fífl. Hann er vissulega fylginn sér og hefur sterka réttlætiskennd og ég hugsa að það gæti hafa farið fyrir brjóstið á Geir H. Haarde. Hann Helgi er bara hinn besti drengur enda komst hann heim af ballinu með sætustu stelpunni.

Ingunn Karitas Indriðadóttir, mamma Helga Seljan, sem forsætisráðherra er sagður hafa kallað fífl og dóna.

HIN HLIÐIN ÓLAFUR HAUKUR SÍMONARSON RITHÖFUNDUR

Trúir á það góða í náunganum

Hvað er að frétta? Allt fínt, ég var að frumsýna Fólkið í blokkinni í Borgarleikhúsinu á föstudaginn.

Augnlitur: Gráblár.

Starf: Rithöfundur.

Fjölskylduhagir: Giftur, þrjú börn.

Hvaðan ertu? Reykvíkingur.

Ertu hjátrúarfullur? Nei.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Veðurfréttir.

Uppáhaldsmaturinn: Alls konar fiskmeti.

Fallegasti staðurinn: Hellnar/Arnarstapi á Snæfellsnesi.

iPod eða geislaspilari: Geislaspilari.

Hvað er skemmtilegast? Að drekka kaffibollann með Gullu á morgnana.

Hvað er leiðinlegast? Að opna gluggabréf.

Helsti veikleiki: Að trúa á það góða í náunganum.

Helsti kostur: Að trúa á það góða í náunganum.

Helsta afrek: Að lifa af íslenska hagstjórn.

Mestu vonbrigðin? Að Davíð Oddsson skyldi ekki verða forseti.

Hver er draumurinn? Að læra hundamál og skilja tilgang lífsins.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Guð í Gamla testamentinu.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Tómar rauðvínsflöskur.

Hvað er mikilvægast? Að borða.



ÞYNNKUGOS UPPSELT EN NÓG TIL AF NIÐURSOÐNU KJÖTI Bosana og Justina eru eigendur pólsku búðarinnar Jubo í Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ELLERT

Þynnkugosið uppselt í Keflavík

Í pólsku búðinni Jubo í Reykjanesbæ hefur drykkurinn Kacus verið mjög vinsæll að undanförnu. Kunnugir segja að þetta sé frábært þynnkumeðal. Nú er drykkurinn uppseldur og ekki væntanlegur aftur í bráð. „Við verðum að bíða og vona það besta með gengið," segir Justina, annar eigandi Jubo. „Eins og staðan er núna þyrftum við að selja það sem kostar eina evru á fimm hundruð kall og það finnst okkur bara vera glæpsamlegt og ekki fólki bjóðandi."

Justina segir að enn sé nóg til í búðinni, niðursoðið kjöt og alls konar drykkir eru meðal þess sem er vinsælast. En þynnkudrykkurinn Kacus er uppseldur. „Ég hef nú ekki reynt hann sjálf við þynnku en þetta er mjög góður drykkur," segir Justina. „Þetta er eins konar súrkálsgos, alveg mátulega sætt og slær vel á þorsta. Sumir hafa líka blandað áfengi í drykkinn og mér skilst að það sé gott líka. Drykkurinn verður vonandi aftur til sem fyrst. Við verðum bara að bíða og vona það besta." - drg

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FRÍÐUR HÓPUR

1. Braggabörnin sem ólust upp í Múlakampi og Herskálakampi á árunum 1953 til 1969 fjölmenntu í Múlakaffi síðastliðinn fimmtudag.

2. Ánægð með mætinguna Guðbjörg Benjamínsdóttir var ánægð með mætinguna í Múlakaffi og skemmti sér ásamt Guðmundi Sigurðssyni, gömlum leikbróður sínum.

3. Gamlar heimaslóðir Erna Jónsdóttir, Elías Sveinsson, Sigríður Pétursdóttir og Ingunn Óskarsdóttir skoðuðu kort af gömlum heimaslóðum sínum við Suðurlandsbraut.

4. Rifjuðu upp gamla tíma Hjalti Eggertsson, Magnús Eggertsson og Sævar Sigurðsson rifjuðu upp gamla tíma í góðra vina hópi.

GUÐBJÖRG BENJAMÍNSDÓTTIR: BRAGGABÖRN RIFJÐUÐU UPP GAMLA TÍMA Í MÚLAKAFFI

BRAGGABÖRN UPPLIFA KREPPU Á NÝ

„Þegar maður hittir þetta fólk er eins og maður sé komin 55 ár aftur í tímann. Það eru allir svo jákvæðir og með góðar minningar, þrátt fyrir að það hafi verið erfitt á þessum tíma," segir Guðbjörg Benjamínsdóttir sem stóð fyrir samkomu braggabarnanna, sem ólust upp í kömpunum við Suðurlandsbraut, í Múlakaffi síðastliðið fimmtudagskvöld.

„Við ákváðum að hittast í Múlakaffi því við lékum okkur á því landi sem það stendur á og munum vel eftir þegar byrjað var að byggja það. Það er merkilegt að við skulum akkúrat hafa hist núna þegar þjóðfélagið er svona bágborið, en flest okkar bjuggu í Múlakampi og Herskálakampi á árunum 1953 til 1969. Þar ríkti mikil samkennd, það hjálpuðust allir að og ef einn hafði minna á milli handanna gáfu aðrir af sínu svo enginn var svangur," útskýrir Guðbjörg sem starfar sem félagsliði í Reykjanesbæ.

„Það var ekki þessi stéttamunur innan bragganna eins og milli hverfa í dag og við sem ólumst þar upp bjuggum við sömu kjör. Ég er rosalega stolt af mínum uppruna og lít á það sem mitt ævistarf að miðla af minni reynslu af uppvaxtarárunum" segir Guðbjörg, en auk braggabarnanna mættu nemendur frá Kvikmyndaskóla Íslands á Múlakaffi til að taka upp heimildarmynd.

„Við erum búin að vera tvær vikur að vinna myndina um braggabörnin og ég er að klippa hana núna. Við tókum viðtöl við Guðbjörgu og vinkonur hennar og mættum svo í Múlakaffi á fimmtudaginn, en þetta er fyrsta heimildarmyndin sem við gerum." segir Kristín Bára Haraldsdóttir, nemandi í Kvikmyndaskólanum, um myndina sem hún vinnur í samstarfi við Sigurð Samúel Sigurðsson og Hrafn Árna Hrólfsson. „Það er svolítil kaldhæðni að það var kreppa á þeim tíma sem þau ólust upp og það er kreppa núna, svo við spurðum þau um muninn á þessum tímum. Þetta er mjög bjartsýnt fólk og við lærðum mjög mikið á þessu." segir Kristín.

Guðbjörg segist ekki finna mikið fyrir kreppunni í dag. „Ég finn ekki svo mikið fyrir kreppunni því ég þekki þetta, en ég finn til með kynslóðinni sem hefur ekki fundið fyrir þessu áður og hefur lifað um efni fram," segir Guðbjörg að lokum.

alma@frettabladid.is

Pianisti Sinatra með Geir Ólafs á stórtónleikum

„Ég er að undirbúa stórkonsert á Hótel Íslandi. Með „big-bandinu" og fríðu föruneyti frá Ameríku," segir söngvarinn Geir Ólafsson.

Tónleikar Geirs verða 10. janúar. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið en hugsjónamaðurinn Geir telur rétt að tilkynna um þá nú á þessum óvissutímum. „Menn sjá að Geir er að gera eitthvað og þá vonandi verður það til þess að menn, séu þeir í þunglyndi, segi: Fyrst Geir er að gera eitthvað hlýt ég að geta það líka. Tónleikarnir eru dýrir. Kostnaðaráætlun er í kringum tvær milljónir," segir Geir sem hefur gert sérlegan samning við Herrafataverslun Birgis um að vera klæddur í föt úr versluninni.

Og Geir er ekki að ýkja þegar hann nefnir frítt föruneyti frá Ameríku. Sérlegur gestur er sjálfur Don Randi sem meðal annars hefur spilað með Frank Sinatra, Nancy Sinatra og Dean Martin.

„Ef menn þekkja lagið „Everybody loves somebody sometimes" með Dean þá spilar Don þetta fræga píanóriff sem er svo einkennandi fyrir lagið. Don var með Dean í flestum sjónvarpsþáttum þarna úti. Er orðinn rétt rúmlega sjötugur en hann var tiltölulega ungur þegar hann spilaði með þeim. Don Randi á Big Potato í Los Angeles sem er ein frægasta djassbúlla í Bandaríkjunum," segir Geir og upplýsir að hann hafi verið að vinna að því með Önnu Mjöll Ólafsdóttur söngkonu að koma þessu heim og saman. Don Randi og Geir eru reyndar miklir félagar en Don Randi hefur verið að vinna að næstu plötu Geirs. „Við höfum gaman af því að leika okkur saman. Hvað er að frétta af Nancy? Ég er ekkert búinn að afskrifa að hún komi til Íslands, geri það ekki fyrr en í fulla hnefana. Og það hjálpar að Don er tónlistarstjóri hennar."

- jbg

GEIR ÓLAFSSON Tilkynnir um stórtónleika sína með góðum fyrirvara ekki síst til að blása baráttuanda í brjóst kollega sinna. **DON RANDI** Á leið til Íslands en þessi mikli meistari spilaði meðal annars með Sinatra og Dean Martin.

MÁLTÍÐ MÁNAÐARINS

Gallsa Borgari

frönskur & gos 995.-

AMERICAN STYLE

STOFA 53

BÍLDSHÖFÐI ★ SKIPHOLT ★ TRYGGVAGATA

★ HAFNARFJÖRÐUR ★ KÓPAVOGUR

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

Gesthús Dúna

Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin

Svefnpokapláss kr. 1.500 nóttin

BAKÞANKAR
Davíðs Þórs Jónssonar

Þegar G. Pétur stal fréttunum

Um daginn var ég skammaður fyrir að skrifa bara um einhver smámál en ekki um stórmálin sem eru efst á baugi: „Heimurinn er að farast og þú ert að rausa um tittlingaskít!“ En ég geri þetta af yfirlögðu ráði. Mér finnast smámálin nefnilega undantekningalítið mun áhugaverðari en stórmálin. Til dæmis hafði ég mjög gaman af fréttum hér áður fyrr þegar þar var sagt frá því helsta í heimsmálunum, smáu sem stóru. Þá mynduðu smáatburðir nauðsynlegt mótvægi við stóratburði. „Hafði“ segi ég því nú er þessu öðruvísi farið. Nú eru bara stórmál í boði. Um daginn var ekki einu sinni pláss fyrir íþróttafréttir í Sjónvarpinu fyrir stórfréttum úr heimi bókfærslu og viðskipta.

ÉG MAN að fyrir nokkrum árum byrjaði þáttur í sjónvarpi sem hét Viðskiptafréttir og gekk út á það að umsjónarmaðurinn, hinn geðþekki G. Pétur Matthíasson, ruddi upp úr sér tölfræði um gengi hlutabréfa og helstu gjaldmiðla. Ég man að ég gapti af undrun fyrst þegar ég sá þetta ævintýralega leiðinlega sjónvarpsefni. Ekki datt mér í hug að nokkur maður nennti að horfa á þetta, þeir sem þyrftu þessar upplýsingar fengju þær annars staðar, þeir sem ekki þyrftu þær skiptu um stöð. Ég spáði þessum þætti því ekki löngum lífdögum. Illu heilli reyndist ég ósannspár. Þættinum óx fiskur um hrygg frekar en hitt. Smám saman yfirtók hann aðalfréttatímann eins og hvimleið og skæð sýking. Nú er svo komið að allar fréttir eru viðskiptafréttir, ekki bara í sjónvarpi heldur líka í daglegum samskiptum fólks.

UM DAGINN lagði ég leið mína á gamla eftirlætispöbbinn minn til að spjalla við fyllibytturnar um síðustu atburði. Þetta var daginn eftir lokaumferð Íslandsmótsins í knattspyrnu, en um hvað haldið þið að hafi verið rætt þarna á barnum þennan sögulega mánudagseftirmiðdag? Dramatíkina í lokaumferðinni? Seiglu Hafnfirðinga og seinheppni Keflvíkinga? Nei, það var verið að ræða vísitölur og vogunarsjóði, vaxtabætur og verðtryggingarálag. Ef þetta er að vera dagdrykkjumaður í dag er ég feginn að geta notað tímann í annað.

ÉG TRÚI því hins vegar og treysti að þegar fram líða stundir muni sannir fréttafíklar eins og ég minnast ársins í ár með hryllingi. Árið 2008 verður annus horribilis í minningunni, árið þegar G. Pétur stal fréttunum.

GÓÐAN DAG!

Í dag er sunnudagurinn 12. október, 285. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	8.10	13.14	18.17
Akureyri	7.59	12.59	17.57

Heimild: Almanak Háskólans

Einа viðskiptavitið!

– Fyrir þá sem eru á leiðinni út

Hagstæðir fyrirtækjasamningar í boði. Tilvalið fyrir sveitarfélög, opinberar stofnanir og fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum.

- Betra verð
- Aðra leið
- Tíðar flugferðir
- Hægt að fljúga til eins áfangastaðar og heim frá öðrum
- Auðvelt að breyta bókunum
- Finnum hótel við hæfi
- Í boði að velja sæti
- Engin sunnudagaregla
- Engin hámarksdvöl
- Aðstoðum við bókanir á framhaldsflugi erlendra flugfélaga

Hafðu samband í síma **5 500 600** eða sendu okkur línu á **vidskiptaferdir@icelandexpress.is**

Iceland Express
með ánægju

Fíton/SÍA

www.icelandexpress.is